

LANDBÚNAÐUR OG ÞRÓUN DREIFBÝLIS

<u>I.</u>	<u>ALMENNT YFIRLIT</u>	<u>2</u>
<u>II.</u>	<u>MARKAÐSRÁÐSTAFANIR</u>	<u>42</u>
<u>III.</u>	<u>BEINGREIÐSLUR TIL BÆNDA</u>	<u>75</u>
<u>IV.</u>	<u>DREIFBÝLISSTEFNA</u>	<u>82</u>
<u>V.</u>	<u>STEFNA Í GÆÐASTÝRINGU</u>	<u>121</u>
<u>VI.</u>	<u>LÍFRÆNN BÚSKAPUR</u>	<u>122</u>
<u>VII.</u>	<u>HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS</u>	<u>125</u>

I. ALMENNT YFIRLIT

Útskýring varðandi lagatilvísanir og gengi gjaldmiðils

Íslensk lög, reglugerðir (og önnur lagafyrirmæli) og samningar eru birt í *Stjórnartíðindum*.¹ Heildarsafn gildandi laga má einnig nálgast á vefsíðu Alþingis.² Heildarsafn gildandi reglugerða má nálgast á vef ríkisstjórnarinnar.³ Fjárhæðir eru skráðar í íslenskum krónum. Meðalgengisskráning Seðlabanka Íslands 2. september 2009 var 1 evra = 180 íslenskar krónur. Rétt er þó að hafa í huga að gengi krónunnar hefur síðustu árin sveiflast frá því að vera undir 70 krónum fyrir hverja evru upp í 180 krónur samkvæmt opinberri gengisskráningu (sveiflan er enn meiri ef miðað er við banka innan Evrópusambandsins). Verðgildi í krónum kann því að gefa ónákvæma mynd, allt eftir tímasetningu viðskipta.

1. Vinsamlegast setjið fram, með vísbendingum um nýlega og væntanlega þróun, heildarlýsingu á:

- heildar og svæðisbundinni stefnu varðandi tekjur bújarða, framleiðslu og skipulag (sérstaklega stefnu varðandi þróun dreifbýlis)

- þau atriði fjárlaga sem eru eyrnamerkt framkvæmd um almenna landbúnaðarstefnu

- núverandi skipulagsfyrirkomulag á almennu og/eða svæðisbundnu stigi (t.d. Landbúnaðarráðuneyti, íhlutunar- og/eða greiðslustofnanir, ráðgjafastofur o.s.frv.) sem eiga þátt í stefnumörkun í landbúnaði, framkvæmd, eftirliti og stjórnun.

- Ber greiðslustofnun ábyrgð á stjórnun landbúnaðarstefnunnar? Ef svo er, vinsamlegast setjið fram upplýsingar um hvernig sú stofnun starfar. Ef svo er ekki, leggið fram upplýsingar um þá stofnun sem ber ábyrgð á stjórnun landbúnaðarstefnunnar (Landbúnaðarráðuneyti, svæðisskrifstofur, markaðsráð o.s.frv.). Í báðum tilvikum skulu upplýsingar settar fram um skipulag þeirra stofnana sem koma að málinu.

b) Við móttöku umsókna um aðstoð, hvert er ferli þeirra, hvernig er því stjórnað, þær heimilaðar og greiddar? Vinsamlega setjið upp flæðirit þar sem sýnd eru helstu ferli og framgangsleiðir með tilliti til stjórnunar og innra eftirlits (ef það er fyrir hendi) ásamt lýsingu á öllu kerfi sem notað er við stjórnun og eftirlit með stuðningsfyrirkomulagi.

- bændasamtök og hlutverk þeirra í stefnumörkun í landbúnaði og byggðaþróun, framkvæmd og eftirlit, svo og ráðgjafastörf fyrir bændur.

¹ www.stjornartidindi.is

² www.althingi.is

³ <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/forsida>


- ráðgjafabjónustu fyrir bændur og skráningu þeirra,
- aðferðir og tíðni við dreifingu upplýsinga til þeirra sem njóta þjónustunnar og til almennings (um umsóknir og önnur mál sem snúa að almennum landbúnaði og byggðaðþróun).

1. Inngangur

Landfræðileg staðsetning og jarðfræði Íslands eru takmarkandi þættir varðandi skilyrði til landbúnaðar. Landið liggur á milli 63.3° og 66.7° norðlægrar breiddar (Heimskautsbaugur) á Atlantshafshryggnum. Hafið umhverfis landið er ríkjandi þáttur í veðurfari og meðalhitastig í júlí er 10°C og um -1°C í janúar. Árleg úrkoma er breytileg, allt frá 400 mm til 3,000 mm. Vaxtartímabil er stutt, um það bil fjórir mánuðir.

Frá jarðfræðilegum sjónarhóli er eyjan ung og er svo til eingöngu mynduð af gosbergi, hraunum og seti, og virk eldfjöll eru enn mörg. Fyrir bragðið eru stór svæði á landinu berskjölduð fyrir vind- og vatnsrofi.

Mynd 1.1: Yfirborð Íslands



Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands 1998.

Ræktanlegt land nær allt að 200 m hæð yfir sjó (þ.e. land sem hægt er að rækta) og er alls um 15% af heildarflatarmáli landsins, að hluta til gróið og að hluta til gróðursnautt. 18% lands liggur á milli 200 og 400 metrum yfir sjó og 58% yfir 400 metra hæð.

Þessi skilyrði takmarka landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Vegna hins svala loftslags eru afar fá býli yfir 300 m yfir sjó og meira en 90% býla eru staðsett neðan við 200 metra. Á sumum svæðum

er land til ræktunar takmarkað og því möguleikar takmarkaðir til stækkunar býla og aukinnar framleiðslu.

Hefðbundinn landbúnaður byggist fyrst og fremst á grasi, bæði til beitar og forðasöfnunar í formi þurrheys og verkunar í vothey af ræktuðum túnnum. Í heild eru ræktuð tún um 120,000 hektarar. Sem stendur er kornrækt lítil og er þar nær eingöngu um að ræða byggærktun til notkunar í fóður á býlum. Þessi ræktun hefur hins vegar aukist hratt undanfarin ár og bygg er nú ræktað á rúmlega 4,000 hektörum sem gefa af sér 15,000-16,000 tonn og þar með 10-12% af allri kornvöru sem notuð er í skepnufóður.

Algengasta fyrirkomulag eignar á bújörðum á Íslandi er einkaeign eins og sýnt er í Töflu 1.1 og dæmigert fyrirkomulag búskapar eru fjölskyldubú.

Tafla 1.1: Eignarhald á bændabýlum árið 2008 (Fjöldi býla)*

Bændur og samstarfsaðilar	3,223
Í ríkiseign	239
Í eigu sveitarfélaga	114
Aðrir eigendur	714
Samtals	4,290

**) Landbúnaðarframleiðsla fer ekki fram á öllum bújörðum*

2. Landbúnaður og þjóðarbagur

Líkt og í öðrum vestrænum löndum hafa orðið víðtækar breytingar á íslensku samfélagi undanfarna áratugi með þeim afleiðingum að fólksflutningar hafa orðið úr dreifbýli til þéttbýlisstaða. Grundvöllur atvinnu hefur flust frá landbúnaði og fiskveiðum til iðnaðar og þjónustu. Sem stendur búa 6.5 % landsmanna í dreifbýli en minna en 3% af vinnuaflinu hefur atvinnu af landbúnaði sem framleiddi 1.4% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 2006 voru 3,045 býli á Íslandi, þ.e. framleiðslueiningar sem greiddu gjöld af landbúnaðarframleiðslu skv. umsóknum í samræmi við Lög nr. 84/1997 en gjöldin eru skylda fyrir öll bú þar sem tekjur af landbúnaði er meiri en 500,000 krónur á ári.

Tafla 1.2: Grunneiningar

Íbúafjöldi í dreifbýli 2009	6.5%
Fjöldi býla í rekstri 2006	3,045
Hlutfall mannafla í landbúnaði 2008	2.5%
Hlutfall landbúnaðar af þjóðarframleiðslu 2007	1.4%
Heildartekjur bújarða, þ.á.m. stuðningsgreiðslur 2008 (áætl.) (milljónir ísl. kr.)	27,588
Áætlað ígildi stuðnings við framleiðendur (PSE) 2008	51%

Þótt um sé að ræða lágt hlutfall af þjóðarheildinni er landbúnaður mikilvægur þáttur utan hins þéttbyggða suðvesturhluta landsins. Reyndar er landbúnaðurinn uppistaðan í lífsviðurværi og atvinnu í afskekktari dreifbýlissvæðum og sá grunnur sem ýmis konar þjónusta og nýsköpun hvíla á. Almennur og pólitískur vilji að baki núverandi stuðningi við landbúnað má fullyrða að byggist

að miklu leyti á tveimur póstum; annars vegar fæðuöryggi og hins vegar hinu mikilvæga hlutverki sem landbúnaður leikur í dreifbýlissamfélaginu.

A. Einstakir landbúnaðarþættir

Kvikfjárræktarafurðir mynda 87% af tekjum býla í landbúnaðarframleiðslu, það sem á vantar er komið frá garðyrkju og kartöfluræktun (tafla 1.3).

Tafla 1.3: Árleg velta í landbúnaðarframleiðslu

<i>Árleg velta í landbúnaðarframleiðslu</i>	<i>Almanaks- árið 2005</i>	<i>Almanaks- árið 2006</i>	<i>Almanaks- árið 2007⁴</i>	<i>Almanaks- árið 2008⁴</i>
1. Nautgripaafurðir (þ.á.m. sala lífdýra og beingreiðslur)	10,495,749	11,258,185	12,102,549	12,955,778
2. Sauðfjár- og geitaafurðir (þ.á.m. sala lífdýra og beingreiðslur)	4,921,460	5,295,831	5,693,019	6,094,376
3. Hrossaafurðir (þ.á.m. sala lífdýra)	625,189	776,923	831,696	890,330
4. Svínaafurðir (þ.á.m. sala lífdýra)	1,159,822	1,420,673	1,520,830	1,628,049
5. Alifuglaafurðir (þ.á.m. sala lifandi fugla; egg ekki talin með)	995,341	1,248,294	1,336,299	1,430,508
6. Egg	650,013	444,703	476,055	509,617
7. Kartöflur	349,392	643,528	688,897	737,464
8. Gulrófur	45,287	60,629	64,903	69,478
9. Annað grænmeti og blóm	2,096,685	1,962,820	2,101,199	2,249,333
10. Minka- og refafeldir (þ.á.m. sala lífdýra)	296,426	506,015	541,689	579,878
11. Æðardúnn	172,492	174,632	186,944	200,123
12. Skógarafurðir (þ.á.m. sala skógarplantna)	119,681	42,624	45,629	48,846
13. Sala á heyi og ýmsum öðrum landbúnarafurðum	144,872	169,321	181,258	194,037
Samtals	22,072,408	24,004,177	25,770,964	27,587,817

Landbúnaðarafurðir beint frá býli árin 2005 and 2006 ásamt áætlun fyrir árin 2007 and 2008; í þúsundum króna (beingreiðslur innifaldar).

Heimild: (1) Fjársýsla ríkisins (fyrir árin 2005 and 2006); (2) Hagþjónusta bænda (áætlun fyrir árin 2007 og 2008).

Landbúnaðarframleiðsla á Íslandi hefur í gegnum tíðina byggst á sauðfé og nautgripum auk hrossa sem vinnu- og samgöngutækja. Þetta hefur breyst mikið á undanförunum áratugum en mjólkurframleiðsla og sauðfjárbúskapur eru enn ríkjandi, bæði hvað varðar vinnuafll og

⁴ Áætlun fyrir árið 2007 og 2008.

framleiðslu auk þess að styðja byggð í dreifbýli. Í dag hafa 738 mjólkurbú og 1.955 sauðfjárbú rétt til fjárhagslegs stuðnings (sjá síðar). Dæmigerður kúabóndi heldur 30-40 kýr og sauðfjárbóndi 300-600 fjár. Breytileiki hvað þetta varðar er þó töluverður og þróunin er í átt að stærri búum.

Undanfarinn áratug hafa neyslumynstur breyst töluvert þannig að neysla svína- og hæsnakjöts hefur aukist á kostnað kindakjöts. Fyrir bragðið hafa svínakjöt og hæsnakjöt náð stærri markaðshlutdeild og þróað aukna framleiðslugetu. Jafnframt hefur fjöldi sauðfjárbænda minnkað.

Garðyrkja byggist annars vegar á tegundum sem geta vaxið utan dýra þrátt fyrir stutt og köld sumur og hins vegar á framleiðslu í gróðurhúsum þar sem nýttur er jarðhiti og í auknum mæli raflýsing. Utan dýra er uppskera fyrst og fremst kartöflur, rófur, hvítkál, blómkál og gulrætur en í gróðurhúsum eru aðaltegundir tómatar, agúrkur, paprika, skógarplöntur og blóm þótt fjöldi annara tegunda sé ræktaður í minni mæli.

B. Fjölbreytni

Jafnhliða samdrætti í hefðbundnum landbúnaði hafa allmargar tilraunir verið og eru gerðar til að auka fjölbreytni í búskap til að tryggja atvinnu og lífsviðurværi í sveitum. Þar á meðal er loðdýrarækt en þótt árangur hafi verið misjafn, er hún nú stunduð á 21 býli.

Þróunarstarf hefur verið framkvæmt varðandi eldi á innlendum silungastofni, bleikju. Þar er um að ræða möguleika á framleiðslu í stórum einingum jafnt og í minna mæli á fjölskyldubúum án þess að kalla á dýrar fjárfestingar.

Ferðaþjónusta á bændabýlum hefur aukist mikið á undanförunum árum og því er spáð að sú aukning haldi áfram í framtíðinni. Helsti ágallinn er sá stutti tími sem ferðamenn sækja Ísland heim, en þessi starfsemi hefur engu að síður verið tekjuuppþót á mörgum býlum og á töluverðum fjölda býla um allt land er ferðaþjónusta aðaltekjulindin.

Fimm landshlutabundin verkefni vinna að ræktun nýrra skóga og veita nokkur hundruð bændum aukatekjur sem byggjast á stuðningi ríkisins.

Nýting hlunninda svo sem fiskveiðar í ám og vötnum og söfnun æðardúns og rekaviðar hefur alltaf verið hluti af lífi á íslenskum bújörðum þar sem þessi hlunnindi eru fyrir hendi. Ýmis þróunarverkefni hafa ýtt undir þessa nýtingu sem fellur vel að ferðaþjónustu, einkum lax- og silungsveiðum.

3. Kjarni landbúnaðarstefnunnar

Landbúnaðarstefna á Íslandi er byggð á tveim grundvallar lagabálkum

Stefna varðandi framleiðslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða er sett fram í Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru nr. 99/1993. Í lögum þessum eru sett fram opinber markmið í landbúnaðarstefnu Íslands og rammi fyrir landbúnaðinn og reglugerðir um hann. Með lagasetningunni eru sett fram atriði sem eru sambærileg við Stoð I í sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

Í annan stað eru stefnumið um skilyrði fyrir stuðningi við byggingar á býlum, kynbætur kvikfjár og aukinnar (ráðgjafa)þjónustu sett fram í Búnaðarlögum nr. 70/1998. Auk þess ber að nefna eftirfarandi lög: Lög um skógrækt nr. 3/1955, Lög um landshlutarverkefni í skógrækt nr. 95/2006 og Lög um landgræðslu nr. 17/1995. Þau verkefni sem þessi lagasetning snýst um eru sambærileg við Stoð II í sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins.

A. Framleiðsla og markaðssetning landbúnaðarafurða

Megintilgangur Laga nr. 99/1993 er:

- a) Að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í framleiðslu, vinnslu og sölu búvöru til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur
- b) Að tryggja að magn framleiðslu af búvöru sé í eins miklu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tök eru á og að tryggja að ávallt sé nægt framboð af búvöru
- c) Að nýttir verði möguleikar á sölu á búvöru erlendis eftir því sem hagkvæmt sé talið
- d) Að tryggja að tekjur bænda séu sambærilegar við kjör annarra stétta
- e) Að innlend aðföng verði nýtt sem mögulegt er með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu
- f) Að stuðla að jöfnuði milli framleiðenda í öllum búgreinum hvað varðar afurðaverð og markað

Til að tilgangur laganna um landbúnaðarstefnuna komist til framkvæmdar ber ríkisstjórninni, í samræmi við 30. og 58. grein Laga nr. 99/1993, að semja við Bændasamtök Íslands um almennan ramma varðandi stuðning og framleiðslustýringu sauðfjár- og mjólkurframleiðslu og garðyrkju. Eins og er eru þrír samningar í gildi:

- Samningur um garðyrkju frá 2002, rennur út 2013
- Samningur um mjólkurframleiðslu frá 2004, rennur út 2014
- Samningur um sauðfjárframleiðslu frá 2007, rennur út 2015

Allir þessir samningar voru endurskoðaðir árið 2009 og gildistími þeirra þá framlengdur.

Samningunum hér að ofan er ætlað að sjá framleiðendum í sérhvert sinn fyrir því að umhverfið sem þeir starfa í sé stöðugt og fyrirsjáanlegt.

Markmið stefnunnar fyrir hvern flokk fyrir sig sem samið hefur verið við eru sett fram í samningunum og Lögum nr.99/1993.

Markmiðin með samningnum frá 2007 varðandi sauðfjárframleiðslu eru:

- Að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda.
- Að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli.
- Að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra landnýtingu.
- Að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar. Að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt.

Markmiðin með samningnum frá 2004 varðandi mjólkurframleiðslu eru:

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.
- Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
- Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni.
- Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að endurnýja framleiðsluáðstöðu með eðlilegum hætti.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

Varðandi samning um garðyrkju frá 2002 eru markmiðin:

- Að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garðyrkjuafurðum.
- Að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu.
- Að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda
- Að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu, þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

Leggja verður áherslu á að garðyrkjusamningurinn var gerður í tengslum við ákvörðun um að afnema tolla af nokkrum vörum og því er mikil áhersla lögð á lægra verð viðkomandi afurða til neytenda.

Stuðningurinn og stjórnkerfið eru ólík í greinunum þremur. Hins vegar er í öllum samningunum ákveðnar heildarupphæðir í íslenskum krónum sem sérhver grein fær í beingreiðslur á hverju ári og sú upphæð er óháð fjölda framleiðenda, heildarframleiðslu og öllum framleiðsluþáttum.

Hvað varðar mjólkur- og sauðfjárfframleiðslu eru beingreiðslur veittar einstökum framleiðendum á grundvelli réttar til stuðnings. Sá réttur var upphaflega byggður á sögulegu framleiðslumagni en rétturinn er seljanlegur milli bænda.

Mjólkurframleiðslan er eina landbúnaðargreinin þar sem framleiðslu er stjórnað og verð á innanlandsmarkaði er að hluta stjórnað. Réttur til stuðnings er skilgreindur í fjölda lítra á ári (nú 116 milljón lítrar) og er jafnframt framleiðslukvóti sem deilt er á milli framleiðenda í hlutfalli við rétt þeirra og ákvarðar því bæði rétt þeirra til framleiðslu og stuðningsgreiðslna. Framleiðendum er tryggt lágmarksverð fyrir alla þá mjólk sem lögð er inn innan kvótans, en verðið er ákvarðað af nefnd á vegum ríkisins. Sama nefnd ákveður heildsöluverð valinna mjólkurvara.

Í sauðfjárrækt er ekkert eftirlit með framleiðslunni. Heildarniðurgreiðslur eru skilgreindar í „ærgildum“, en samkvæmt núgildandi samningi eru þau nú 368,000. Á sama hátt eru einstakir kvótar til stuðnings skilgreindir í ærgildum. Um það bil tveir þriðju beingreiðslna eru greiddir samkvæmt rétti einstakra framleiðenda án tillits til framleiðslu; skilyrði þess að fá greiddan fullan stuðning er hins vegar að aldar séu 60 vetrarfóðraðar kindur á hver 100 ærgildi. Sá þriðjungur sem eftir stendur er greiddur á grundvelli framleiðslu á dilkakjöti. Til að þessi síðasti hluti stuðnings sé greiddur þarf viðkomandi framleiðandi að taka þátt í víðtæku gæðaeftirlitskerfi sem meðal annars tekur tillit til dýraverndarsjónarmiðum, rekjanleika og gæða afurða og sjálfbærrar landnýtingar. Engin stýring er á verðlagi; á hinn bóginn er Landssamtökum sauðfjárbænda leyft að gefa út viðmiðunarverð samkvæmt Lögum nr. 99/1993. Þrátt fyrir það ákveða afurðastöðvar, þ.e. sláturhús/sláturleyfishafar, verð til bænda.

Beingreiðslur í garðyrkjugeiranum eru veittar framleiðendum tómata, agúrkna og papriku í samræmi við framleiðsluhlut. Engin mörk eru á afurðamagni í garðyrkju. Hins vegar er upphæðin til beingreiðslna fastsett og greiðslur til einstakra framleiðenda eru því breytilegar eftir magni afurða. Verðlag er frjálst.

Ríkið hefur ekki afskipti af öðrum hlutum landbúnaðarframleiðslu og til þeirra eru engar beingreiðslur. Eina undantekningin eru smávægilegar greiðslur á hvern grip til nokkurra bænda fyrir mjólkandi kýr í holdanautarækt. Loks má benda á að grundvöllur aðgerða varðandi kjöt- og mjólkurframleiðslu og í minna mæli varðandi garðyrkju og blómaframleiðslu er markaðsstuðningur með innflutningstollum.

B. Þróunaraðstoð – tæknileg þjónusta

Í Búnaðarlögum nr. 70/1998 eru sett fram meginatriði í stuðningi ríkisins varðandi búháttabreytingar á lögbýlum, tæknilega þróun, kynbætur búfjár og ráðgjafarþjónustu.

Meginmarkmið laganna er að stuðla að framþróun í búvöruframleiðslu, þróa nýja framleiðsluhætti og nýjar greinar innan landbúnaðargeirans til að skapa íslenskum bændum sambærileg starfsskilyrði og gerist í nágrannalöndunum.

Samkvæmt Búnaðarlögum nr. 70/1998 skal landbúnaðarráðherra gera samning við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um framlög til eftirfarandi þjónustu:

- Framleiðnisjóð landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar á bændabýlum og vegna ýmissa þróunarverkefna með það að markmiði að auka framleiðni og samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar

- Tæknilega framþróun og bætta ræktun lands á bújörðum. Auk almennra markmiða á þessi stuðningur að taka tillit til sjálfbærrar landnýtingar, verndunar vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni og ýta undir umhverfisvænni og lífrænna starfshátta í landbúnaði
- Kynbætur búfjár. Yfirlýst markmið eru að tryggja framþróun í kynbótum íslensks búfjár og afurða af þeim og taka jafnframt tillit til skuldbindinga okkar um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni
- Varðandi leiðbeiningar- og ráðgjafastarfsemi eru markmiðin að afla og miðla upplýsingum og bestu fánlegri þekkingu og reynslu til bænda í öllum búgreinum

Núgildandi samningur nær til tímabilsins frá 2005 til 2010. Bændasamtökin bera ábyrgð á framkvæmd samningsins en Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fjármagnar áætlanir samningsins með mánaðarlegum greiðslum til Bændasamtakanna.

4. Liðir fjárlaga sem eru eyrnamerkir og notaðir innan landbúnaðarstefnunnar

Heildarupphæð stuðnings við landbúnað Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis á fjárlagaárinu 2008 var 13.958 milljónir.⁵

5. Væntanleg framtíðarþróun


Núverandi landbúnaðarstefna er aðallega sett fram í Lögum nr. 99/1993, nr. 70/1998 og gildandi samningum milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands sem gilda til 2013-2015. Ekki eru til aðrar áætlanir um stefnuna en að halda áfram vinnu í samræmi við fyrrnefnd markmið. Starfandi ríkisstjórn leggur mikla áherslu á matvælaöryggi, t.d. að auka hlutfall innlendra landbúnaðarafurða. Á sömu nótum er mikil áhersla lögð á sjálfbærni. Ennfremur má reikna með að ný tækifæri komi upp varðandi matvælaöryggi og sjálfbærni dreifbýlis þegar hafðir er í huga möguleikar í framleiðslu (t.d. kornrækt og markaðssetning beint frá býli) sem kunna að fylgja framþróun í tækni við framleiðslu, búvísindum, ræktun og tæknilegri þróun.

6. Stjórnunarfyrrkomulag fyrir íslenskan landbúnað

Samkvæmt reglugerð nr. 177/2007 um dreifingu ábyrgðar innan Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis ber ráðuneytið m.a. ábyrgð á landbúnaðarstefnunni. Auk ráðuneytisins sjálfs fjallar ríkisstofnunin Matvælastofnun Íslands – MAST - um framkvæmd landbúnaðarstefnunnar. Þrjár fastanefndir eru starfandi; Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sem starfar sjálfstætt; Framkvæmdanefnd um framkvæmd landbúnaðarsamninga; og ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða. Ákveðnir þættir stjórnunar eru í höndum Bændasamtaka Íslands í umboði og undir eftirliti og landbúnaðarráðuneytis og Matvælastofnunnar í samræmi við sérstakt samkomulag eða samkvæmt lögum.

Mynd 1.2: Skipurit Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

⁵ Heimild: Ríkisreikningur fyrir árið 2008



Gerendur varðandi landbúnaðarstefnu og verkefni þeirra:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

- Almenn ábyrgð landbúnaðarstefnu og framkvæmd hennar
- Stefnumótun og undirbúningur og framkvæmd lagasetningar um landbúnaðarmál
- Að fela lægri þrepum ríkisstofnanna verkefni
- Að semja um ramma um stuðning til bænda við Bændasamtökin
- Stjórnun inn- og útflutnings
- Þátttaka í samningum um markaðsaukningu landbúnaðarafurða í samningum um fríverslun, í samráði við utanríkisráðuneytið
- Stjórnun á leigulandi í eign ríkisins
- Endanlegt stjórnvald varðandi kvartanir (t.d. má vísa ákvörðunum um einstaklingsbundna framleiðslukvóta til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra)

Um 40 manns vinna hjá ráðuneytinu, þar af vinnur um tugur að hluta eða í heild eingöngu við stjórnun á landbúnaðarstefnunni.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga

- Í henni sitja fulltrúar ríkisins og Bændasamtaka Íslands
- Ráðgjöf og mat á framkvæmd samninganna
- Gerir árlega tillögur til ráðherra um heildar framleiðslukvóta í mjólkurframleiðslu
- Skoðar kerfisbundin málefni sem kunna að koma upp til að auðvelda að samningar virki hnökralaust

Verðlagsnefnd búvara

- Mat á framleiðslukostnaði í mjólkur- og sauðfjárbúskap
- Ákveður lágmarksverð mjólkur til mjólkurframleiðenda
- Ákveður heildsöluverð ákveðinna mjólkurvara

- Eftirlit með notkun á verðtilfærslugjaldi

Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara

- Nefndin skal vera ráðherra til ráðgjafar varðandi reglur um úthlutun innflutningskvóta, um álagningu verðjöfnunargjalds við innflutning og verðjöfnun við útflutning og ákvörðun um sérstaka vernd í samræmi við alþjóðlega viðskiptasamninga
- Að auglýsa viðkomandi innflutningskvóta á landbúnaðarvörum í samræmi við reglugerðir og veita innflutningsleyfi

Matvælastofnun Íslands

- Ríkisstofnun sem sér um eftirlit og heyrir undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Ber á ábyrgð á að halda skrá yfir þá sem hljóta stuðningsgreiðslur og þá sem hafa framleiðslukvóta
- Staðfestir og skráir allar tilfærslur á rétti til stuðnings og framleiðslukvóta á milli framleiðenda
- Hefur ábyrgð á skráningu búfjár
- Hefur eftirlit með að staðið sé við skilyrði til að fá greiðslur fyrir þátttöku í gæðastýringarkerfi varðandi framleiðslu á sauðfjárafurðum
- Eftirliti með búfjarsjúkdómum og fyrirbyggjandi aðgerðum

Matvælastofnun hefur fyrst og fremst hlutverki að gegna varðandi dýralækningar, heilbrigði jurta og öryggi matvæla. Hjá stofnunni vinna samtals 80 manns og aðeins fjórir eru að hluta starfandi við þá stjórnun sem hér er til umræðu. Matvælastofnun felur Bændasamtökum Íslands ákveðin verkefni.

Ekki er fyrir hendi nein miðlæg stofnun sem hefur ábyrgð á úthlutun greiðslna til bænda; undanfarin ár hafa Bændasamtökin hins vegar séð um þær greiðslur fyrir hönd Sjávar- og landbúnaðarráðuneytisins, meðal annars á grundvelli gagna frá Matvælastofnun. Reikningshald og öll viðskipti sem Bændasamtökin sjá um fyrir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar. Ennfremur eru sumar greiðslur færðar beint til Framleiðnisjóðs í samræmi við ákvæði í viðeigandi samningum milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna. Framleiðnisjóður veitir fjármunum áfram eftir eigin leiðum í stjórnun.

Eftirfarandi stofnanir sjá um greiðslur til bænda, um greiðslur á grundvelli fjölda skepna og að skilyrði fyrir styrkjum séu uppfyllt.

1) Beingreiðslur til garðyrkjubænda

Ákvarðanir um þessar greiðslur ráðast af einstaklingsbundnum stuðningsrétti sem háður er ákveðnum skilyrðum. Bændur þurfa ekki að sækja um þessar greiðslur árlega. Greiðslurnar eru gerðar samkvæmt skrá yfir þá sem eiga rétt til stuðnings, og skráa um búfjárfjölda, upplýsingum frá viðkomandi mjólkurstöðvum eða sláturhúsum eftir því sem við á og staðfestingu Matvælastofnunnar á að greiðsluþegi fullnægi öðrum kröfum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið millifærir heildargreiðslur mánaðarlega í samræmi við skrár yfir þá sem rétt eiga á greiðslum til Bændasamtaka Íslands sem sér um greiðslur til einstakra rétthafa fyrir hönd ráðuneytisins.

2) Beingreiðslur til garðyrkjubænda

Þessar greiðslur eru einskorðaðar við framleiðendur tómata, agúrkna og papriku. Í byrjun hvers árs leggja viðkomandi bændur fram framleiðsluáætlun til Bændasamtakanna, en nýir framleiðendur þurfa að sækja sérstaklega um beingreiðslur. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir áætlun um heildarframleiðslu sem kemur til greina við stuðning, á grundvelli upplýsinga frá Bændasamtökunum, og ákvarðar upphafsgreiðslu sem er 80% af áætlaðri heildargreiðslu. Þessar upphæðir eru endurskoðaðar fyrir 1. október hvert ár í samræmi við þróun framleiðslu og skýrslu um tekjur hvers framleiðanda með staðfestingu löggilts endurskoðanda. Lokagreiðsla er gerð fyrir 1. mars næsta ár. Aðferð og staðfesting á greiðslum er sú sama og áður er getið.

3) Þróunarstyrkir til bænda í samræmi við Búnaðarlagasamning, skv. Lögum nr. 70/1998.

Sem stendur eru þau svið sem koma til greina að njóti stuðnings vegna aðlögunar að lífrænni framleiðslu: fjárfestingar vegna umhverfis og þróunar í garðyrkju; kornrækt (bygg); beitarstýring til að býli fylgi reglum; bætt aðstaða til dýraverndar og betri vinnuaðstaða á bændabýlum; viðhald framræslukerfa; og til að auka kalkinnihald túna.

Bændur sækja um þessa styrki til Bændasamtaka Íslands fyrir ákveðinn tíma á hverju ári og innan tímatakmarkana fá þeir svör um hvort umsóknir hafi verið samþykktar og ef svo er hver lágmarksupphæð styrkja er, en hún fer eftir hvað sótt er um og hver fjöldi umsókna er hvert sinn. Styrkirnir eru greiddir út í desember ár hvert að því gefnu að umsækjendur hafi lokið verkinu og það hafi verið staðfest af héraðsráðunaut. Bændasamtökin bera ábyrgð á stjórnun á þessu kerfi og skoðun er framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

4) Landshlutabundin skógræktarverkefni

Meirihluti þeirra sem þetta verkefni nýtist eru bændur. Eina skilyrðið fyrir þátttöku í verkefninu er að landið sem ætlað er til skógræktar sé á lögbýli. Þátttakendur skrifa undir 40 ára samning um skógrækt á landi sínu. Í lok tímabilsins verður skógurinn alfarið eign þeirra en skal vera undir eftirliti viðkomandi landshlutaverkefnis (skv. Lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006).

5) Hekluskögaverkefnið

Þetta verkefni er byggt á samningi milli Umhverfisráðuneytis annars vegar og Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins hins vegar. Verkefnið nýtist landeigendum og umsjónarmönnum lands innan ákveðinna landfræðilegra marka. Styrkir eru ekki greiddir í peningum heldur sem aðstoð í formi ókeypis skógarplantna, grasfræs, áburðar og hluta sáningar og plöntunnar. Stjórn verkefnisins er undir eftirliti Umhverfisráðuneytisins.

6) Bændur græða landið

Landgræðsla ríkisins rekur þetta verkefni og felur það í sér aðstoð stofnunarinnar við bændur sem reyna að græða upp gróðursnautt land innan landamerkja bújarðarinnar. Aðstoðin felst bæði

í tæknilegri ráðgjöf og eftirliti, og fjárhagsleg þar eð Landgræðslan greiðir að hluta til fyrir bæði áburð og fræ sem notað er. Sem stendur eru þátttakendur 650 bændur.

7. Bændasamtök Íslands og önnur samtök bænda


Bændasamtök Íslands eru regnhlífarsamtök og innan þeirra fulltrúar allra íslenskra bænda. Bændur ráða sjálfir hvort þeir taka þátt og geta það bæði í gegnum þrettán svæðisbundin búnaðarfélög, í gegnum búgreinafélög eða hvort tveggja.

Búgreinafélögin eru fulltrúar eftirtalinna búgreina:

Kúabænda
Sauðfjárbænda
Garðyrkjubænda
Eggjaframleiðenda
Kjúklingabænda
Svínaræktenda
Hrossabænda
Loðdýrabænda
Ferðaþjónustubænda
Skógareigenda
Vistforeldra í sveitum
Æðarræktenda

Skipurit um fyrirkomulag Bændasamtaka Íslands er í mynd 1.3.

Mynd 1.3: Bændasamtök Íslands



Þótt þátttaka í samtökunum sé ekki skylda eru allir framleiðendur búvara skyldugir skv. lögum nr. 84/1997 að greiða búnaðargjald sem nú er 1.2% af brúttó tekjum skv. ákvæðum laganna. Gjaldinu er skv. lögnum deilt á milli Bændasamtakanna, búnaðarfélaga á einstökum svæðum, búgreinasambanda og Bjargráðasjóðs.

Bændasamtök Íslands starfar að fjölda málefna fyrir bændur og yfirvöld. Verkefni eru sett fram í lögum samtakanna og er ætlað að sjá um og vinna að hagsmunum bændasamfélagsins og sameina bændur um sameiginleg hagsmunamál um eftirfarandi:

- Stefnumótun fyrir bændur og landbúnaðargeirann í heild sinni
- Berjast fyrir og verja hagsmuni bænda gagnvart ríkisvaldinu og öðrum hlutum samfélagsins
- Vinna að endurnýjun og betrubótum á lagasetningu til hagsbóta fyrir bændur
- Fylgjast náið með þróun tekna bænda og almennu rekstrarumhverfi landbúnaðargeirans og tryggja eftir því sem hægt er að tekjur í greininni jafnist á við það sem gerist í öðrum atvinnugreinum
- Semja við yfirvöld um framleiðslustýringu, verðlag landbúnaðarafurða og tekjur í greininni
- Vera fulltrúi bænda gagnvart systurfélögum í öðrum löndum

Samkvæmt lögum samtakanna er opinbert hlutverk þeirra varðandi útbreiðslu og þróunarvinnu:

- Að ýta undir framþróun í landbúnaði með því að ráða landsráðunauta sem gegna lykilhlutverki í sérhverri búgrein í samræmi við Lög nr. 70/1998. Svæðisbundin búnaðarsambönd skulu einnig ráða ráðunauta fyrir sitt svæði í sama tilgangi
- Inna af hendi önnur ætlunarverk sem alþingi eða ríkistjórnin fela samtökunum
- Hafa yfirumsjón og forystu í kynbótum búfjár um allt land
- Berjast fyrir og vinna að hagnýtum rannsóknnum og tilraunum á öllum sviðum landbúnaðar

Nú sem stendur vinna um 55 manns í fullu starfi hjá samtökunum. Þar af vinna 30-35 að ráðgjöf og þróunarverkefnum, kynbótum og skráningu, eða tölvuþjónustu og þróun hugbúnaðar, en 3-4 sjá um stjórnunarstörf sem snúa að framleiðslustýringu og beingreiðslum sem lýst er að ofan.

Svæðisbundin búnaðarsambönd reka sex ráðgjafarmiðstöðvar og við þær vinna milli 50 og 60 manns. Á milli þessara miðstöðva og Bændasamtaka Íslands er nán samvinna. Í heild sinni leggur ráðgjafarþjónustan mikla áherslu á rekstrarstjórnun býla og bókhald, ræktun lands, kynbætur búfjár, fóðrun og stjórnun og auk þess á fjölbreytni og nýjungar.

8.Skráning í landbúnaði

Fyrir hendi eru sex aðalskrár yfir bændur og/eða þá sem halda búfé:

1) Skrá yfir þá sem greiða búnaðargjald. Bændasamtökin fá skrána frá Ríkisskattstjóra. Í skránni eru nöfn og kennitölur allra greiðenda, nafn bújarðar og sveitarfélags, og upplýsingar um búgrein sem greiðslan tengist. Bændasamtökin mega aðeins nota skrána til að sinna löglegu hlutverki sínu og þjónustu sinni við bændur. Öðrum er ekki leyfður aðgangur að skránni.

2) Skrá yfir þá sem halda búfé. Matvælastofnun Íslands ber ábyrgð á skránni sem er í varðveislu Bændasamtakanna. Skráin er endurskoðuð árlega í samræmi við skrásetningu sem lokið er við af öllum sem hafa ábyrgð á búfénaði ásamt staðfestingu eftirlitsmanna um dýravernd á vegum sveitarstjórna. Notkun upplýsinga úr þessum skráum er bundin við Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Matvælastofnun og aðrar ríkisstofnanir með leyfi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

3) Skrá um rétthafa að greiðslumarki sauðfjárbænda. Skrá um þá sauðfjárbændur sem rétt eiga á beingreiðslum er varðveitt af Bændasamtökunum samkvæmt tilskipum Matvælastofnunnar. Háð árlegri endurskoðun.

4) Skrá um rétthafa að greiðslumarki mjólkurframleiðenda. Skrá yfir framleiðslukvóta og beingreiðslur til mjólkurframleiðenda er varðveitt af Bændasamtökunum með heimild frá Matvælastofnun. Háð árlegri endurskoðun.

5) Skrá yfir þá sem þiggja beingreiðslur í garðyrkju. Skráin er varðveitt af Bændasamtökunum og endurskoðuð árlega.

6) Lögbýlaskrá, er skrá yfir öll lögleg býli á landinu og ábúendur þeirra. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ber ábyrgð á skránni.

9. Upplýsingamiðlun til þeirra sem njóta stuðnings og einnig til almennings

Fjárlög og ríkisreikningar eru öllum opnir og í þeim er að finna upplýsingar um opinber fjárframlög til landbúnaðar. Þó nokkrar skýrslur hafa verið gefnar út að frumkvæði Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um stefnu varðandi einstaka búgreinar eða sérstök atriði stefnunnar þegar tilefni hefur þótt til. Þessar skýrslur eru öllum opnar.

Stjórn Bændasamtaka Íslands leggur fram skýrslu á árlegu Búnaðarþingi um starfsemi samtakanna og framkvæmd stuðningssamninga milli ríkisins og Bændasamtakanna. Bændasamtökin gefa auk þess annað hvort ár út bækling um tölfræði landbúnaðar. Hagþjónusta landbúnaðarins gefur út rit um afkomu landbúnaðarins og bókhald býla.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína og úthlutun fjármuna sinna. Margar aðrar opinberar stofnanir, þar á meðal Matvælastofnun Íslands, gefa út ársskýrslur þar sem starfsemi þeirra er lýst og framkvæmd stefnumiða á því ári sem lýst er.

- 2. Vinsamlega leggið fram almennar upplýsingar um viðskiptastefnu og fyrirkomulag sem notuð eru á Íslandi í sambandi við landbúnaðarafurðir, þar á meðal tvíhliða og fjölhliða samninga, skipulag inn- og útflutnings, tollkvóta, leyfisfyrirkomulag, öryggisákvæði og fleira, og jafnframt það rekstrarfyrirkomulag sem er í notkun; vinsamlega takið einnig fram hvort sameinuð tollnafnaskrá Evrópusambandsins er notuð. Fyrirkomulagi fyrir einstakar afurðir á að lýsa í hluta II.).**

Landbúnaður á Íslandi er rekinn við erfið landfræðileg og veðurfarsleg skilyrði og framleiðsla er takmörkunum háð, bæði hvað varðar tegundir og gæði. Framleiðslukostnaður er hár og markaðurinn smár í samanburði við flesta aðra. Það er því erfið að koma í framkvæmd almennum atriðum landbúnaðarstefnu, þar á meðal að jafna stöðu á neyslumarkaði og að verðlagning og matvælaöryggi sé ásættanlegt. Starfsemi landbúnaðargeirans verður því afar erfið án verndunar fyrir erlendri samkeppni með notkun hárra tolla, stuðningi við innanlandsframleiðslu og takmörkuðu aðgengi að markaðnum með háum tollkvótum.

Ísland er ekki útflutningsland hvað varðar landbúnaðarvörur. Það er sjálfu sér nægt varðandi mjólkurvörur þótt nokkrir ostar séu fluttir inn til að auka fjölbreytni; það framleiðir yfir 90% af þörfinni fyrir kjötvörur. Einnhver umframframleiðsla í þessum geirum er flutt út. Hvað varðar aðrar landbúnaðarvörur þá er sjálfsþurftir mestar hvað kartöflur varðar (u.þ.b. 75%) og nokkrar tegundir grænmetis, en megnið af grænmeti og svo til allir ávextir og ber svo og mestallt korn til manneldis er innflutt. Heildarinnflutningur landbúnaðafurða er um 50% af hitaeiningamagni til innanlandsneyslu.

Innflutningsgjöld endurspegla þessar staðreyndir. Umtalsverð gjöld eru lögð á flestar vörur sem eru framleiddar innanlands og lítill eða enginn innflutningur eftir bestukjara tollum. Á öðrum landbúnaðarvörum eru innflutningstollar aðeins að nafni til og reyndar voru 62.7% allra tollskrársviða tollfrjálsar árið 2007 en innan þeirra 66.3% innflutningsmagns það ár (sjá að auki WTO, World Tariff Profiles 2008).

Árið 2008 kom stærstur hluti innflutnings frá Evrópubandalaginu eða rétt yfir 65% hluti, Sviss og Bandaríkin þar næst bæði löndin með um 8%. Útflutningur var að stærstum hluta til Evrópubandalagsins eða 61.7%, Bandaríkin þar næst með 13.1%. Íslenskar landbúnaðarvörur voru 1.4% af heildarútflutningi landsins árið 2008 samanborið við 1.1% árið áður. (Heimild: Hagstofan)

Ísland var stofnaðili að Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Aðild að báðum einingunum hefur haft gríðarleg áhrif á regluverk um inn- og útflutning. Samkvæmt 64. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993, skal innflutningur á landbúnaðarvörum frá aðildaríkjum WTO að vera óhindraður eftir ákvæðum í lögum. Hins vegar hefur ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðar vald til að takmarka innflutning landbúnaðarvara frá löndum utan WTO.

Vörur sem leiddar eru af eða innihalda erfðabreyttar lífverur má eingöngu setja á markað með leyfi frá Umhverfisyfirvaldi nema varan hafi þegar fengið leyfi í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra hefur ennfremur vald til að banna innflutning á afurðum af dýrum og plöntum sem hafa verið meðhöndluð með hormónum í framleiðsluferlinu eða kunna að innihalda leifar lyfja eða annara mengandi efna í meira magni en leyfilegt er í innanlands framleiðslu og geta stofnað heilsu mann í hættu.

Samkvæmt Reglugerð nr. 509/2004 er í grundvallaratriðum ekki leyfður innflutningur ákveðinna búfjárafurða eða vara sem geta innihaldið smitbera sem eru hættulegir heilsu dýra og manna nema þær hafi gengið í gegnum fullnægjandi hitameðferð. Reglugerðin er byggð á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 með síðari breytingum. Sjávarútvegsráðherra má hins vegar, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni, leyfa innflutning á þessum vörum, svo

framarlega að fullvíst sé að þær beri ekki með sér mengunarefni sem geta valdið sjúkdómum í mönnum eða dýrum og að viðeigandi skilyrðum innflutningsins hafi verið fullnægt. Samkvæmt Reglugerð nr. 189/1990 (á grundvelli Laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 51/1981) er innflutningur plantna og afurða af plöntum háður kröfum um vottun og að Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið megi takmarka hann til að vernda íslenska flóru fyrir nýjum sjúkdómum og meindýrum.

Fram til dagsins í dag hefur Ísland ekki sett jöfnunartolla til að vinna gegn ólöglegum niðurgreiðslum og undirboðum, né til að tryggja ráðstafanir sem settar eru fram í viðeigandi samningi WTO. Ísland hefur haldið rétti samkvæmt WTO samningnum um landbúnað sem leyfir að beita sérstökum öryggisráðstöfunum í nokkrum fjölda tollskrársviða í tilslakanaskrá WTO, en slíkar öryggisráðstafanir hafa aldrei verið notaðar. Ennfremur hefur Ísland ekki notað slíkar ráðstafanir í tengslum við fríverslunarsamninga sína.

Ísland býður upp á takmarkað aðgengi að markaði með þeim fríverslunarsamningum sem gerðir hafa verið, bæði tvíhliða samningum og þeim sem gerðir eru með EFTA löndunum (sjá töflu 2.1). Í fríverslunarsamningunum gildir annað um landbúnaðarvörur, þar ræður sérstakt fyrirkomulag um stigvaxandi frelsi í verslun með landbúnaðarvörur milli Íslands og viðkomandi viðsemjanda og er þá gerður greinarmunur á grunnafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Almennt má segja afurðir, bæði grunnafurðir og unnar vörur sem hægt er að framleiða á Íslandi, séu ekki innifaldar í fríverslunarsamningum. Allir samningarnir og viðkomandi tvíhliða fyrirkomulag varðandi landbúnaðarvörur eru aðgengilegar á Netinu og á rafrænu formi á diskum til Framkvæmdastjórnarinnar.⁶

Tafla 2.1 Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að og ártal gildistöku

<i>EFTA Fríverslunarsamningar</i>		<i>Aðrir fríverslunarsamningar</i>
EFTA Ráðstefna(1970)	Singapore (2003)	Evrópubandalagið (1993)
Tyrkland (1992)	Túnis (2005)	Grænland (1985)
Chile (1993)	Suður Kórea (2006)	EES samningurinn (1994)
Ísrael (1993)	Líbanon (2007)	Færeyjar (2005)
Marokkó (1999)	Egyptaland (2007)	
Palístína (1999)	Tollabandalag S-Afríkúríkja (2008)	
Mexíkó (2001)	Kanada (2009)	
Makedónía (2002)	Kólumbía (enn ekki í gildi)	
Krótía (2002)	Perú (enn ekki í gildi)	

⁶ Fríverslunarsamningar sem gerðir voru með EFTA löndum ásamt viðeigandi tvíhliða fyrirkomulagi er að finna á vefsíðu EFTA: <http://www.efta.int/content/free-trade/fta-countries>
EES samninginn er að finna á vefsíðu EFTA: <http://www.efta.int/content/legal-texts/eea>
Tvíhliða samningur milli Íslands og Evrópubandalagsins sem byggður er á grundvelli 19. greinar EES samningsins er t.d. að finna á vefsíðu gagnagrunns samningaskrifstofu ES: <http://ec.europa.eu/world/agreements/prepareCreateTreatiesWorkspace/treatiesGeneralData.do?step=0&redirect=true& treatyId=4861>
Tvíhliða samningur á milli Íslands og Noregs á grundvelli 19. greinar EES samningsins er að finna á vefsíðu Stjórnartíðinda: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=81710592-25e1-4488-9a2e-b029f5ed0286>
Stofnsamning EFTA er að finna á vefsíðu EFTA: <http://www.efta.int/content/legal-texts/fta-convention>
Hoyvik-samninginn er að finna á síðu Stjórnartíðinda: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=95a6f2c9-fdb2-44eb-88d1-37f1d9448601>

EES samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 þar á meðal Bókun 3 um verslun með ákveðnar unnar landbúnaðarvörur. Bókunin er í grundvallaratriðum viðauki við Bókun 2 varðandi fríverslunarsamning milli Íslands og Evrópusambandsins frá 1972. Við gildistöku EES samningsins var ekki lokið samningsviðræðum um ákveðnar tæknilegar hliðar viðurkennds kerfis um verðuppbætur þar sem tekið er tillit til áhrifa af mismunandi verði grunnlandbúnaðarafurða á heimsmarkaði og markaði samningsríkjanna. Í millitíðinni var Bókun 2 við fríverslunarsamningsins frá 1972 látið taka til þessa máls. Endurskoðun uppkastsins var frestað m.a. vegna loka Marrakesh Samningsins um stofnun WTO.

Í Uppkasti 2 við fríverslunarsamninginn frá 1972 voru 41 tollskrársvið, eins og sjá má í Tilkynningu fjármálaráðuneytisins nr. 372/1995. Í ágúst mánuði 1999 tók endurskoðuð gerð af Bókun 2 gildi. Nú voru í því 77 tollskrársvið, sbr. tilkynningu fjármálaráðuneytisins nr. 546/1999. Í framhaldi af endurskoðuninni hafði verið samið á ný um tollgjöld ákveðinna tollskrársviða, sem áður höfðu fylgt upphaflegu bókuninni, og í sumum tilvikum voru sum tollskrársvið gerð tollfrjáls en í öðrum tilvikum voru tollar lækkaðir um allt að 15%.

Í júlí 1999 náðust samningar um Bókun 3 við EES samninginn sem tók gildi 1. janúar 2000, samb. tilkynningu Fjármálaráðuneytisins nr. 5/2002. Í grundvallaratriðum eru í Bókun 3 sömu reglur og í þeim fyrri þótt umfangið sé víðara og taki til um 100 tollskrársviða, þar á meðal um bjór, svaladrykki og ýmsar tegundir léttvína sem þegar í stað fengu tollfrjálsan aðgang að markaði. Samkvæmt Bókun 3 minnkaði Ísland tolla um 2% frá því sem gilt hafi í Bókun 2 úr fríverslunarsamningnum frá 1972. Nýja bókuninni var einnig ætlað að veita íslenskum fyrirtækjum tækifæri til útflutnings þar eð tollar af framleiðslu samkvæmt bókuninni sem lögð voru á af Evrópusambandinu voru lækkaðir um 3%.

1. mars 2007 tók, í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands varðandi viðbótar verslunarávilnanir á landbúnaðarvörum, gildi samningur sem gerður var á grundvelli 19. greinar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (OJ L61 frá 28/02/2007, bls. 29) (19. greinar samningurinn). 19. grein EES samningsins setur að skilyrði reglulega endurskoðun á fyrirkomulagi verslunar með landbúnaðarvörum milli ESB og EFTA EES landanna. Þetta var fyrsta samkomulagið milli Íslands og ESB á grundvelli fyrrnefndrar 19. greinar.

Tollgjöld á þeim vörum sem talin eru upp í Viðauka I við 19. greinina voru felld niður. Afleiðingin var gagnkvæm tollfrjáls heimild varðandi t.d. blóm, ferskt og frosið grænmeti og jólatré. Gjöld af lifandi hrossum voru einnig afnumin þó komið sé í veg fyrir innflutning lifandi hrossa til Íslands af heilbrigðisástæðum. 19. greinar samningurinn jók einnig við kvóta Íslands til innflutnings á tollfrjálsu kindakjöti til Evrópulanda úr 1.352 tonnum í 1.850 tonn. Ísland fékk einnig tollfrjálsa kvóta vegna smjörs upp á 350 tonn og skyrkvóta upp á 380 tonn. ESB fékk nokkra tollfrjálsa kvóta til Íslands, nefnilega 100 tonn af nauta- og kálfakjöti, 200 tonn af svínakjöti, 200 tonn af kjúklingakjöti, 100 tonn af osti, 100 tonn af kartöflum 20 tonn af rjúpum.

Ennfremur var lagður grunnur að gagnkvæmum tollfrjálsum kvóta fyrir 100 tonn af pylsum. Íslandi var leyft að deila út kvótum með uppboðum. Kvótarnir eru auglýstir hvert almanaksár á sama hátt og kvótar á gjöld skv. WTO..

Að auki var það skilyrði 19. greinar samningsins að bestu kjara tollgjöld sem lögð voru á kjöt skv. öðrum kafla um viðeigandi tollgjöld yrðu lækkuð, yfirleitt um 40%. Frekari upplýsingar er að finna í samningnum.

Ísland er aðili að Evrópsku fríverslunarsamtökunum – EFTA. Sérstakt stjórnunarfyrirkomulag er í gildi milli þessara landa varðandi verslun með landbúnaðarvörur.

Hefð er fyrir sérstöku sambandi milli Íslands og Færeyja, bæði sem nágrannar og vegna menningarlegrar nálægðar. Í gildi hefur verið fríverslunarsamningur (Hoyvik-samningurinn) milli Íslands og Færeyja frá 2005 en hann leggur grunn að miklu viðtækara frelsi en nokkur annar fríverslunarsamningur sem Ísland hefur gert, þar á meðal gagnkvæm tollfrelsi fyrir allar vörur.

Fyrir utan þá samninga sem þegar hafa verið nefndir hefur Ísland staðfest 20 aðra fríverslunarsamninga sem hluti af EFTA. Þótt fjallað sé um unnar landbúnaðarvörur í samningunum sjálfum og þar tekið tillit til og aðgengi ekki aukið að markaði fram yfir það sem greint er í Bókun 3 í EES samningnum, þá er fjallað um landbúnaðarvörur í tengdum samningum einstakra EFTA ríkja og samningsaðila þeirra.

Nokkur mismunandi inn- og útflutningsáform eru nýtt við verslun með landbúnaðarvörur.

Ferðamenn sem koma til Íslands hafa leyfi til að flytja með sér takmarkað tollfrjálst magn matvæla og drykkja (að hámarki 3 kg og að verðgildi minna en 18.500 íslenskar krónur). Venjulegar reglur um heilbrigðisatriði og jurtavarnir eiga við um þessar vörur.

Fóðursjóður sér um endurgreiðslur að hluta eða öllu leyti á tollgjöldum sem greidd eru af innflutningi ákveðinna fóðurtegunda samkvæmt frekari skilyrðum í lögum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stjórnar sjóðnum.

Á Íslandi er í notkun verðuppþótakerfi á útflutning. Til að skapa umhverfi á jafnræðisgrundvelli hafa útflytjendur rétt til greiðslna á verðuppþótum á vörum sem að hluta innihalda íslenskt hráefni. Greiðslurnar eru byggðar á mismuninum á verði innlenda hráefnisins og heimsverði á hráefninu. Upphæðin er ákaflega takmörkuð og fastsett í fjárlögum (5 milljónir íslenskra króna árið 2009). Ennfremur getur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagt gjöld á innflutning ákveðinna staðgengilshráefna sem notuð eru í vinnslu ef slíkt er ekki í andstöðu við ákvæði sem staðfest eru í fríverslunarsamningum við önnur lönd. Gjaldið skal þá ekki vera hærra en munurinn á efninu sem framleitt er innanlands og heimsmarkaðsverði á því. Gjaldið er hægt að endurgreiða ef varan sem inniheldur það er flutt út aftur sem hluti af unninni vöru.

Að undanskildu gagnkvæmum kvótum tollskrártaxta við ESB og Noreg, býður Ísland upp á markaðsaðgengi í gegnum núgildandi lágmarks aðgangskvóta í samræmi við skuldbindingar í tengslum við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO). Þótt slíkir kvótar gildi um fleiri en 500 tollskrársvið hefur kvótafyrirkomulagið ekki verið notað á hluta sviðanna eða tollar aðeins verið notaðir sem eru jafnir eða lægri en samsvarandi kvótataxtar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið framkvæmir kvótaúthlutun eftir umsögnum sérstakrar nefndar en í henni eru fulltrúar þess ráðuneytis og Viðskiptaráðuneytisins. Ef umsóknir eru fleiri en kvóti til skiptanna, eru úthlutanir boðnar út og kvótum ávallt útteild til hæstbjóðanda. Útboðsferlið hefur í raun alltaf í för með sér aukagjöld á innflutning.

Tollnafnaskrá Evrópubandalagsins er ekki notuð á Íslandi.

Utanríkisráðherra ber ábyrgð á öllum samningaviðræðum varðandi viðskipti og ytri viðskiptatengsl. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra ber ábyrgð á reglugerðum um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, auglýsingu og útteilingu á tollskrártaxtakvótum og beitingu öryggisráðstafana. Ráðgjafanefnd sem tilnefnd er af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Fjármálaráðuneytinu og Viðskiptaráðuneytinu skal ráðleggja ráðherra um framkvæmd þessara aðgerða. Skoðun og eftirlit með innflutningi er framkvæmt af Matvælastofnun Íslands og Tollstjóraembættinu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Tollstjóraembættið stjórna inn- og útflutningsfyrirkomulagi.

- 3. Vinsamlega leggið fram lýsingu, þ.á.m. um fjármál, á stuðningsaðgerðum eða hvaða stefnumörkun annarri sem er notuð við frumframleiðslu landbúnaðarvara, við vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða, þar með talið í skógræktargeiranum (og ekki er fjallað um annars staðar í spurningalistanum). Þar með skulu tiltekin öll bein eða óbein fjárframlög; fyrirkomulag í stefnu skattlagningar sem fyrst og fremst snýr að landbúnaðargeiranum; stefnu varðandi einkavæðingu lands og annarra þátta framleiðslunnar (þar á meðal úrvinnslugreina); aðgerðir sem eru til þess gerðar að þróa markað með jarðir; lánaþyrirgreiðslu; tæki til áhættustjórnunar og annað.**

Sauðfjárrækt – Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða frá 25. janúar 2007.

Fyrirkomulag um stuðning er byggt á Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993.

Samningurinn tryggir sauðfjárbændum ákveðinn stuðning árlega á tímabilinu 2008 – 2015.

Stuðningnum má skipta í 6 meginþætti:

1. Beingreiðslur til bændu. Bændur fá greiddar beingreiðslur samkvæmt ærgildum sem standa fyrir rétt þeirra til stuðnings. Til að fá fulla greiðslu þurfa þeir að halda 0,6 vetrarfóðraða kind fyrir hvert ærgildi. Ef bóndi heldur færri vetrarfóðraðar kindur en 0,6 kindur fyrir hvert ærgildi eru greiðslur til hans skornar niður í hlutfalli við það.

Heildarfjöldi ærgilda sem deilt er á milli bændu er 368.457. Ærgildin má flytja á milli býla svo framarlega sem ákvæðum 3. greinar í Reglugerð nr. 11/2008 er fullnægt.

Greiðsla fyrir hvert ærgildi er reiknuð út með því að deilt er í heildarfjárhæð með 368.457 ærgildum.

Ef bóndi fær ekki fullan stuðning fyrir hvert ærgildi er afgangi þess sem hann ætti annars rétt til lagt til Markaðsnefndar sauðfjárafurða. Nánari lýsingu á þessu fyrirkomulagi er að finna í III. hluta – Beingreiðslur.

Við 64 ára aldur geta bændur valið að fá fulla beingreiðslu til 2015 gegn því að minnka hjörð sína niður í 10 ær. Þeir sem kjósa að njóta góðs af þessum möguleika verða að gera skriflegan samning við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

2. Tengd skilyrði fyrir styrkjum. Bændur fá greiðslu fyrir hvert kíló af dillakjöti sem er flokkað í E, U, R, O flokka og eftir fitumagni í 1 – 3+, sjá 19. grein Reglugerðar nr. 10/2008. Til að fá þessa greiðslu verða bændur að standast skilyrði sem sett eru í Reglugerð nr. 10/2008, greinar 6-11. Sjá ennfreður Spurningu 11:6.
3. Niðurgreiðslur með ull. Greiðslur með ull eru greiddar beint til fyrirtækisins Ístex sem er eina fyrirtækið sem kaupir ull af bændum. Fyrirtækið verður að skila mánaðarlegri skýrslu um magn og gæði ullarinnar sem keypt er af bændum. Verð ullarinnar er samningsatriði milli bændna og Ístex á tólf mánaða bili (í september/október). Frekari lýsingu á stuðningsgreiðslum með ull er að finna í II. hluta – Markaðsráðstafanir.
4. Markaðssetning og geymslukostnaður. Þessi stuðningur er þrískiptur:
 - Álagsgreiðslur til bændna fyrir slátrun lamba utan hefðbundins tíma –september til október. Þessi greiðsla getur verið annað hvort aukagreiðsla á hvert lamb eða fyrir hvert kíló af dillkum.
 - Stuðningur vegna geymslu til slátruhúsa. Sjá kafla II, Markaðsráðstafanir.
 - Markaðssetning og efling. Sérstök stjórn, markaðsnefnd sauðfjárafurða, gerir tillögur um hvernig þessi sjóður er notaður við markaðssetningu.

Ítarlegri lýsingu er að finna í Hluta II – Markaðsráðstafanir.

5. Stuðningur við nýliðun og þróunaráætlanir
 - Stuðningur við nýliða: Greiddur er stuðningur miðað við lömb eða ær fram yfir 50 sem nýliði kaupir eða velur til endurnýjunar úr eigin hjörð. Nýliði er skilgreindur í Tilkynningu nr. 22/2009 og má ekki hafa fengið beingreiðslur í sauðfjárbúskap frá 2000 eða verið eigandi viðskiptaeiningar sem rekur fjárbú frá 2000. Ennfremur má hann/hún ekki verið skráður eigandi að fleiri en 50 fjár frá 2000 í opinberum skýrslum (Lög nr. 103/2002).
 - Stuðningur við menntun, þjálfun, rannsóknir og framþróun. Greiddur er stuðningur á þessum sviðum, þar á meðal þjálfunarnámskeið fyrir bændur sem óska að taka þátt í tengdum skilyrðum fyrir styrkjum (cross compliance) í sauðfjárrækt. Einnig er veittur stuðningur til áætlana um lífræna ræktun.
 - Stuðningsgreiðslur vegna ræktunarverkefna. Stuðningur er veittur vegna verkefna við endurræktun túna og ræktun á byggi.

Fjárlög: Áætlunin hefur verið í gildi síðan 2008. Heildarfjármögnun (a-c) er 94.8 milljónir króna.

6. Gæðastýringaráætlun í sauðfjárrækt

Í fyrra samningi um sauðfjárframleiðslu fyrir 2001-2007 var ákvæði um sérstaka fjárveitingu sem ætlað að styrkja símenntun bænda, rannsóknir, ráðgjafastörf, leiðbeiningaþjónustu við sauðfjárbændur og til að styðja við almenna þróun og framfarir í sauðfjárbúskap og auk þess aðstoð við sauðfjárbændur á minna þróuðum landfræðilegum svæðum.

Þróun gæðastýringarkerfis var einnig fjármögnuð með þessari fjárveitingu. Lokagreiðslur ákvæðisins voru greiddar út árið 2008. Kostnaður verkefnisins er sýndur í töflu 3.1.

Tafla 3.1: Fjárveitingar vegna gæðastýringarkerfis í sauðfjárrækt (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	19.0	21.9	27.2	25.0	22.4	38.5	34.9	80.9

7. Stuðningur við einstök svæði – Sjá IV. hluta, Dreifbýlisþróun

Bændur á skráðum lögbýlum á svæðum sem skilgreind hafa verið sem sérstaklega háð sauðfjárbúskap í 3. grein, Reglugerðir nr. 522/2005 og 567/2008, eiga rétt á árlegri heildargreiðslu svo framarlega sem þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði (talin upp í 4. grein reglanna):

- Áttu fleiri en 200 ær veturinn 2002/2003
- Reka bú sitt á skráðu lögbýli í skilgreindu sauðfjárhéraði

Þessi réttindi má flytja til nýs eiganda/bónða á umræddu lögbýli og má einnig flytja á annað skráð lögbýli ef bóndinn flytur á annað lögbýli á skilgreindu sauðfjárhéraði.

Þetta kerfi hefur verið hluti af samningum um sauðfjárbúskap frá 2008:

- Fjöldi styrkþega 2009: 366
- Heildarfjárveiting 2008, 45 milljónir íslenskra króna

b) Aðlögunarsamningur á milli Íslensku ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um starfsumhverfi grænmetisframleiðslu. Stuðningsáætlunin er byggð á Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993.

Samningur þessi var undirritaður í mars 2002 og gildir til 2013. Markmiðin eru skilgreind í fyrstu grein samningsins.

Samningurinn tekur til fimm aðalatriða varðandi stuðning við framleiðendur og til markaðsverndar – ráðstafana við landamæri.

1. Tollastefna. Sjá II: hluta, Markaðsráðstafanir

2. Beingreiðslur. Sjá ennfremur III. hluta, Beingreiðslur

Beingreiðslur eru greiddar til framleiðenda tómata, agúrka og papriku. Samningurinn fastsetur heildarupphæð til beingreiðslna í ísl. krónum og einnig hlutfallsskiptingu upphæðarinnar milli vörutegundanna þriggja; sjá 2. grein samningsins. Framleiðendur fá greitt fyrir hvert kg sem þeir framleiða. Lokagreiðsla fer eftir heildarframleiðslu þar eð greiðsla fyrir hvert kílógramm er reiknuð út þannig að deilt er í heildarframleiðslu með heildarupphæð.

Framleiðendur þessarar vöru verða að skrá sig árlega og standast þau skilyrði sem sett eru í viðkomandi reglugerð (fyrir 2009, sjá Reglugerð nr. 5/2009).

3. Niðurgreiðsla á rafmagni

Í 3. grein samningsins er dreginn upp rammi um niðurgreiðslur á rafmagni. Niðurgreiðslunum er ætlað að tryggja svipað verð fyrir rafmagn til lýsingar gróðurhúsa og tíðkast í nágrannalöndum (Noregi og Kanada). Stuðningurinn er tvíþættur; vegna dreifingar rafmagns til gróðurhúsabænda og til kaupa og uppsetningar ljósabúnaðar. Í greinum 3.1, 3.2 og 3.3 eru sett fram skilyrðin og fyrirkomulag vegna niðurgreiðslna á rafmagni. Fjárveiting fyrir áætlunina hefur verið samkvæmt töflu 3.2.

Tafla 3.2: Fjárveitingar til niðurgreiðslu vegna rafmagns (í milljónum ísl. króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	17	34	42.6	110.8	110.0	149.8	178.6

Iðnaðar-, orkumála- og ferðamálaráðuneytið semur beint fyrir hönd Fjármálaráðuneytisins við viðkomandi orkufyrirtæki um greiðslurnar. Samning um orkuviðskiptin skal gera á milli orkufyrirtækjanna sem selja grænmetisbændum annars vegar og Samtaka grænmetisbænda og Iðnaðarráðuneytis hins vegar. Þeir aðilar sem semja við orkuframleiðendur um gróðurhúsálýsingu eiga rétt til niðurgreiðslna á rafmagni. Þennan rétt má afnema ef að samningsaðilar brjóta samninginn.

Veittur er styrkur til að kaupa og setja upp lýsingu (ljós og spegla). Styrkurinn getur náð allt að 30% af kostnaði, að hámarki 2,400 ísl. kr. á hvern fermetra flatarmáls gróðurhúss. Heildarupphæð sem veitt er til stuðningsins er 5 milljónir á ári.

4. Úrelding gróðurhúsa. Viðkomandi skilyrðum og framgangsmáta er lýst í 4. grein samningsins og Reglugerð nr. 482/2002.

Þeir sem stunduðu ylækt á grænmeti í gróðurhúsum á árunum 2000 og 2001 höfðu rétt til uppbóta vegna gróðurhúsa sem voru úrelt til að ýta undir hagræðingu í greininni. Þetta ákvæði var fyrir hendi fyrstu fimm árin af gildistíma samningsins. Þau ár var leyfilegt að taka úr notkun einstök hús sem framleiddu grænmeti í ylækt. Fyrir þurfti að leggja staðfesting um framleiðslu viðkomandi stöðvar þessi ár og staðfesting frá ráðgjafa Bændasamtakanna um notkun starfssvæðisins. Síðasta greiðslan var greidd árið 2007.

Tafla 3.3: Úrelding gróðurhúsa (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	29.5	30.5	16.3	8.0	40.0	18.9	0

c) Samningur um starfsumhverfi við mjólkurframleiðslu

Stuðningsáætlunin er byggð á Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993.

Samningur þessi tryggir kúabændum ákveðinn stuðning á ári frá 1.9.2005 – 31.12.2014 (eftir viðauka frá 20. apríl 2009). Markmiðin eru sett fram í 1. grein samningsins. Fimm flokkum er ætlað að ná fram markmiðunum.

1. Beingreiðslur

Íslenskir mjólkurframleiðendur eiga rétt á beingreiðslum fyrir hvern lítra af framleiðslukvóta. Heildar stuðningsrétti/ framleiðslukvóta á hverju ári er ætlað að endurspegla áætlaða þörf fyrir mjólk á innanlandsmarkaði. Heildarstuðningsréttinum er deilt hlutfallslega milli framleiðenda, hann endurspeglar því rétt hvers framleiðanda og þar með beingreiðslur. Þessi réttindi eru framseljanleg á milli búa að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skilyrði fyrir að fá beingreiðslur og framkvæmd greiðslanna eru sett fram í reglugerð um framkvæmdina; sem stendur í Reglugerð nr. 648/2009. Sjá ennfremur III. hluta – Beingreiðslur og II. hluta - Markaðsráðstafanir.

2. Greiðslur til kynbóta og þróunarstarfs (Grein 6.2 í samningnum)

Framlagið er eingöngu notað til að greiða niður gervifrjóvgun mjólkurkúa og kúa í holdarækt. Því er dreift til svæðisbundinna búnaðarfélaganna sem veita frjóvgunarbýðustu. Dreifing stuðningsgreiðslanna er háð mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði. Tafla 3.5 sýnir fjárframlög vegna áætlunarinnar.

Tafla 3.5: Fjárframlög vegna kynbóta og þróunarvinnu (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	0	0	0	0	112.47	119.63	127.2

3. Gripagreiðslur (Grein 6.3 í samningnum)

Greitt er fyrir hverja „heilsárskú“ og rammi greiðslunnar er settur fram í Reglugerð nr. 567/2006. Greiðslan er reidd fram mánaðarlega og fjöldi kúa á hvern framleiðanda er endurútreiknaður á fjögurra mánaða fresti. Sjá ennfremur III. hluta – Beingreiðslur.

4. Óframleiðslutengdar og/eða minni markaðstruflandi greiðslur (Grein 6.4 í samningnum)

- Kynbætur. Allir framleiðendur sem fá beingreiðslur og eða gripagjald koma til greina. Til að fá greiðslu samkvæmt þessari áætlun verða framleiðendur að fullnægja skilyrðum Bændasamtakanna um gæðastýringu í kynbótum. 555 hafa notið þessara greiðslna.

- Ræktun. Veittur er stuðningur fyrir ræktunaráætlanir varðandi túnrækt og annað fóður.
- Þróunaráætlanir. Veittur er stuðningur við verkefni í rannsóknum og framþróun.

Í töflu 3.6 sjást framlög vegna óframleiðslutengdra og/eða minna markaðstruflandi greiðslna.

Tafla 3.6: Fjárframlög vegna óframleiðslutengdra og/eða minna markaðstruflandi greiðslna (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	0	0	0	0	0	0	80

5. Verðstýring. Sjá II. hluta – Markaðsráðstafanir.

d) Lífeyrissjóður bænda

1. Grundvöllur Lífeyrissjóðs bænda

Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt sérstakri löggjöf, Lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 með síðari viðaukum og Lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Framkvæmd löggjafarinnar er skilgreind í ályktunum sjóðsins.

Helstu atriði löggjafarinnar varðandi bændur eru:

- Þátttaka bænda í sjóðnum er skylda
- Makar bænda eru sjálfkrafa meðlimir í sjóðnum svo framarlega sem þeir vinna við búskapinn og þiggja laun
- Skyld er að veita maka bónda aðild að sjóðnum þótt hann eða hún vinni ekki á býlinu ef hann eða hún er ekki sjálfkrafa þátttakandi í öðrum sjóði. Makinn verður að sækja skriflega um aðild. Framlagi bóndans er þá deilt í því hlutfalli sem hann eða hún æskja
- Grunnframlag í sjóðinn er byggt á líkum um tekjur í landbúnaði og greiddum launum eftir því um hvaða tegund búskapar er að ræða
- Framlagið er 4% af grunninum og framlag vinnuveitanda 8%
- Varðandi maka þá er framlagið ákveðið sem hlutfall af tekjum makans
- Félagar í lífeyrissjóðnum eru skyldaðir til að greiða í sjóðinn þar til þeir ná 70 ára aldri þótt þeir séu farnir af fá greiddan lífeyri. Bændur verða sjálfir að greiða framlag vinnuveitanda ef þeir hafa ekki samið um að það sé greitt úr Ríkissjóði eða með öðrum sambærilegum hætti

- Framlög eru innheimt af beingreiðslum eða að öðrum kosti með útsendum reikningi. Ef búreksturinn er rekinn þannig að viðkomandi fái greiddar mánaðarlegar tekjur verða lögaðilar að greiða beint í sjóðinn með sérstökum greiðsluseðlum
- Makar geta deilt lífeyrisgreiðslum jafnt á milli sín eftir sérstökum reglum

2. Meðlimir í lífeyrissjóðnum

Í Lögum um Lífeyrissjóð bænda er gerð grein fyrir því hverjir skulu vera í sjóðnum. Allir bændur sem stunda búskap á lögbýlum og eiga þar lögbýli, þar á meðal þátttakendur í félagsbúum (sameiginlegur rekstur tveggja eða fleiri aðila), einkahlutafélögum og annara löglegra forma í búrekstri. Makar bænda sem vinna á býlunum skulu einnig vera í sjóðnum. Skyld er að veita maka bónda aðild að sjóðnum þótt hann eða hún vinni ekki á býlinu ef hann eða hún eru ekki sjálfkrafa félagar í öðrum lífeyrissjóði. Félagi í sjóðnum er hægt að verða við 16 ára aldur.⁷ Frávik eru leyfð frá því skilyrði að stunda búrekstur á lögbýli ef viðkomandi búrekstur er þýðingarmikill og viðkomandi bóndi hefur meginhluta tekna sinna frá búinu. Ennfremur skulu þeir sem vinna við landbúnað, 16 ára og eldri, verða aðilar að sjóðnum ef þeir greiða ekki í annan lífeyrissjóð.

3. Framlög til landbúnaðargreina

Framlög bænda og maka þeirra eru nú 4% af framlagsgrundvelli sjóðsins, með öðrum orðum af áætluðum atvinnutekjum landbúnaðarins, greiddum launum þeirra sem fá greidd laun frá hlutafélögum eða öðrum lögaðilum. Bændur eru sú eining sem stundar búskap samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands á atvinnustarfsemi (sambærilegt við 2. endurskoðun NACE stöðlunar sem notuð er af EUROSTAT). Nánar til tekið á þetta við hópa 01 og 02 (að undnaskildum undirhópum 01.6, 01.7, 02.3 og 02.4) í flokkun á atvinnustarfsemi.

4. Framlög Ríkissjóðs

Grundvöllur lífeyrisgreiðslna er framlag lífeyrissjóðsfélaga, venjulega 4% af tekjum, og framlag atvinnurekanda, 8% af launum. Í landbúnaðargreiranum eru þessi 4% framlög greidd af beingreiðslum frá Ríkissjóði þegar það á við, en í þeim hluta þar sem bændur fá ekki beingreiðslur verða bændur að greiða beint. Hvað varðar 8% framlagið verður bóndi einnig að greiða það beint ef ekki er landbúnaðarsamningur í gildi eða sambærilegt fyrirkomulag um að Ríkissjóður greiði 8% framlagið. Sem stendur, og svo hefur verið undanfarna áratugi, greiðir Ríkissjóður 8% framlag vinnuveitenda. Gert er ráð fyrir því í Fjárlögum. Framlög Ríkissjóðs eru sýnd í töflu 3.7.

Tafla 3.7: Framlög Ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs bænda (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
210.4	195.8	210.9	221.8	225.3	234	257.1	267.7	308	325

5. Framlög launþega

Eins og greint er frá í 3. grein Laga um lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 verða þeir launþegar í landbúnaðargreinum sem ekki eru sjálfkrafa í öðrum lífeyrissjóði að greiða framlög í Lífeyrissjóð

⁷ Frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir afmælisdag viðkomandi.

bænda. Bændur sem fá launþegaframlag úr öðrum greinum en landbúnaði og ekki geta sjálfkrafa greitt framlög í annan lífeyrissjóð geta einnig greitt framlög af þeim tekjum í Lífeyrissjóð bænda. Þegar svo háttar ber viðkomandi félagi ábyrgð á að flytja það framlag til Lífeyrissjóðs bænda. Vinnuveitendur eiga þá að halda viðkomandi lífeyrisgreiðslum eftir af launum og flytja þær ásamt framlagi vinnuveitandans í Lífeyrissjóð bænda.

6. Lífeyrir

Aðalmarkmið Lífeyrissjóðs bænda er að tryggja að félagar í sjóðnum fái greiddan lífeyri í samræmi við Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skilyrði fyrir lífeyrisgreiðslum, reglur um útreikninga lífeyris og grunnlífeyris eru útfærðar frekar í samþykktum sjóðsins.

7. Upplýsingar úr ársskýrslu 2008

Heildargreiðslur í Lífeyrissjóð bænda árið 2008 voru 523.3 milljónir króna. Framlög bænda/launþega voru samtals 164.4 milljónir og framlög vinnuveitenda 359.7 milljónir. Framlag Ríkissjóðs var alls 308 milljónir. Árið 2008 voru félagar í Lífeyrissjóði bænda 2,996 samanborið við 3,117 félaga árið 2007. Heildarlífeyrisgreiðslur 2008 voru 882.9 milljónir króna sem var 11.3% aukning frá árinu áður. 2008 fengu 3,765 félagar greiddan lífeyri. Hreinar eignir til að greiða lífeyri voru 20,319.8 milljónir í lok árs 2008 og minnkuðu um 5.9% frá árinu áður.

e) Lög um búnaðargjald nr. 84/1997

Á grundvelli Laga nr. 84/1997 var lagt á gjald, búnaðargjald, sem er 1,2% af tekjum búvöruframleiðenda í atvinnugreinum, skilgreindum undir ÍSAT2008 með atvinnugreinanúmerum 01 og 02 en þó ekki 01.61, 01.62, 01.64, 01.70 og 02.40 (ÍSAT staðall Hagstofu Íslands er samhljóða NACE, endurskoðun 2 samkvæmt EUROSTAT). Undanskildir þessu gjaldi eru þeir framleiðendur sem ekki þurfa að skrá sig eða eru ekki skráðir virðisaukaskattgreiðendur samkvæmt Lögum nr. 50/1988.

Búnaðargjald er lagt á tekjur sem eru skilgreindar í 11.-13. grein Laga nr. 50/1988. Innifaldar eru beingreiðslur og verðgildi seldra vara, þar með talin sala lífdýra. Útflutningur er hins vegar undanskilinn frá gjaldstofni búnaðargjalds.

Tekjum af þessu gjaldi er skipt milli fjögurra höfuðaðila⁸:

Þessir aðilar eru:

- Bændasamtök Íslands
- Svæðisbundin búnaðarsambönd (11)
- Búgreinasambönd (11)

⁸ Sjá viðauka við löggjöfina í Stjórnartíðindum, A 2002, bls. 546 og A 2005, bls. 1051.

▪ Bjargráðasjóður

Tafla 3.8: Búnaðargjald 2000 – 2008

2000	441.885.595
2001	465.223.789
2002	502.192.687
2003	366.025.136
2004	389.136.076
2005	426.601.482
2006⁹	283.668.508
2007	305.303.632
2008	294.783.339

f) Bjargráðasjóður

Skaðabótasjóðurinn er rekinn samkvæmt Lögum nr. 49/2009 sem komu í stað fyrri löggjafar (nr.146/1995). Tekjur sjóðsins koma úr fjórum stöðum (5.grein laganna):

- a) Framlag á Fjárlögum
- b) Vextir af eigin eign
- c) Aðrar tekjur
- d) Hluti af búnaðargjaldi

Bjargráðasjóður starfar í tveimur deildum.

a) Almenn deild:

Þessi deild þiggur tekjur sínar úr liðum b) og c) að ofan. Markmið hennar er að veita fjárhagslega aðstoð til einstaklinga og samtök sem verða fyrir meiriháttar fjárhagsskaða af völdum náttúruhamfara samkvæmt 4. grein laganna. Þar á meðal eru skaðar á fasteignum, girðingum, túnum, rafmagnsstrengjum, votheyi og þurrheyi og einnig vetrarskaðar á túnum.

b) Landbúnaðardeild:

Þessi deild fær tekjur sínar af búnaðargjaldinu. Hún bætir meiri háttar fjárhagsskaða vegna dýrasjúkdóma, stórviðra og slysa eftir því sem getið er um í 9. grein laganna. Ekki er bætt fyrir tjón sem tryggingafyrirtæki bæta eða falla undir önnur opinber svið svo sem Lög um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Tafla 3.9: Tekjur Bjargráðasjóðs 2000 – 2008 í milljónum ísl. kr.*

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tekjur af búnaðargjaldi	66.0	66.8	47.6	39.5	40.0	16.6	28.1	27.3	33.7

⁹ Lækkun búnaðargjalds úr 2% í 1,2%.

Framlag ríkisstjórnarinnar	30.0	30.0	10.0	10.0	10.0	10.0	10.0	10.0	10.0
Vextir af hreinum eignum	25.0	49.4	33.0	37.5	47.4	43.4	68.4	83.0	112.2
Framlög sveitarstjórna	27.0	28.4	31.4	32.1	33.1	34.8	37.0	40.5	43.7
Samtals	148	174.6	122.1	119.1	130.6	104.8	143.6	161	199.6

*Tekjur samkvæmt Lögum nr. 146/1995

g) Þróunarverkefni varðandi hrossakynbætur, eldi og markaðssetningu

Fyrir árið 2009 eru 25 milljónir króna lagðar til þróunarverkefna varðandi hrossakynbætur, eldi og markaðssetningu. Sækja þarf um stuðning og er hann auglýstur ár hvert. Sérstök nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar framleiðenda og ríkisstjórnarinnar metur umsóknir og veitir styrkina. Ekki er gert ráð fyrir styrkveitingu 2010.

h) Þróunarverkefni varðandi fódurvinnslu fyrir loðdýr

Árlega eru veittar 16 milljónir króna til þróunarverkefna varðandi fódurvinnslu fyrir loðdýr. Sækja verður um stuðninginn og er hann auglýstur árlega. Sérstök nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar framleiðenda og ríkisstjórnarinnar metur umsóknir og veitir styrkina. Ekki er gert ráð fyrir styrkveitingu 2010.

- 4. Vinsamlega leggið fram upplýsingar um landbúnaðarþjónustu sem fjármögnuð er af opinberum aðilum. Lýsinguna skal aðeins leggja fram ef um opinbert fé er að ræða. Fram skal koma upphæð opinbers stuðnings og fjármögnun sem kemur frá öllum öðrum sjóðum allt tímabilið frá 2000. Sem dæmi má nefna rannsóknir; leiðbeiningaþjónustu; þjálfun; markaðstuðning; mælingar bújarða; ráðgjafarþjónustu og fleira.**

Veitingar fjármuna á Fjárlögum ríkisins til þjónustu í landbúnaði sem ríkið fjármagnar er sýnd í töflunum hér að neðan (allar tölur eru í þúsundum króna).

Tafla 4.1: Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
19,633	14,439	10,153	1,782	8,068	250	2,336	781	3,166

Tafla 4.2: Verðlagsnefnd búvöru.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
6,934	10,752	7,411	5,811	5,813	6,053	5,903	6,817	8,019

Tafla 4.3: Innleiðing gagnagrunna á lögbylum

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	5,000	-	2,981

Tafla 4.4: Fjárveitingar til að styðja ríkisstofnanir um ferskvatnsveiðar og rannsóknir á fiskeldi.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
NASCO, Norður-Atlantshafs laxverndunarstofnunin	3,545	3,950	3,441	3,543	4,586	4,695	5,571	7,262	7,137
Veiðimálastofnun.	43,884	40,604	53,913	48,672	58,456	90,537	101,625	66,588	73,076
Veiðimálastjóri. ¹⁰	13,696	14,687	18,014	21,408	24,865	25,842	-	-	-
Samtals	61,125	59,241	75,368	73,623	87,907	121,074	107,196	73,850	80,213

Tafla 4.5: Matvælastofnun Íslands; 45% hluti veitingar

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Eftirlitsþjónusta, 45% af upphæðum. ^{11 12 13}	-	-	-	-	-	-	581,985	646,353	908,405
Aðfangaeftirlit, eftirlit með fræi og áburði	312,901	305,791	244,283	286,224	395,691	403,400	-	-	-
Yfirdýralæknir	20,028	12,418	13,427	27,112	21,064	31,940	-	-	-
Heildarupphæð	332,929	318,209	257,710	313,336	416,755	435,340	-	-	-
45/100	149,818	143,194	115,970	141,001	187,540	195,903	261,893	290,859	408,782

Tafla 4.6: Landbúnaðarháskóli Íslands

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Landbúnaðar-rannsóknir. ^{14 15}	-	-	-	-	-	601,855	603,971	679,390	-

¹⁰ Embætti veiðimálastjóra var sameinað nýrri stofnun, Landbúnaðarstofnun, frá 1.1.2006.

¹¹ Landbúnaðarstofnun var ný stofnun sem tók til starfa 1.1.2006. Hún tók við hlutverki eftirtalinna stofnanna [og skilgreindum verkefnum] frá þeim tíma: (1) Yfirdýralæknisembættið; (2) Aðfangaeftirlitið; (3) Yfirkjötmát ríkisins; (4) Embætti veiðimálastjóra; og (5) nokkur skilgreind verkefni sem áður voru á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtakanna og innan Landbúnaðarráðuneytisins.

¹² Landbúnaðarstofnun var lögð niður 31. desember, 2007. 1. janúar 2008 tók ný stofnun við verkefnum hennar, þ.e. Matvælastofnun skammtst.. MAST). Nýja stofnunin, MAST, er eftirlits- og stjórnunaraðili, aðalstarfssvið hennar eru: (1) matvælaöryggi, stjórnun frumframleiðslu dýrafurða, þar á meðal vörum úr fiski, inn- og útflutningseftirlit með öllum matvörum; (2) yfirstjórn innlendrar fæðuframleiðslu sem heyrir undir sveitarstjórnir; (3) dýralækningaþjónusta; (4) þjónusta varðandi verndun jurta; (5) þjónusta varðandi fóður, fræ og áburð; (6) flokkun kjötvara; (7) stjórnun lífrænnar ræktunar á búvörum; (8) stjórnun, eftirlit með birgðum og skoðun dýraverndar. MAST tók við verkefnum sem áður heyrðu undir eftirfarandi stofnanir: (1) Landbúnaðarstofnun; (2) Lífræn framleiðsla; (3) Stjórnunarpættir sem áður heyrðu undir Bændasamtök Íslands; (4) Matvælahlutinn frá Umhverfis- og matvælastofnun Íslands; og (5) Matvælahlutinn af Fiskistofu.

¹³ Upphæðin (45/100) er í samræmi við OECD skýrslugerð.

¹⁴ Landbúnaðarháskóli Íslands hóf störf 1.1.2005. Nýja stofnunin var byggð á samruna Landbúnaðarskólans á Hvanneyri (04-261-000), Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (04-211-000) og Garðyrkjuskóla ríkisins (04-283-000).

¹⁵ Upphæðin (1/3) er í samræmi við OECD skýrslugerð.

Rannsóknar- stofnun landbúnaðarins	192,953	196,697	223,332	207,895	191,134	-	-	-	-
Landbúnaðar- háskólinn á Hvanneyri	147,880	186,052	172,183	208,492	254,374	-	-	-	-
Garðyrkju- skólinn	101,222	109,274	105,414	103,042	107,348	-	-	-	-
<i>Samtals</i>	<i>442,055</i>	<i>492,023</i>	<i>500,929</i>	<i>519,429</i>	<i>552,856</i>	<i>601,855</i>	<i>603,971</i>	<i>679,390</i>	<i>-</i>
1/3 upphæðar	147,352	164,008	166,976	173,143	184,285	200,618	201,324	226,463	-

Tafla 4.7: Háskólinn að Hólum¹⁶

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
147,024	165,277	178,240	198,100	214,432	231,298	221,606	280,293	-

Tafla 4.8: Tilfærsla til Hagbjónustu landbúnaðarins

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
147,024	165,277	178,240	198,100	214,432	231,298	221,606	280,293	-

Tafla 4.9: Landgræðsla ríkisins¹⁷

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
234,958	359,036	388,347	479,878	473,391	534,076	466,748	559,310	-

Tafla 4.10: Veiting fjármuna til stuðnings landsblutaverkefna í skógrækt

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Átak í landgræðslu og skógrækt; ¹⁸	97,381	4,930	0,850	-	-	-	-	-	-

¹⁶ Við sameiningu ráðuneyta sjávarútvegs - og landbúnaðarmála (frá 1. janúar 2008) var ákveðið að Hólaskóli og Landbúnaðarháskóli Íslands sem áður heyrðu undir Landbúnaðarráðuneytið skyldu frá sömu dagsetningu heyrja undir Menntamálaráðuneytið.

¹⁷ Við sameiningu Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyta (frá 1. janúar 2008) var ákveðið að Landgræðsla ríkisins sem áður heyrði undir Landbúnaðarráðuneytið heyrði frá sömu dagsetningu undir Umhverfissráðuneytið.

¹⁸ „Átaki í landgræðslu og skógrækt“ (04-341-000) lauk árið 2002.

Héraðsskógar; ¹⁹	81,590	93,703	84,683	97,238	102,756	112,841	110,613	-	-
Landshlutaverkefni í skógrækt; ²⁰	104,036	192,578	219,652	300,816	331,628	369,540	395,798	-	-
Hekluskógar; ²¹	-	-	-	-	-	-	-	5,605	-
Héraðs- og Austurlandsskógar; ²²	-	-	-	-	-	-	-	143,929	165,351
Suðurlandsskógar;	-	-	-	-	-	-	-	107,980	122,619
Vesturlandsskógar;	-	-	-	-	-	-	-	63,768	55,942
Skjólsskógar á Vestfjörðum;	-	-	-	-	-	-	-	49,682	51,441
Norðurlandsskógar;	-	-	-	-	-	-	-	111,935	126,305
	283,007	291,211	304,335	398,054	434,384	482,381	506,411	482,899	521,658

Tafla 4.11: Skógrækt ríkisins²³

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
183,198	215,586	223,603	221,204	235,373	236,712	239,076	254,605	-

Tafla 4.12: Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðarins²⁴

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	-	-	160,000

Fjárlög ríkisins varðandi landgræðslu og skógrækt til bóta fyrir landbúnað (*staðhæft* 2008)²⁵

Landgræðslu og skógræktarverkefni til hagsbóta fyrir landbúnaðinn eru skilgreind sem umhverfisverkefni. Þessi verkefni verða til bóta fyrir umhverfið með baráttu gegn landeyðingu, stöðvun útbreiðslu á sandi og annað jarðvegsrof, og með eflingu sjálfbærrar landnotkunar, endurheimt og endurreisn spillts lands. Verkefnið er þrískipt:

- Greiðslur til bænda sem uppfylla skilyrði til að taka þátt í jarðvegsvernd og skógræktarverkefnum

¹⁹ Skógræktarverkefninu „Héraðsskógar“ (04-331-000) lauk sem sjálfstæðri einingu 2006.

²⁰ Skógræktarverkefninu „Landshlutabundin skógrækt“ (04-343-000) lauk árið 2006.

²¹ Skógræktarverkefnið „Hekluskógar“ var eins árs verkefni árið 2007.

²² Landshlutaverkefnin í skógrækt: „Héraðs- og Austurlandsskógar“ (04-331-000); „Suðurlandsskógar“ (04-332-000); „Vesturlandsskógar“ (04-334); „Skjólsskógar á Vestfjörðum“ (04-335-000); og „Norðurlandsskógar“ (04-2336) eru öll ný og sjálfstæð svæðisbundin verkefni frá 2007.

²³ Við sameiningu Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyta (frá 1. janúar 2008) var ákveðið að Skógrækt ríkisins sem áður heyrði undir Landbúnaðarráðuneytið skyldi heyra undir Umhverfissráðuneytið frá sömu dagsetningu.

²⁴ Við samruna Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyta (frá 1. janúar 2008) tók Menntamálaráðuneytið við ábyrgð á Landbúnaðarháskóla Íslands (04-262-000). Nokkur fjöldi rannsóknarverkefna var þó áfram undir yfirmisjón Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Fjárveitingar undir þessum fjárlagaþætti (04-481-1019) sjá fyrir greiðslu til þessara rannsóknarverkefna.

²⁵ Við samruna Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyta (frá 1. janúar 2008) tók Umhverfissráðuneytið við ábyrgð á Landgræðslu ríkisins (04-311-000) og Skógrækt ríkisins (04-321-000). Á hinn bóginn heyrðu þessi þrjú verkefni áfram undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, þ.e. fjárlaganúmer 04-483-111, 04-483-113 og 04-483-115.

- Landgræðsluverkefni sem felast í byggingu tálma, hindrana og stífla til verndunar
- Sjóðir sem notaðir eru til rannsókna í skógrækt til góða fyrir landbúnað

Tafla 4.13: Veiting á fjárlögum til landgræðslu og skógræktar til bóta fyrir landbúnað

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	-	-	137,800

Verkefni vegna gripagreiðslna, kynbóta- og þróunarstarfsemi í nautgriparækt:

Þessi upphæð er byggð á samningi Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um stuðning við mjólkurframleiðslu og starfsskilyrði kúabænda (og annara bænda sem framleiða mjólk). Þessar greiðslur hófust 2006 (sjá Hluta:3-b-2).

Tafla 4.14: Verkefni vegna gripagreiðslna, kynbóta- og þróunarstarfsemi í nautgriparækt

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	112,473	119,628	127,217

Stuðningur við nýliðunar- og átaksverkefni í sauðfjárrækt

Þessi fjárveiting er byggð á samningi milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna til að styðja við kindakjötsframleiðslu og starfsskilyrði sauðfjárbænda (og annara bænda sem framleiða kindakjöt). Fjárveitingunni er ætlað að styðja við nýliðun í greininni og átaksverkefni í sauðfjárbúskap.²⁶

Samkvæmt grein 4.5 í samningnum skal nota fjármagnið á tveim sérstökum sviðum: (1) Að auðvelda nýjum aðilum að byrja sauðfjárbúskap; og (2) að styðja við sérstök átaksverkefni í sauðfjárrækt. Fjármagnið skiptist sem hér segir (sjá fyrir: 3-a-5):

- Fjármagnið skal nota til aðstoðar bæði þeim sem byrja sauðfjárbúskap og eldri bændum sem óska þess að hætta með því að láta býli ganga til fjölskyldumeðlima. Hluti aðstoðarinnar getur verið í formi styrks til að kaupa fjárstofn
- Fjármagnið skal nota til menntunar, rannsókna, ráðgjafar og þróunarverkefna sem tengjast sauðfjárrækt, til dæmis að ýta undir aukin gæði í kynbótum og ýta undir lífræna ræktun
- Fjármagnið skal nota til að styðja við endurnýjun og endurræktun á landbúnaðarlandi og til almennra ræktunarmála (þ.e. jarðvegsstjórnun og ræktun lands)

²⁶ Textinn í samningnum er: „Að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja búsetu í dreifbýli; Nýliðunar- og átaksverkefni“.

Tafla 4.15: Stuðningur við nýliðun og átaksverkefni í sauðfjárbúskap

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	-	-	94,848

Verkefni um aukin gæði í sauðfjárrækt

Í fyrra samningi um sauðfjárframleiðslu fyrir árin 2001 – 2007 var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu sem ætlað var að nota í símenntun sauðfjárbanda, rannsóknir, ráðgjafarþjónustu í sauðfjárrækt og almennrar framþróunar og betrubóta í starfsemi, og einnig til sérstaks stuðnings við sauðfjárbandur áminna þróuðum svæðum. Þróun gæðastýringakerfisins var einnig fjármögnuð með þessari fjárveitingu. Lokagreiðsla samkvæmt þessari áætlun var gerð 2008. Fjárveitingar voru eins og sést í töflu 4.16.

Tafla 4.16: Fjárveitingar til gæðastýringaráætlunar í sauðfjárrækt

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	18,978	21,850	27,236	25,015	22,410	38,507	34,915	80,943

Niðurgreiðsla á rafmagni til garðyrkjubænda vegna lýsingar í ylrækt

Þessar fjárveitingar eru byggðar á samningi Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um stuðning við garðyrkjubændur og starfskilyrði þeirra. Báðar áætlanirnar hófust 2002. (sjá hluta 3- b-3):

Tafla 4.17: Niðurgreiðslur til garðyrkjubænda í ylrækt

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	17,000	34,000	42,567	110,788	109,976	149,762	178,600

Áætlanir til að bæta markaðssetningu, rannsóknir, þróun og einnig menntun fyrir garðyrkjubændur (sjá part 3-b5):

Tafla 4.18: Áætlanir til að bæta markaðssetningu, rannsóknir, þróun og einnig menntun fyrir garðyrkjubændur

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	25,000	25,000	25,000	25,000	471	51,929	27,900

Veitingar á Fjárlögum ríkisins til Bændasamtaka Íslands

Fjármunirnir eru ætlaðir til:

- Ráðgjafarþjónusta (almennrar) – á landsvísu; svæðisbundinnar ráðgjafarþjónusta (almennrar)

- Ráðgjafarþjónusta (fjárhagsleg)
- Kynbætur, ræktun lands og markaðsáætlanir

Frá 2006 var fjárveitingum skipt í tvo hluta, þ.e. með því að taka upp nýtt fjárlaganúmer. Fjárveitingarnar eru settar fram í töflum 4.18 og 4.19.

Tafla 4.19: Bændasamtök Íslands

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
262,400	304,100	348,300	408,500	420,700	452,300	398,600	429,900	460,500

Tafla 4.20: Þróunar- og markaðsverkefni

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	-	-	-	-	115,000	115,000	115,000

Fjárveitingar á fjárlögum ríkisins til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Framleiðnisjóður var stofnaður á grundvelli Laga nr. 89/1966. Hlutverk sjóðsins er einnig sett fram í lögum nr. 46/1985 og nr. 70/1998. Sjóðurinn vinnur annars vegar sem lánastofnun á takmörkuðu sviði. Hins vegar veitir hann styrki til fyrirtækja, stofnana og félaga sem starfa í landbúnaði. *Dæmi:*

Bújarðir. Sjóðurinn veitir styrki til bænda sem annað hvort eru að auka framleiðslu sína eða eru að snúa sér að annari framleiðslu.

Félagsskapur í landbúnaði. Sjóðurinn styrkir félög sem auka atvinnutækifæri á landsbyggðinni og eru byggð á mikilli þátttöku einstaklinga sem búa á viðkomandi svæði.

Stofnanir/ fyrirtæki á landsbyggðinni. Í þessum flokki styrkir sjóðurinn framtak sem er beinlínis ætlað að hafa jákvæð áhrif á atvinnu á landsbyggðinni, en fyrst og fremst ráðgjafarþjónustu, rannsóknir og þróunarstarf.

Menntun. Sjóðurinn styrkir einstaklinga sem starfa í landbúnaði og vilja fá frekari menntun og einnig bændur sem taka þátt í símenntunaráætlun við Landbúnaðarháskólana á Hvanneyri og Hólum. Sjóðurinn styrkir einnig nemendur með B. Sc. próf og stunda frekara nám í landbúnaðarvísindum, svo og einstaklinga sem búa á bændabýlum og stunda viðurkennt nám og einnig nemendur sem starfa við búvöruvinnslu.

Vatnsaflsstöðvar á bændabýlum. Sjóðurinn styrkir ný verkefni á býlum sem stefna að því að framleiða rafmagn með byggingu lítilla vatnsaflsstöðva.

Tafla 4.21: Veitingar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á Fjárlögum ríkisins

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
170,000	170,000	165,000	190,000	185,000	185,000	160,000	81,500	237,400

Tafla 4.22: Átak í brossarækt

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
25,000	25,000	25,000	25,000	25,000	18,298	25,227	31,458	11,841

5. Vinsamlega lýsið núverandi kerfi sem notuð eru til að meta land og hvernig landbúnaðarland er skilgreint.

Yfirlit

Ísland er um 103,000 ferkílómetrar að stærð og er því skipt í um svipaðan fjölda landareigna²⁷ og u.þ.b. 175,000 skráðar byggingar.

Landslag er afar fjalllent. Rúmlega þrír fjórðu hlutar landsins er í meira en 200 metra hæð og varla hæft til ræktunar vegna erfiðra veðurskilyrða. Jöklar, sandar og hraunbreiður takmarka láglendi til búsetu og sums staðar (sérstaklega á austur- og norðvesturlandi) er aðeins um að ræða mjóa ræktanlega landræmu milli fjalls og fjöru. Í heild er talið að um 6,000 ferkílómetra sé hægt að telja gott landbúnaðarland.

Stofnanir er sinna skráningu lands

Fasteignaskrá Íslands ber ábyrgð á skráningu fasteigna á Íslandi í samvinnu við sveitarstjórnir og landskráningarskrifstofur. Fasteignaskrá Íslands var stofnuð sem opinber stofnun 1976 til að hafa umsjón með fasteignum og skyldugu brunabótamati, en hefur síðan æ meir haldið við grunnupplýsingum um fasteignir. Þetta er gert með því að halda gagnagrunn um fasteignaskráningu ásamt öðrum skyldum svo sem mat á verðgildi og að gefa út markaðsgögn. Breytingar á Lögum um skráningu og mat fasteigna (nr. 6/2001) sem tóku gildi 1. janúar 2009 endurspeglar þessa þróun en þá var nafni stofnunarinnar breytt úr Fasteignamati ríkisins í Fasteignaskrá Íslands.

Landmælingar Ísland er ríkisfyrirtæki sem meðal annars skal sjá um kortagerð. Sögu Landmælinganna má rekja allt aftur til byrjunar 20. aldar þegar landmælingadeild danska herráðsins hóf að gera kort af landinu. Landmælingar Íslands urðu að opinberri stofnun undir stjórn Samgönguráðuneytisins árið 1956 og frá 1990 hafa þær fallið undir Umhverfissráðuneytið.

Gagnagrunnur Fasteignaskrár

Samhæft skráningarferli í samráði við skipulag sveitarfélaga og byggingayfirvöld, svo og svæðisbundna byggingafulltrúa, skal sjá til þess að öllum gögnum um fasteignir sé safnað og þau

²⁷ 14. ágúst 2009 voru skráðar 103,152 landareignir í Fasteignaskrá ríkisins.

skráð í miðlægan gagnagrunn sem kallaður er Fasteignaskrá. Gagnagrunnurinn skiptist í fjórar deildir:

Í B-deild er að finna frumgögn varðandi fasteignir svo sem nöfn, landstærð, byggingar og skilgreiningu íbúða, heimilisföng og lagaleg mörk. Eins og staðhæft er hafa allir landskikar eigin auðkenni sem notuð eru til að greina á milli jarðeigna. Skráin nær yfir allt landið. Þó eru til landskikar sem ekki eru skráðir í gagnagrunninn. Fyrst og fremst er þar um að ræða land sem er eign sveitarstjórna, notað til vega og almenningsafþreyingar eða um er að ræða óskipulagt land innan þéttbýlissvæða. Hið sama gildir um land í eigu ríkisins svo sem hálendi Íslands. Loks eru almenningar í eign fjölda býla ekki skráðir og hafa ekki auðkenni í gagnagrunninum.

Þótt hér séu nefnd lagaleg mörk eiga kort yfir eignarlönd litla sögu á Íslandi. Unnið er að því að safna upplýsingum um landamerki úr fjölda heimilda og að breyta skráningarferlinu þannig að landareignakort verði uppfærð jafnt og önnur gögn.

Byggingadeildin varðveitir nákvæmar upplýsingar um byggingaeiningar eftir eignarhaldi og notkun. Byggingum er þar að auki skipt í svæði sem eru skráð sérstaklega og hægt er að tengja, til að mynda íbúðir úr samliggjandi eða fjarlægari einingum. Meðal upplýsinga sem má fá úr byggingadeildinni er byggingarár, byggingarefni, skilgreind not, fjöldi hæða o.s.frv.

Matsdeildin varðveitir niðurstöður mats bæði fyrir skattlagningu og brunatryggingar. Þá er einnig haldin skrá yfir rétthafa lands og bygginga.

Aðgengi að kortum yfir eignaland

Undanfarin ár hafa Landmælingar Íslands unnið að skráningu landsins samkvæmt CORINE Land Cover verkefninu (samhæfingu upplýsinga um umhverfið). CORINE er samevrópskt verkefni um flokkun lands sem m.a. felur í sér kortlagningu eftir gerðum lands eftir ákveðnum forsendum. Unnið er að verkefninu í flestum Evrópulöndum samtímis og með sömu aðferðum. CORINE-flokkunin er uppfærð á nokkurra ára fresti. Meginmarkmið verkefnisins er að safna sambærilegum umhverfisupplýsingum í öllum löndum Evrópu og fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun landsins í gegnum árin. Fyrsta CORINE-flokkunin var gerð 1990 en fyrsta endurskoðunin árið 2000. Önnur endurskoðun var gerð árið 2006 og áætlað er að sú næsta verði árið 2010.

Auk þessa hafa Bændasamtökin, Landgræðslan, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Landbúnaðarháskólinn unnið að sérstöku verkefni sem nefnt er „Nytjaland“²⁸. Verkefnið byggist á flokkun landsins í tíu flokka eftir gróðurfari og ástandi þess samkvæmt gervihnattamyndum.

Sveitarstjórnir og aðrir notendur hafa að einhverju leyti stuðst við gögn frá Nytjalandi við samantekt landfræðilegra upplýsinga.

Afmörkun landareigna í rúmi hafa hingað til ekki verið hluti af skráningarferli landareigna og því eru Landmælingar ríkisins ekki færar um að skilgreina eða staðfesta lögleg landamerki lands á Íslandi. Stofnunin varðveitir því eingöngu heimilisföng til að staðsetja jarðir nokkurn veginn og

²⁸ www.nytjaland.is

gæslumenn veðfjár verða því að leita annað varðandi nákvæm landamerki eigna sinna. Nokkur stærri sveitarfélög halda eigin rafrænar landupplýsingar, sérstaklega á þéttbýlissvæðum. Þessi upplýsingakerfi eru ólík sín á milli en unnið er því að sameina þau innan Fasteignaskrár Íslands.

Frá 1998 hafa allir landeigendur orðið að leggja fram uppdrætti þegar landi hefur verið skipt.²⁹ Þessi skjöl um innri skiptingu eru misjöfn hvað varðar smáatriði og uppsetningu, allt frá því að vera handteiknaðar myndir til að sýna staðsetningu nýrra lóða til nákvæmra mældra korta þar sem öll hnit eru tölusett. Þessi skjöl má nálgast á skráningarskrifstofum eða hjá landupplýsingakerfum sveitarfélaga. Mörg þeirra eru einnig fáanleg á rafrænu formi í tengslum við aðrar upplýsingar frá Fasteignaskrá Íslands.

Upplýsingar um lögleg mörk, til dæmis landamerki á dreifbýlissvæðum, er aðallega að finna í textaskjöllum sem vísa í örnefni og kennileiti á viðkomandi svæði til að marka landamerki. Þessar lýsingar eru frá síðari hluta 19. aldar en á þó nokkrum stöðum hafa þau verið gerð markvissari og jafnvel tengd við mæld hnit. Áformið er að þessi landamerki verði mæld og skráð innan Fasteignaskrár þegar jarðir eru annað hvort seldar eða þeim skipt upp.

Af þessum sökum eru til litlar upplýsingar um heildarlandsvæði einstakra jarða á Íslandi þótt nokkrar mælingar á ræktuðu landi hafi verið gerðar af Bændasamtökum Íslands. Nýlega hafa samtökin endurmetið notkun ræktanlegs lands í landbúnaði. Heildartölur eru sem hér segir:

Tafla 5.1: Notkun ræктаðs lands eins og það hefur nýlega verið endurmetið af Bændasamtökum Íslands

Notkun	Stærð í hektörum
Slegin tún:	100,000
Beitiland:	18,000
Grænfóður, korn og kálrækt(áætlað):	10,000
Samtals:	128,000

Sjá einnig töflu 22.1

Engar tölfræðilegar upplýsingar eru til um óræктаð land sem notað er til beitar og ekki er heldur til skilgreining á landi sem notað er til landbúnaðar.

Ferli varðandi deilingu lands

Ef landeigandi hyggst búa til nýja landeiningu með því að skipta landi sínu verður að leggja fram umsókn til viðkomandi sveitarfélags ásamt uppdrætti. Sveitarfélagið fer með skipulagsvald á sínu svæði og ákveður hvort viðkomandi skipting er í samræmi við aðalskipulag. Ef landið er skráð til búskapar þarf sérstakt leyfi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til að breyta nýtingu þess, t.d. til íbúðabyggingar, verslunar eða afþreyingar.

Sveitarfélagið setur hinu nýja landsvæði sérstakt auðkenni, landamerki skikans, og skráir með fyrirvara hjá Fasteignaskrá Íslands. Þegar öll nauðsynleg gögn, uppdrættir og samþykki

²⁹ Lög um mælingu og skrásetningu lóða í Reykjavík og á Akureyri hafa þó verið í gildi frá 1914 og 1951.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins liggja fyrir skal fulltrúi Fasteignaskrár staðfesta fyrirvaraskráninguna og breyta stöðu landsins innan fasteignaskrár. Sá tími sem það tekur að mynda nýja fasteign í kerfinu er aðeins nokkrir dagar, allt eftir því hve flókið dæmið er.

Sem stendur er ekki gert ráð fyrir að í ferlinu séu könnuð landamerki sem tengjast öðrum jörðum í nágrenninu. Landeiganda er ekki skylt að skilgreina ystu landamerki jarðar sinnar nema sveitarfélagið krefjist þess, aðeins þann jarðarskika sem hann vill mynda. Þetta hefur skapað nokkur vandræði en vonandi verður ferlið slípað í náninni framtíð til að taka á þessu máli.

Þar eð sveitarfélög eru oftast landeigendur á þéttbýlissvæðum er skipting lands þar að nokkru leyti einfaldari.

Eign á landi

Eignarhaldi á landi má skipta í þjóðareign og einkaeign. Í þjóðareign er land sem hefur verið skilgreint samkvæmt Lögum um þjóðlendur (nr. 58/1998). Að mestu leyti er þar um að ræða land á hálendi og um miðbik landsins sem hefur verið skilgreint sem utan einkaeignar. Þótt land sé skilgreint þjóðlenda geta einstaklingar átt þar takmörkuð réttindi svo sem til beitar, skot- og fiskveiða.

Land í einkaeign má skilgreina sem land í eign persóna, annað hvort lögformlega eða náttúrulega, og land sem tilheyrir ákveðnum fasteignum eða almenningseign. Mestallt land í einkaeign á þéttbýlissvæðum er eign sveitarfélaganna og leigt til húseigenda, oft til 99 ára. Á dreifbýlissvæðum er eignarhald skipt milli ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga.

Þegar fleiri býli, eða jafnvel skikar í þéttbýli deila með sér sérstöku landsvæði, t.d. til beitar eða annara nota (í þéttbýli gæti t.d. verið um að ræða sameiginlegt land undir bílageymslur), er það nefnt sameignarland. Í þeim tilvikum eru það aðrar jarðeignir sem „eiga“ landið samkvæmt hlutdeild sem tekin er fram í lýsingu á landamerkjum þeirra. Þessi tegund eignarhalds er sem stendur ekki skráð í Fasteignaskrá Íslands og er ekki algengt eignarhald í þéttbýli.

Landbúnaðarland

Eins og tekið var fram að ofan má ekki breyta notkun landbúnaðarlands án leyfis Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eins og tekið er fram í Jarðalögum nr. 81/2004, greinar 5-7. Í þessum lögum er skýrt tekið fram að ekkert ræktarland, bæði það sem er í ræktun og það sem talið er ræktanlegt, megi nota til annars nema til komi sérstakt leyfi ráðuneytisins. Auk þess þarf að liggja fyrir leyfi ráðuneytisins ef sveitarfélag breytir skipulagi svæða sem áður hafa verið nýtt til landbúnaðar.

6. Vinsamlega veitið upplýsingar um allar tegundir tengdra stuðningskerfa (t.d. ef dregið er úr stuðningsgreiðslum til landbúnaðar ef ekki er fylgt tilteknum kröfum um umhverfismál, dýravernd, almennar heilbrigðiskröfur fyrir fólk, dýr og jurtir).

a) Beingreiðslur til bænda samkvæmt tengdri áætlun –gæðastýringu

Í Reglugerð nr. 10/2008 eru sett fram ákvæði um stjórnun og skilyrði vegna gæðastýringar í sauðfjárbúskap.

Umsóknir og skráning

Bændur sem óska eftir bónusgreiðslum á hvert kíló dillakjöts í fyrsta skipti eða hafa ekki áður fullnægt skilyrðum fyrir bónusgreiðslur verða að sækja skriflega til Matvælastofnunar á stöðluðum eyðublöðum fyrir 20. nóvember á hverju ári. Bændur sem fullnægja öllum skilyrðum þurfa ekki að skrá sig upp á nýtt og fá greiðslu árlega án umsóknar, svo lengi sem skilyrðum er fullnægt og þeir afsala sér ekki greiðslunni. Matvælastofnun heldur skrá yfir alla bændur sem hafa sótt um og uppfylla skilyrðin.

Skilyrði fyrir greiðslum

Skilyrðin fyrir greiðslum eru sett fram í Reglugerð nr. 10/2008, kafla II-IV. Almennt verða bændur að:

- Halda nákvæma skrá yfir áburðarnotkun sem staðfestir að fylgt sé ákvæðum laga um mengun og heilbrigði
- Halda skrá yfir fóðurframleiðslu á búinu
- Halda skrá um landnýtingu og tryggja rétta landnýtingu
- Halda skrá yfir notkun á lyfjum og skrá veikindi
- Sjá til þess að ákvæðum Reglugerðar nr. 933/2007 um dýravernd sé fylgt
- Sjá til þess að einstaklingsmerking búfjár sé í samræmi við Reglugerð nr. 289/2005 og 63. grein Laga nr. 6/1986
- Halda kynbótaskýrslur um hjörðina
- Standa við bólusetningarkröfu sem sett er fram í Reglugerð nr. 933/2007 um bólusetningu sauðfjár og geita til að fyrirbyggja garnaveiki.
- Ljúka námskeiði um gæðastýringu fyrir bændur

Í 18. grein Reglugerðar nr. 10/2008 er settur fram rammi um skilgreiningu á hvaða bændur uppfylla skilyrði til að þiggja bónusinn og hvaða ferli skal sett af stað ef bóndi fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru um gæðastýringarkerfið.

Sem stendur þiggja 1,410 bændur gæðastýringarbónus.

Endanleg upphæð til verkefnisins árið 2008 var kr. 1,038,718,000 en árið áður var hún 689,130 krónur.

b) Gæðastýring í nautgripabúskap

Þeir kúabændur sem fá beingreiðslur og gripagreiðslur og uppfylla skilyrði sem Bændasamtök Íslands setja um skráarhald um kúabúskapinn eiga möguleika á að fá bónusgreiðslur.

Upphæðin sem stýrir áætluninni er sett fram í Reglugerð nr. 648/2009. Upphæðinni er útdelt á eftirfarandi máta:

- Flöt greiðsla, þ.e. 20% af upphæðinni eru greidd til allra framleiðenda sem uppfylla skilyrðin
- Hlutfallsgreiðsla, þ.e. 80% heildarupphæðarinnar eru greidd framleiðendum samkvæmt hlutfallslegum parti þeirra af öllum stuðningsgreiðslum í viðkomandi mánuði

Upphæðin er greidd í fjórum jöfnum hlutum; í janúar, maí, september og í janúar á næsta ári. Skrár verður að afhenda Bændasamtökunum reglulega og verða skýrslur að hafa borist fyrir 11. næsta mánaðar á undan. Jafnframt þarf að afhenda mjólkursýni til athugunar frá sérhverri mjólkandi kú. Niðurstaða sýna verður að liggja fyrir eftir 15 daga frá lokum ársfjórðungsins. Í undantekningartilvikum getur rannsókn sýna tafist af tæknilegum ástæðum. Nýir þátttakendur í gæðastýringarkerfinu verða að vera skráðir og hafa skilað skýrslum reglulega ásamt rannsóknarsýnum undanfarinn ársfjórðung og jafnframt að uppfylla almenn skilyrði.

Bújörð er talin skýrslubýli ef það var skráð til þátttöku í kerfinu á næsta framleiðsluári á undan. Nýtt skýrslubýli þýðir að býlið var ekki skráð inn í kerfið árið áður; eða að skipt hefur verið um eiganda þess síðasta framleiðsluár.

Árið 2009 voru þátttakendur í kerfinu 555. Raunverulegar greiðslur árið 2008 voru 127,217,000 krónur en 119,628,000 krónur árið áður.

II. MARKAÐSRÁÐSTAFANIR

8. Heildarlýsing á stefnumörkun sem nú er notuð eða áætluð varðandi sérhverja framleiðslu eða framleiðsluflokka sem nefndir eru hér og taka til:

- tilgangs, framkvæmdar og helstu magnatriði allra þátta sem snúast um landbúnaðarstefnu, sem tekur til framleiðslu og eru nú í notkun eða á áætlun (stuðningskerfi – markaðsinngrip (uppkaupt, geymsla einkaaðila eða hins opinbera o.s.frv.), framleiðslukvótar, framleiðslu- eða útflutningsgjöld, skattar, innflutningsgjöld og sambærileg gjöld og aðrar ráðstafanir á landamærum eins og kvótar á tollskrártaxta og annað val á stýringu á innfluttri framleiðslu, endurgreiðslum vegna útflutnings o.s.frv.).
- stjórnun innflutningskvóta með útskýringu á því hvort notað er kerfi inn- og útflutningsleyfa og hvort slíkt kerfi sér um tryggingar (bankatryggingar) og eftirlit (raunverulegar athuganir á vörum sem fluttar eru út með endurgreiðslu).

- stjórnun og eftirlit með kerfi niðurgreiðslna vegna framleiðslu ásamt lýsingu (ferli umsóknna um niðurgreiðslu á framleiðslu, skráningu á jörðum bænda í lögbýlaskrá landsins, hvaða upplýsingar þar eru varðveittar, hagnýtt eftirlit með viðeigandi uppskeru)

Ræktanlegar tegundir, trefjar, sykur:

- Korntegundir;
- þurrkað fóður, olíufræ, eggjahvítuuppskera;
- kartöflusterkja;
- hör og hampur;
- sykur;
- kartöflur.

Skepnuafurðir:

- mjólk og mjólkurvörur;
- nauta- og kálfakjöt;
- sauðfé og geitur;
- svínakjöt;
- egg, alifuglakjöt;
- hunang.

Sérstök uppskera og framleiðsla:

- alkóhól;
- ávextir og grænmeti;
- bananar;
- blómaræktun;
- tóbak;
- fræ;
- humall.

9. Þar sem sérstakar ráðstafanir eru gerðar sem eiga við meira en einn flokk framleiðslu skal telja þær með í lýsingu á hverjum flokki sem um ræðir. Í lýsingunum skulu í það minnsta koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- nafn ráðstöfunarstefnu; hvort henni er framfylgt eða á áætlun (áætluð dagsetning líklegs upphafs hennar);
- lagalegur grundvöllur (nafn og skráningarnúmer viðeigandi lagasetningar); - markmið og almenn lýsing á áætluninni;
- hvað ræður hverjir koma til greina við ráðstafanir stefnunnar;
- greiðslur (og gjöld eða annar óbeinn stuðningur);
- grundvöllur greiðslna og svæðisbundinn aðgreiningur (einnig grundvöllur sem ákveður svæði);
- upphæð sem hefur verið eytt frá 2000; heildarupphæð og einnig fyrir hverja einingu (svæði ef skipting er svæðisbundin);
- til hvers gjöld/skattar eru notuð (greitt í ríkissjóð eða ætluð til fjármögnunar sérstakra athafna, ef svo er greinið frá hverjar þær eru);
- stjórnun áætlunar.

10. Að auki ætti lýsing á ávaxta- og grænmetisgeiranum að innihalda vísbendingu þar sem við á um fjárhagslegt mikilvægi samtaka framleiðenda (þar á meðal fjöldi og hlutfall af framleiðslu sem heyrir undir slík samtök). Einnig væri gagnlegt að gefa upp smáatriði um einhvern dæmigerðan markað sem ákvarðar framleiðslu og innflutningsverð. Einnig ættu að fylgja vísbendingar um niðurgreiðslur fyrir úrvinnslu ferskra ávaxta og grænmetis og um tengsl úrvinnsluaðila og framleiðenda fersku vörunnar.

Inngangur

Aðalatriði núverandi landbúnaðarstefnu á Íslandi, þar á meðal markaðsráðstafanir, er að finna í Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 með síðari breytingum. Lögin leggja grunn að opinberum markmiðum með landbúnaðarstefnu Íslands og setur fram almennan ramma um stefnu varðandi íslenskan landbúnað og reglugerða um hann.

Vilji til að ýta undir skilvirkni, hagræðingu og markaðskynningu er settur fram í þremur samningum milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna varðandi mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu. Þessir samningar sjá framleiðendum fyrir stöðugu og fyrirsjáanlegu starfsumhverfi til 2014, 2015 og 2013 eftir fyrrgreindum greinum. Sérstakri stefnumótun

samninganna er komið í framkvæmd með Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993 og Fjárlögum ríkisins.

Nú þegar í upphafi skal þess getið að Ríkisstjórn Íslands hefur leyft sér að bæta við þetta svar nokkrum framleiðsluþáttum sem hún trúir að séu verð sérstakrar umfjöllunar.

Einnig skal tekið fram að stjórnskipun innflutnings er undir miklum áhrifum, af grundvallarástæðum, af banni á innflutningi á lifandi dýrum og ákveðnum dýraafurðum og einnig takmörkunum á innflutningi jurta og jurtaafurða til að vernda viðkvæmt dýra- og jurtalíf sem helgast af langvarandi landfræðilegri einangrun. Bannið nær meðal annars til ósoðins kjöts og kjötvara. Bannið byggir á Lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 með síðari breytingum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur með meðmælum Yfirdýralæknis leyft innflutning svo framarlega að sannað sé að ekki sé hætt á að varan flytji með sér nein aðskotaefni sem geta valdið sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum og að skilyrðum sem eiga við innflutning sé fullnægt. Samkvæmt Reglugerð nr. 189/1990 (byggð á Lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum nr. 51/1981) er innflutningur á plöntum og vörum úr plöntum háður kröfum um vottorð og hann má Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra takmarka til verndar íslenskri flóru við sjúkdómum og meindýrum. Varðandi þessar aðgerðir og aðrar sem ekki eru markaðsráðstafanir skal vísað til svara við spurningu 11:2, að hluta til I og einnig má líta til 12. kafla spurningalistans um fæðuöryggi, dýralækningar og jurtastefnu.

Varðandi tolla skal tekið fram að þau eru lögð á aðra framleiðslu en þá sem fellur undir framleiðsluvörur sem nefndar eru í spurningunni. Almennt er þetta gert til að verja markaðshlutdeild innlendra framleiðslu en einnig til að skapa jafnt samkeppnisumhverfi fyrir fáein vinnslufyrirtæki með langa sögu að baki. Hvað þetta varðar skal sérstaklega bent á að þetta stjórnarfyrirkomulag varðandi valin vinnslufyrirtæki landbúnaðarvara er byggt á tilslökunum sem gerðar voru fyrir þessar vörur með Bókun 3 í EES samningnum. Þær eru viðmiðanir í öðrum fríverslunarsamningum hvað þetta varðar. Í sumum tilvikum er um þær fjallað í öðrum greinum varðandi tengdar framleiðslugreinar; en aðstæður eru hins vegar í einstaka málum þannig að þetta reyndist ekki hagkvæmt. Frekari upplýsingar má sjá í Viðauka 11.8 A, þar sem er að finna töflu um tolla á landbúnaðarvörum. Tvíhliða samningar um landbúnaðarvörur milli Íslands og viðeigandi samningsaðila um fríverslun eru aðgengilegir á netinu.³⁰ Í Viðauka 11.8.B eru upplýsingar um skipan innflutningsmála varðandi unnar

³⁰ Fríverslunarsamninga sem gerðir voru sameiginlega við öll EFTA-lönd ásamt tengdum tvíhliða samningum er að finna á vefsíðu EFTA: <http://www.efta.int/content/free-trade/fta-countries>
EES-samninginn er að finna á EFTA-vefsíðunni: <http://www.efta.int/content/legal-texts/eea>
Tvíhliða samning milli Íslands og Evrópusambandsins sem byggður er á 19. grein EES-samningsins og má m.a. nálgast í gagnagrunni Samningaskrifstofu Evrópusambandsins: <http://ec.europa.eu/world/agreements/prepareCreateTreatiesWorkspace/treatiesGeneralData.do?step=0&redirect=true&treatyId=4861>
Tvíhliða samning milli Íslands og Noregs sem byggður er á 19. grein EES-samningsins má nálgast á vefsíðu Stjórnartíðinda: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=81710592-25e1-4488-9a2e-b029f5ed0286>
EFTA samninginn er að finna á EFTA-vefsíðunni: <http://www.efta.int/content/legal-texts/fta-convention>
Hoyvik-samninginn má nálgast á vefsíðu Stjórnartíðinda: <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=95a6f2c9-fdb2-44eb-88d1-37f1d9448601>

landbúnaðarvörur sem eiga uppruna sinn innan EES. Alla Bókun 3 við EES-samninginn er að finna á netinu.³¹

Um kvóta á tollskrártaxta verður fjallað í þáttum um hvern framleiðsluþátt. Nokkrar vörur varðandi skuldbindingar Íslands um aðgengi samkvæmt samningum Alþjóðaviðskiptaráðsins (WTO) eru ekki háðar neinu kvótakerfi í innflutningi, aðeins er um að ræða viðeigandi gjaldskrár sem eru jafnar eða lægri en samsvarandi kvótar. Þessar vörur falla undir tollflokka í töflu 8.1.

Tafla 8.1: Núgildandi skuldbundið aðgengi skv WTO þar sem vara er ekki háð neinu kvótakerfi

0506	1003	1102	1201	1212	1508	1514	1520	1902	2005	2301
0710	1004	1103	1202	1501	1509	1515	1521	1904	2102	2302
0711	1005	1104	1204	1502	1510	1516	1701	2001	2103	2304
0712	1006	1105	1206	1505	1511	1517	1702	2002	2104	2306
1001	1008	1106	1207	1506	1512	1518	1703	2003	2106	2309
1002	1101	1108	1208	1507	1513	1519	1806	2004	2202	3501

Til að sjá nákvæmt yfirlit, vinsamlegast leitið eftir WTO-lista um skuldbindingar Íslands eða nýjstu tilkynningum um markaðsaðgengi hjá WTO-nefnd um landbúnað dagsettri 30. júlí 2009 og er aðgengileg á netinu.³²

Kornvörur, trefjar, sykur:

Af þeim vörum sem falla undir þennan vöruflokk er aðaluppskera á Íslandi ákveðnar tegundir, nefnilega bygg, fóður af grasi sem þurrhey eða vothey (mest rúllubaggað vothey) og kartöflur. Heyflokkarnir eru aðalfæða sauðfjár, hrossa og nautgripa en korn er aðalfæða í alifugla- og svínarækt og sem fódurbætir í mjólkurframleiðslu. Græn fóður fyrir skepnur er einnig mikilvægt við vetrarfóðrun og haustbeit. Undanfarin ár hefur innanlandsframleiðsla á byggi og græn fóðri aukist og er sífellt að verða mikilvægari hluti fódurs innanlands.

Löng hefð er fyrir kartöflurækt á Íslandi. Markaðshlutdeild innlendra kartaflna er áætluð um 75%. Kartöflurækt er aðallega bundin við ákveðin svæði (Þykkvabæ, Eyjafjörð og Hornafjörð).

- Kornrækt

Undanfarin ár hefur byggærkt aukist jafnt og þétt. Uppskeran árið 2008 var áætluð rétt rúmlega 15,000 tonn í samanburði við 4,300 tonn árið 2000. Ræktunin er fyrst og fremst gerð af kvikfjárræktendum og uppskeran er næstum eingöngu notuð sem skepnufóður á býlunum.

Bygg til manneldis er enn agnarlítið.

³¹ Bókun 3 við EES-samninginn er að finna á vefsíðu EFTA: <http://www.efta.int/content/legal-texts/eea/protocols/protocol3.pdf/view>

³² Sjá skjal G/AG/N/ISL/29 sem er á <http://docsonline.wto.org/DDFDocuments/t/G/AG/NISL29.doc>

Ræktun annara korntegunda, t.d. vetrarhveitis er aðeins á tilraunastigi.

Eftirfarandi markaðsráðstafanir eru gerðar vegna korns:

i. Tollar og Fóðursjóður

Tollar eru lagðir á samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollskrá. 55% verðtollar eru lagðir á allt fóður sem ætlað er til skepnueldis. Á móti kemur að Fóðursjóður endurgreiðir að hluta eða að fullu þá tolla sem greiddir eru af sumum fóðurvörum í samræmi við Reglugerð nr. 431/1996 ásamt síðari breytingum um greiðslur úr Fóðursjóði. Greiða skal að fullu gjald af hráefni til fóðurvinnslu, unnins fóðurs fyrir loðdýr og fiskeldi. Fyrir fullkomlega tilbúið fóður sem upprunnið er utan EES-svæðisins skal endurgreiða allt gjaldið nema 3.90 krónur fyrir hvert kílógramm. Varðandi fullunnar fóðurvörur sem upprunnar eru innan EES-svæðisins skal tollur allur endurgreiddur í krafti Reglugerðar nr. 1220/2008 sem tímabundið kemur í stað Reglugerðar nr. 431/1996 á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 31. desember 2009. Fóðursjóður er undir stjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Engir tollar eru lagðir á kornvörur til manneldis.

- Þurrfóður, fræ til olíuframleiðslu, afurð til vinnslu eggjahvítuefnis

Þurrhey og rúllubaggað vothey eru gríðarleg mikilvægt fyrir fóðrun sauðfjár, hrossa og nautgripa. Árið 2008 var þurrhey samtals 133,829 rúmmetrar samanborið við 433,000 rúmmetra árið 2000. 2008 var votheysfengur alls 2,174,647 rúmmetrar samanborið við 1,958,000 rúmmetra árið 2000. Tekið skal fram að hafnar eru tilraunir með ræktun olíurepju.

i. Tollgjöld og Fóðursjóður

Sama gildir hér og um kornvörur. Sjá a) Kornvörur, i. Tollgjöld og Fóðursjóður.

- Kartöflusterkja

Engin framleiðsla á kartöflusterkju er í landinu. Tollar eru lagðir á samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollalögum. Við bestu kjara viðskipti er lagt á 5% tollur af verðgildi. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum gjöldum í samningum um fríverslun.

- Hör og hampur

Hör og hampur er ekki framleitt á Íslandi að undanskilinni tilraunaræktun á hör. Engin stefnumótun hefur verið gerð.

- Sykur

Enginn sykur er framleiddur á Íslandi.

Tollur er lagður á sykur til fóðurnota samkvæmt vöruliður 1703. Varðandi endurgreiðslur úr Fóðursjóði á það sama við og um kornvörur, sjá a) Kornvörur, i. Tollgjöld og Fóðursjóður.

Sykrað sælgæti fellur undir tollnúmer 1704 og 20% bestu kjara gjald er lagt á. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum tolli í fríverslunarsamningum.

Sérstakt gjald eftir Lögum nr. 97/1987 með breytingum er lagt á flokka landbúnaðarafurða, bæði innfluttra og framleiddra innanlands, þar á meðal á sykur. Gjald á sykur er breytilegt milli 60 og 120 ísl. kr. á kíló. Gjaldið er ekki lagt á sykur til skepnufóðurs (það fellur undir vörulið 1703). Álagning gjaldsins er stjórnað af Fjármálaráðuneytinu og Skattstofunni.

- Kartöflur

Eins og áður er sagt var áætlað magn kartöfluuppskerunnar árið 2008 12,500 tonn. Eftirfarandi sérstakar markaðsráðstafanir um framleiðsluna eru í notkun.

i. Tollgjöld og tollkvótar

Tollgjöld eru lögð á eftir Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollskrártöxtum. Bestu kjara tollar eru samsettir, þ.e. verðtollar og magntollar. Fyrir nýjar kartöflur og kartöflur sem falla undir vörulið 0710, verðtollur er 30% og magntollar allt frá 55 til 60 krónum á kíló (sjá Viðauka 11.8 A með töflu um tolla á landbúnaðarvörur). Unnar vörur úr kartöflum falla undir vörulið 2001, 2004 eða 2005 og lagður er á verðtollur á bilinu 15-76%.

Samkvæmt WTO skuldbindingum leyfir Ísland markaðsaðgang samkvæmt núverandi skuldbindingum á hverju ári. Hins vegar eru kartöflukvótar auglýstir samkvæmt reglugerð á hverju ári eftir árstíðabundnum sveiflum í innlendum birgðum. Kvótarnir sem eru tollfrjálsir eru aðallega bundnir við þann tíma árs þegar ekki er völ á innlendri framleiðslu.

Í nýjstu fríverslunarsamningum hefur Ísland veitt afslátt af tollum á kartöfluflögum sem falla undir tollskrárnúmer 2004.1002, frá 76% verðtollni niður í 46% (sjá Viðauka 11.8 A með töflu um tolla á landbúnaðarvörur).

ii. Stuðningur við eflingu, rannsóknir, þróun og menntunarverkefni

Samkvæmt samningi Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um ramma um stuðning við grænmetisrækt er boðið upp á stuðning vegna eflingar greinarinnar, rannsókna, þróunar og menntunarverkefna. Kartöflugeirinn á möguleika á fjármunum til eflingarstarfs (algeng áætlun meðal kartöflubænda). Upphæð til þessa árið 2009 er um það bil 29 milljónir króna. Upphæðin er greidd Framleiðnisjóði landbúnaðarins og síðan veitt bændum samkvæmt framkvæmdareglum sem settar eru af Sambandi grænmetisbænda.

Skepnuaufurðir

Auk þeirra afurða sem fjallað verður um undir millifyrirsögnum eru gjöld lögð á þó nokkrar aðrar kjötvörur sem þó falla ekki undir aðra stefnumótun. Sjá um þessar vörur í töflu um tolla á landbúnaðarvörur.

- Mjólk og mjólkurvörur

Starfsumhverfi mjólkurframleiðslu er stjórnað af samningi milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna, sem stendur fyrir tímabilið 2005-2014. Samningur þessi er gerður og framkvæmdur á grundvelli Laga nr. 99/1993 og Fjárlögum.

Markmið gildandi samnings um starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar eru skilgreind í 51. grein Laga nr. 99/1993:

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði
- Að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda
- Að viðhaldið verði þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni
- Að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópí mjólkurframleiðenda og unnt sé að nýta framleiðsluáðstöðu með eðlilegum hætti
- Að gætt sé sjónarmiða um velferð dýra og heilnæmi afurða

Þótt greinin hafi þróast mikið undanfarin ár og framleiðendum hafi fækkað þá hafa bú stækkað og orðið skilvirkari. Þar að auki hefur úrvinnsluþátturinn breyst mikið vegna hagræðingar og röð af samruna mjólkurstöðva. Sem stendur eru fyrirtæki í mjólkurvinnslu þrjú á markaði:

Mjólkursamsalan (MS) sem hefur langstærstu markaðshlutdeildina, *Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga* og *Mjólkra*.

Eftirfarandi markaðsráðstafanir eru notaðar við mjólk og mjólkurvörur.

i. Framleiðslukvótar og beingreiðslur eftir réttindum til stuðnings

Ráðstöfunum er stjórnað í samræmi við Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993 og Reglugerð nr. 648/2009 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bændra frá 1. september 2009 til 31. desember 2010.

Í gildi er kvótakerfi um mjólkurbýli. Framleiðslukvóti hvers býlis er sérstakur hluti af framleiðslukvóta fyrir allt landið sem er byggður á sölu undanfarið ár til að tryggja nægilegt magn mjólkur og mjólkurvara á innanlandsmarkaði. Ef mjólkurstöð kaupir mjólk af bónda í meira magni en hann hefur kvóta fyrir, verður mjólkurstöðin að flytja út mjólkurvörur til jafns við mjólk utan kvótans. Hins vegar getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga leyft að mjólkurvörur séu settar á innanlandsmarkað sé hætt á skorti vegna lítilla birgða. Undanfarin ár hefur

mjólkurframleiðsla verið meiri en sú sem gert er ráð fyrir með framleiðslukvótum, en vegna markaðsumhverfisins hefur framkvæmdanefndin leyft markaðssetningu umframframleiðslu á hverju ári.

Framleiðslukvóta bújarða má flytja og selja. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ákveður heildarkvóta eftir ráðleggingum frá Bændasamtökunum. Frá 2011 verður kvóti miðaður við almanaksárið. Áður hefur kvótinn verið miðaður við verðlagsárið sem byrjar 1. september. Í viðauka við nágildandi samning um mjólkurframleiðslu frá því í apríl 2009 var framleiðsluárinu breytt yfir í almanaksárið og gildistími samningsins framlengdur til 2014. Fyrir framleiðslu árið 2008-2009 (sem hófst 1. september) var mjólkurkvótinn 119 milljón lítrar. Vegna millibilsástands vegna aðlögunar að almanaksárinu var settur kvóti fyrir 16 mánuði sem hefst 1. september 2009 og nær til 31. desember 2010. Framleiðslukvóti fyrir þetta tímabil hefur verið settur 155 milljónir lítra.

Tafla 8.2: Framleiðslukvótar mjólkur (í þúsundum lítra)

2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009
103,000	104,000	106,000	105,000	106,000	111,000	116,000	117,000	119,000

Þeir bændur sem hafa kvóta til mjólkurframleiðslu fá beingreiðslur fyrir hvern mjólkurlíttra innan þess kvóta sem þeir hafa. Beingreiðslunum er ætlað að styðja við mjólkurframleiðslu og markað fyrir mjólkurvörur. Greiðslurnar eru fjármagnaðar úr ríkissjóði. Sú upphæð sem lögð er til beingreiðslna, einnig nefndar heildarréttur til stuðnings, eru bundin í samningnum um mjólkurframleiðslu og framkvæmd í gegnum fjárlög.

Þegar framleiðslukvóti hefur verið ákveðinn fyrir eitt ár er heildarupphæðinni sem ætluð er til beingreiðslna deilt jafnt eftir þeim lítrum sem fyrir liggja í kvótanum. Greiðslur fyrir hvern líter breytast því á milli ára, greiðslur minnka ef framleiðslukvótinn eykst en hækka ef kvótinn minnkar.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við skráð lögbýli. Matvælastofnun ber ábyrgð á skráningu rétthafa. Greiðslur fara fram mánaðarlega. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið flytur heildarupphæð mánaðarins í samræmi við rétthafa til Bændasamtakanna sem sjá um greiðslur til einstakra rétthafa.

Sjá ennfrems svör um beingreiðslur í III. hluta þessa kafla.

ii. Stjórn á verði til framleiðenda og heildsöluverði (Verðlagsreglur).

Ráðstöfunum er stjórnað samkvæmt VI. kafla Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993.

Verðlagsnefnd búvara ákveður lágmarksverð til framleiðenda fyrir fyrsta flokks mjólk innan framleiðslukvóta. Nefndin ákveður ennfrems lækkun verðs á mjólk vegna lélegri gæða. Sama lágmarksverð gildir um allt Ísland. Nefndin byggir ákvörðun sína á framleiðslukostnaði bændna, þar á meðal sanngjörnum afrakstri eftir upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Síðasta ákvörðun

nefndarinnar um verð til bænda tók gildi 1. nóvember 2008. Ákvarðanir nefndarinnar um verð til bænda er birtar í Lögbirtingablaðinu. Verð fyrir mjólk utan kvóta er byggt á útflutningsverði; þar sem útfluttar mjólkurvörur eru reiknaðar sem „jafngildi mjólkur“. Ef Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur leyft að mjólk utan kvóta sé sett á innanlandsmarkað ákveða mjólkurstöðvar verðið eftir markaðsaðstæðum.

Nefndin ákveður einnig heildsöluverð á nokkrum grunnvörum úr mjólk. Meðal varanna er nýmjólk, undanrenna, rjómi, smjör, skyr, ákveðnar osttegundir, nýmjólkurduft og undanrennuduft. Við ákvarðanatökuna tekur nefndin tillit til verðs til bænda og rökstuddum upplýsingum um vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkurstöðva. Heildsöluverðið er auglýst í Lögbirtingarblaðinu (viðeigandi auglýsing tók gildi 1. ágúst 2009). Sama heildsöluverð gildir fyrir allt Ísland.

Löggjöfin veitir möguleika á að Verðlagsnefnd búvara geti hvenær sem er tekið ákvörðun um að afnema alla verðstjórnun. Í nefndinni eru fulltrúar Bændasamtakanna, Sambands kúabænda, Alpýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanns ríkis og bæja og formaður nefndarinnar frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar í nefndina árlega.

Samkvæmt 13. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 og breytingum í Lögum nr. 85/2004 er mjólkurstöðvum leyfð samvinna til að gera tilfærslur á verði ákveðinna vara, þrátt fyrir ákvæði í Samkeppnislögum (nr. 44/2005). Slíkar tilhliðranir skal tilkynna Verðlagsnefnd búvara.

Samkvæmt 71. grein áðurnefndra laga og þrátt fyrir bann við slíkri samvinnu í Samkeppnislögum (nr. 44/2005) er samruni mjólkurstöðva leyfilegur, svo og að koma á fyrirkomulagi vegna skiptingar á störfum varðandi framleiðslu ákveðinna mjólkurvara eftir því sem þeim sýnist viðeigandi, og vinna saman að öðrum málum til að lækka verð á vörum, geymslu og dreifingu.

iv. Verðtilfærslugjald

Samkvæmt 22. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 er innheimt gjald að upphæð 2.65 ísl. krónur á líter af mjólk við afhendingu á mjólkurstöð. Upphæðin er notuð til að lækka heildsöluverð ákveðinna landbúnaðarvara samkvæmt ákvörðum Verðlagsnefndar. Notkun þessa tilfærslugjalds hefur minnkað á nýliðnum árum. Árið 2008 var heildarupphæð gjaldsins 311.9 milljónir króna.

Tafla 8.3: Verðtilfærslugjald (í þúsundum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
270,495	281,296	293,517	287,218	284,330	275,851	303,846	308,472	311,866

v. Verðmiðlunargjald

Samkvæmt 19. grein Laga nr. 99/1993 um framleiðslu verðlagningu og sölu á búvörum og tengdri Reglugerð nr. 123/1994 um Verðmiðlunargjald á mjólk, þá er innheimt gjald upp á 0.65

krónur af hverjum lítra af mjólk við afhendingu til mjólkurstöðva. Gjaldið skal nota til að jafna út framleiðslukostnað mjólkurstöðvanna, þ.e. mismunandi kostnað mjólkurstöðva við söfnun mjólkur frá býlunum, til að auka hagkvæmni vegna mismunandi starfa mjólkurstöðvanna og jafna kostnað við markaðssetningu framleiðslunnar. Við veitingu þeirra fjármuna sem ætlaðir eru í þessum tilgangi skal Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrst æskja umsagnar Bændasamtakanna og Sambands mjólkurstöðva. Notkun á þessari verðmiðlun hefur minnkað undanfarin ár þar eð í stórum dráttum er aðeins ein mjólkurstöð á markaðnum.

Tafla 8.4: Verðmiðlunargjald (í þúsundum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008e
66,348	68,997	71,995	70,450	69,741	67,662	74,528	75,663	76,474

vi. Tollgjöld og tollkvótar

Tollar eru lagðir á samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollskrá. Bestu kjara tollar eru samsettir, þ.e. verðtollar og krónutollar, og eru báðir lagðir á mjólk og mjólkurvörur. Verðtollar eru fastir 30% og krónutollar allt frá 44 til 623 króna á kíló. Á ákveðnar jógurt-vörur sem falla undir vörulið 0403er lagður sérstakur tollur í ívilnunaraskyni samkvæmt stjórnun á verslun með unnar landbúnaðarvörur, en Bókun 3 í EES-samningnum veitir víðtækastar tilslakanir. Tollurinn er allt frá 45 til 53 króna á kíló. Sömu ívilnanir eru notaðar við ákveðnar vörur sem í er mjólk eða mjólkurvörur, svo sem smjörliki undir vörulið 1517 og krónutollur, á bilinu 60-90 krónur á kíló; einnig á súkkulaði með vöruliður 1816 og sérstakt gjald á bilinu 18-109 krónur á kíló. Á aðra samsetta vöru, er lagður bestu kjara tollur svo sem á rjómaís undir vörulið 2105, 30% verðtollur og 110 krónur á kíló (sjá Viðauka 11.8 A með töflu um tolla á landbúnaðarvörur; og Viðauka 11.8 B um unnar landbúnaðarvörur innan Bókunar 3 í EES-samningnum).

Markaðsaðgengi mjólkurvara er stjórnað með kvótum í fjölþjóða og tvíhliða samningum og skipulagi. Ísland leggur úthlutar tollkvóta á mjólkurvörur samkvæmt WTO skuldbindingum sínum.

Tafla 8.5: Lágmarks markaðsaðgengiskvótar á mjólk og mjólkurvörum eins auglýst hefur verið fyrir árabilið 2008-2009

Fyrir-sagnar-nr.	Toll skrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta kr./kg
				Verð tollur	Magn tollur	Magn tollur
0405		Smjör og önnur fita og olía úr mjólk; mjólkurviðbit:	53,000			
	0405.xxxx	Smjör og önnur fita og olíur		30%	220-623	244

0406		Ostar og ystingur:	119,000			
	0406.1000	Ferskur (óþroskaður og óverkaður) ostur, þar á meðal mysuostur og ystingur		30%	430	174
	0406.2000	Rifinn og mulinn ostur, allar gerðir		30%	430	174
	0406.3000	Unninn ostur, ekki rifinn eða mulinn		30%	430	130
	0406.4000	Bláæða ostur		30%	500	200
	0406.9000	Annar ostur		30%	500	195

Kvótarnir gilda frá 1. júlí til 30. júní. 2008-2009 voru kvótar auglýstir og þeir veittir innflytjendum af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samræmi við uppástungur sérstakrar nefndar sem í sitja fulltrúar frá ráðuneytum landbúnaðar, viðskipta og fjármála. Ef umsóknir eru meiri en þeir kvótar sem eru til skiptanna voru kvótarnir boðnir upp og veittir hæstbjóðanda. Tilboð í kvóta voru aðeins gild ef þeim fylgdi bankaábyrgð á sömu upphæð og tilboðið og sem varð að greiðast innan sjö daga frá því að boðinu var tekið.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 var hins vegar önnur aðferð notuð. Samkvæmt 12. grein Tollalaga nr. 88/2005 skal gjald sem lagt er á innflutning innan kvóta samkvæmt ákvæðum um lágmarksaðgengi vera 32% af grunntaxta sem sérstaklega er tekið fram í Viðauka nr. II A (tilvísað gjald er skilgreint bæði sem verðtollur og magntollur og skal sá hærri lagður á). Frá 1995 hefur gjaldið verið fast, 32% af sérstöku gjaldi. Varðandi umsóknir um kvóta fyrir tímabilið 2009-2010 lágmarks kvótatollur verið ákveðið 32% af fullum verðtolti.

Tafla 8.6: Lágmarks markaðsaðgengiskvótar fyrir mjólk og mjólkurvörur fyrir tímabilið 2009-2010

Fyrir-sagnar-nr.	Tollskrár-svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta %
				Verð tollur	Magn tollur	Verð tollur
0405		Smjör og önnur fita og olía úr mjólk; mjólkurviðbit:	53,000			
	0405.xxxx	Smjör og önnur fita og olíur		30%	220-623	215.7
0406		Ostar og ystingur:	119,000			
	0406.1000	Ferskur (óþroskaður og óverkaður) ostur, þar á meðal mysuostur og ystingur		30%	430	182.4
	0406.2000	Rifinn og mulinn ostur, allar gerðir		30%	430	182.4
	0406.3000	Unninn ostur, ekki rifinn eða mulinn		30%	430	185.9

	0406.4000	Bláæða ostur		30%	500	193.3
	0406.9000	Annar ostur		30%	500	185.0

Samkvæmt tilhögun milli Íslands og Noregs, dagsettri 28. júní 2000, lætur Ísland Noregi í té eftirtalda tollfrjálsa kvóta:

Tafla 8.7: Tollfrjálsir innflutningskvótar á osti frá Noregi skv. 19. grein samnings milli Íslands og Noregs

Fyrir-sagnar nr.	Tollskrá-svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta kr./kg
				Verðtollur	Magn tollur	Magn tollur
0406		Ostur og ystingur:	13,000			
	0406.3000	Unninn ostur, ekki rifinn eða mulinn		30%	430	0

Kvótinn er veittur með uppboði fyrir almanaksárið.

Að auki er vísað til samningsins milli Íslands og Evrópubandalagsins varðandi viðbótar verslunarívilnun á landbúnaðarvörum sem er gerð á grundvelli 19. greinar EES-samningsins þar sem gert er ráð fyrir tveim gjaldfrjálsum ostakvótum, samtals 100 tonn að magni. Kvótum í tengslum við ESB er stjórnað á sama hátt og lágmarks aðgengiskvótum á kvótaárinu 2008-2009 eins og lýst hefur verið þótt ESB kvótar séu lagðir á fyrir almanaksárið.

vii. Verðjöfnun til útflutnings

Til að jafna út samkeppnisstöðu útfluttrar innanlandsframleiðslu hefur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leyfi samkvæmt grein 85 A í Lögum nr. 99/1993 til að greiða uppbotargreiðslu við útflutning fullunninnar vöru sem í er innlent hráefni. Þessi uppbot skal vera jafnmikil og munurinn á innlendu viðmiðunarverði og viðmiðunarverði á heimsvísu á hráefnisvöru í fullunnu vörunni. Þetta fyrirkomulag er sjaldan notað þótt það eigi meðal annars við um mjólkurvörur. Fjármagn til þessa er ákaflega takmarkað og fastsett á fjárlögum (árið 2009 5 milljónir króna).

- nauta- og kálfakjöt

Árið 2008 var framleiðsla nauta- og kálfakjöts um það bil 3,600 tonn.

Eftirfarandi markaðsráðstafanir eru notaðar.

i. Ákvörðun á ráðlögðu verði á nauta- og kálfakjöti

Samkvæmt 8. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 hafa Landssamtök kúabænda leyfi til að afhenda framleiðendum árlega lista með viðmiðunarverði

ii. Tollgjöld og tollkvótar

Tollar eru lagðir á nauta- og kálfakjöt í samræmi við Tollalög nr. 88/2005 og tengt tollgjöldum. Engin gjöld eru lögð á lifandi nautgripi en innflutningur þeirra er hins vegar bannaður af heilbrigðisástæðum. Í öllum öðrum tilvikum eru lögð á samsett bestu kjara gjöld, þ.e. verðtollur og magntollur, sá fyrrnefndi föst 30% en sá síðarnefndi allt frá 315 krónum upp í 1,462 krónur á kíló (sjá Viðauka 11.8 A töflu um tolla á landbúnaðarvöru). Samkvæmt samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins varðandi verslunarívilnun á búvöru er lagt á samsettur tollur, 18% verðtollur og 189-877 krónur á kíló (frekari upplýsingar má fá í samningnum).

Markaðsaðgengi fyrir nauta- og kálfakjöt er stjórnað með kvótum í fjölþjóða og tvíhliða samningum og skipulagi. Ísland leggur á lágmarks aðgengiskvóta á nauta- og kálfakjöt samkvæmt WTO skuldbindingu sínum. Kvótarnir eru sem hér segir:

Tafla 8.8: Lágmarks markaðsaðgengiskvótar á nauta- og kálfakjöt samkvæmt aughlýsingu 2008-2009

Fyrirsagna nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta kr./kg
				Verðtollur	Magn tollur	Magn tollur
0202 og 0210		Nautgripakjöt	95,000			
		Frosið nautgripakjöt:				
	0202.3xxx	Beinlaust		30%	510-1,462	609
		Kjöt og ætur innmatur, saltað, pækilsaltað, þurrkað eða reyktt; ætt mjöl og mjöl úr innmat:				
	0210.2001	Beinlaust		30%	1,462	371

Auk þessa falla nokkrar unnar vörur sem innihalda nauta- og kálfakjöt innan 86,000 kg kvóta undir vörulið 1602. (Annað unnið og niðursoðið kjöt, kjötúrgangur eða blóð).

Varðandi stjórnun á kvóta er vísað á a) Mjól og mjólkurvörur, iv. Tollgjöld og tollkvótar.

Á tímabilinu 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 voru kvótar sem lagðir voru á eins og hér segir:

Tafla 8.9: Lágmarks markaðsaðgengiskvótar eins og auglýst hefur verið varðandi nautgripi á tímabilinu 2009-2010.

Fyrirsagna nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan kvóta %
				Verð tollur	Magn tollur	Verðtollur
0202 and 0210		Kjöt af nautgripum	95,000			
	0202.3xxx	Frosið kjöt af nautgripum: Beinlaust		30%	510-1,462	114.6
	0210.2001	Kjöt og ætur innmatur, saltað, pækilsaltað, þurrkað eða reykt; ætt mjöl og máltíðir úr innmat: Beinlaust		30%	1,462	114.6

Að auki er bent á samning milli Íslands og Evrópusambandsins um fleiri verslunarívilnanir landbúnaðarvara sem byggjast á 19. grein EES-samningsins sem gerir ráð fyrir gjaldfrjálsum kvóta á nautgripakjöti, samtals allt að 100 tonnum, og þrjá kvóta sem gilda fyrir aðra kjötvöru undir tollskrárfyrirsögnunum ex0210 (þurrkað, saltað eða reykt kjöt), ex1601 (pylsur) og 1602, 50 tonna magn í hverju tilviki. Kvótum til ESB er stjórnað á sama hátt og lágmarks markaðsaðgengiskvótum á kvótaárinu 2008-2009 eins og lýst hefur verið þótt kvótar til ESB séu lagðir á hvert almanaksár.

- sauðfé og geitur

Markaðsráðstafanir varðandi kindakjöt og aðrar sauðfjárvörur eru byggðar á samningi milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um stuðningsramma um sauðfjáramleiðslu. Núgildandi samningur tók gildi 1. janúar 2008 og hefur verið framlengdur til loka árs 2015. Ráðstafanirnar eru framkvæmdar samkvæmt Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993. Auk þess eru tollgjöld lögð á í samræmi við Tollalög nr. 88/2005.

Markmið núgildandi samnings eru tiltekin í 36. grein Laga nr. 99/1993 og taka til allrar stefnumótunar varðandi atvinnugreinina:

- Að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda
- Að stuðla að nýliðun í hópi sauðfjárbænda og styrkja með því búsetu í dreifbýli
- Að sauðfjárrækt sé stunduð í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og sjálfbæra nýtingu
- Að örva markaðsvitund bænda og afurðastöðva og halda jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar

- Að stuðla að framþróun í sauðfjárrækt

Með tilliti til sauðfjárframleiðslu hefur stefna ríkisstjórnar almennt haft að markmiði að aftengja beingreiðslur frá framleiðslustigi og ýta undir starfslok til að auka skilvirkni í greininni. Heildarframleiðsla kindakjöts árið 2008 var um það bil 8,900 tonn og innlögð ull um 710 tonn.

Greinin hefur þróast mikið undanfarin ár og fjöldi framleiðenda hefur minnkað hratt. Jafnframt hafa þau býli sem starfa áfram stækkað og orðið skilvirkari. Endurskipulagning og hagræðing sláturhúsa og úrvinnslustöðvar hefur verið umtalsverð undanfarin ár, meðal annars með sérstakri opinberri áætlun. Markmið hagræðingarinnar var að efla skilvirkni og jafnframt að færa sláturhúsin til nútímahorfs og ná erlendum markaðsstöðlum. Eins og er starfa sjö sauðfjársláturhús í landinu.

Engar markaðsráðstafanir eru gerðar vegna geitakjötsframleiðslu þótt tollgjöld séu lögð á. Gjöld þessi verður fjallað um í umfjöllun um tollgjöld á kindakjöt.

Eftirfarandi markaðsráðstafanir eru notaðar varðandi sauðfjárframleiðslu.

i. Ákvörðun um viðmiðunarverð á kindakjöti

Samkvæmt 8. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 hafa Landsamtök sauðfjárbænda rétt á að gefa framleiðendum árlega upp viðmiðunarverð.

ii. Markaðssetning og verðskerðingargjald

Samkvæmt 20. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 er tekið 2 króna gjald af hverju kíló á heildsölustigi sem að nota skal við markaðssetningu. Auk þess er ónotuðum beingreiðslum til sauðfjárbænda veitt til markaðsmála.

Það sem innheimtist af gjaldinu og af ónotuðum beingreiðslum annast Markaðsnefnd sauðfjárafurða en þar eru bæði fulltrúar frá Bændasamtökunum og Félagi afurðastöðna en féð er notað til að markaðsetja kjöt á innanlandsmarkað. Heildarupphæðir má sjá á eftirfarandi töflum.

Tafla 8.10: Verðskerðingargjald (í þúsundum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
37,152	36,970	33,485	32,675	37,582	38,647	14,283	14,507	17,118

Tafla 8.11: Ónotaðar beingreiðslur til Markaðsnefndar sauðfjárafurða (í þúsundum króna)

2000e	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
24,483	23,175	20,123	25,232	22,046	26,000	20,964	27,761	40,000

iii. Tollgjöld og tollkvótar

Tollur er lagður á samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollgjöldum. Engin gjöld eru lögð á lifandi sauðfé; hins vegar er innflutningur bannaður af heilbrigðisástæðum. Í öllum öðrum tilvikum eru lögð á samsett bestu kjara gjöld, þ.e. verðtollur og magntollur, og eru þeir lagðir á allt kindakjöt og geitaafurðir. Verðtollar eru föst 30% en krónutollar allt frá 241 til 947 ísl. krónur á kíló (sjá töflu um tolla á landbúnaðarvörur). Samkvæmt fyrirkomulagi á milli Íslands og Evrópubandalagsins um auka verslunarívilnanir á landbúnaðarvöru er lagt á lækkað sérstakt gjald, 18% af verðgildi og 130-568 ísl. krónur á kíló (frekari upplýsingar er að finna í texta fyrirkomulagsins). Lágmarks aðgengiskvótar varðandi kindakjöt hafa ekki verið notaðir.

iv. Nýting á ull

Samkvæmt grein 4.4 í Samningnum milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um ramma varðandi stuðning við kindakjötsframleiðsluna eins og hann er framkvæmdur á fjárlögum fá sauðfjárbændur stuðning í formi beingreiðslna til að ýta undir rúning. Greitt er fyrir hvert kíló af ull sem lögð er inn. Árið 2009 var heildarupphæðin 364 milljónir króna. Greitt er til ullarvinnslufyrirtækisins Ístex eftir mánaðarlegri skýrslu um innlagða ull frá bændum. Ístex leggur framlagið við greiðslu til bænda fyrir ullina. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið millifærir þá upphæð sem lögð er til verkefnisins á fjárlögum til Bændasamtakanna sem greiða Ístex.

Tafla 8.12: Nýting á ull

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008e
296,289	178,692	250,656	259,834	273,369	378,008	282,941	293,422	317,000

v. Markaðs- og birgðakostnaður

Samkvæmt grein 4.4 í samningi Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna varðandi ramma um stuðning við sauðfjárrækt eins og hann er staðfestur í fjárlögum er ákveðin upphæð lögð til markaðs- og birgðakostnaðar. Árið 2009 var upphæð til þessa 340 milljónir króna. Upphæðina má meðal annars nota til að hygla bændum fyrir slátrun utan hefðbundins tíma, til að mæta birgðakostnaði og til að markaðsetja kindakjöt á innanlandsmarkað. Verkefninu er stjórnað af Bændasamtökunum.

tafla 8.13: Markaðs- og birgðakostnaður

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008e
227,802	141,108	275,108	260,084	375,563	340,212	318,800	272,637	329,000

vi. Greiðslur í gæðastýrðri framleiðslu

Samkvæmt 41. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 geta bændur, sem fullnægja kröfum um gæðastýringu sem sett er fram í lögunum og í Reglugerð nr. 10/ 2008 um útfærsluna, fengið sérstaka greiðslu. Áætluð upphæð þessara greiðslna árið 2009 er 1,088 milljón krónur. Sjá enn fremur svar um tengdar stuðningsgreiðslur í Spurningu 11:6, hluta I af Spurningalistanum.

- svínakjöt

Árið 2008 var framleiðsla á svínakjöti um það bil 6,700 tonn. Eftirfarandi sérstakar markaðsáætlanir um framleiðsluna eiga við.

i. Tollgjöld og tollkvótar

Tollur eru lagður á svínakjöt í samræmi við Tollalög nr. 88/2005 og tengd tollgjöld. Engin gjöld eru lögð á lifandi svín. Í öllum öðrum tilvikum eru lögð á samsett bestu kjara gjöld, þ.e. gjöld eftir verðgildi og sérstök gjöld, fyrrnefndu gjöldin eru 30% og sérstöku gjöldin frá 361 kr. til 1,195 kr. á kíló (sjá töflu um tollgjöld á landbúnaðarvörur). Samkvæmt fyrirkomulagi milli Íslands og Evrópusambandsins varðandi auka verslunarívilnanir landbúnaðarvara eru samsettu gjöldin lægri 18% af verðgildi og 121-465 krónur á kíló (fleiri upplýsingar er að finna í samkomulaginu).

Markaðsaðgengi svínakjöts er stjórnað með kvótum samkvæmt fjölþjóða og tvíhliða samningum. Samkvæmt WTO skuldbindingum leggur Ísland á lágmarks aðgengiskvóta á svínakjöt. Kvótarnir eru með eftirfarandi fyrirkomulagi:

Tafla 8.14: Lágmarks markaðsaðgengi á svínakjöti

Fyrirsagna nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta kr./kg
				Verð tollur	Magn tollur	Magn tollur
0203 og 0210		Svínakjöt	64,000			
	0203.29xx	Svínakjöt, ferskt, frosið eða kælt: Svínakjöt, frosið		30%	361-1,195	493
	0210.1200	Kjöt og ætur innmatur, saltað, pækilsaltað, þurrkað eða reykt; ætt mjöl og mjöl úr innmat: <i>Svínakjöt:</i> Slög (rákótt) og sneiðar af því		30%	361	353
	0210.1901	Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt: Reykt - beinlaust		30%	447	401
	0210.1909	Annað - beinlaust		30%	775	401

Auk þess fellur sum unnin vara með svínakjöti innan 86,000kg kvóta undir vöruliður 1602 (önnur unnin eða niðursoðin vara, innmatur og blóð).

Varðandi stjórnun kvótatilvísana er vísað á a) Mjólk og mjólkurvörur, iv. Tollgjöld og tollkvótar.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 voru viðeigandi kvótar og gjöld sem hér segir:

Tafla 8.15: Lágmarks aughýstir markaðsaðgengiskvótar á svínakjöt fyrir tímabilið 2009-2010

Fyrirsagna nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta %
				Verð tollur	Magn tollur	Verð tollur
0203 og 0210		Svínakjöt	64,000			
	0203.29xx	Svínakjöt, ferskt, frosið eða kælt: Svínakjöt, frosið		30%	361-1,195	172.2
		Kjöt og ætur innmatur, saltað, pækilsaltað, þurrkað eða reykt; ætt mjöl og mjöl úr innmat: Svínakjöt:				
	0210.1200	Slög (rákótt) og sneiðar af því		30%	361	117.2
		Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
	0210.1901	Reykt - beinlaust		30%	447	117.2
	0210.1909	Annað - beinlaust		30%	775	172.2

Auk þess er vísað til fyrirkomulags á milli Íslands og Evrópusambandsins varðandi viðbótar verslunarívilnanir á landbúnaðarvörum sem gerðar voru á grundvelli 19. greinar EES-samningsins sem gerir ráðstafanir varðandi tollfrjálsan kvóta á svínakjöti. Í heild er þar um að ræða 200 tonn og þrjá aðra sameiginlega kvóta með öðrum kjötvörum undir tollskrárfyrir sögnum ex 0210 (þurrkað, saltað eða reykt kjöt), ex 1601 (pýlsur) og 1602, allt að heildarmagni 50 tonn hver liður. Kvótum til ESB er stjórnað á sama hátt og lágmarks aðgengiskvótar á kvótaárinu 2008-2009 eins og áður hefur verið skýrt, þótt kvótar til ESB séu settir fyrir hvert almanaksár.

- egg og kjúklingakjöt

Árið 2008 var framleiðsla kjúklingakjöts um það bil 7,400 tonn. Árið 2006 (nýjasta áætlun) var framleiðsla á eggjum 2,900 tonn. Eftirfarandi sérstakar markaðsráðstafanir eiga við.

i. Tollgjöld og tollkvótar á eggjum

Tollgjöld eru lögð á egg samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og viðeigandi tollgjöld. Bestu kjara gjöld eru samsett, þ.e. verðtollar og krónutollar, fyrrnefndu gjöldin eru fastsett 30% og sérstöku gjöldin frá 208 kr. til 875 kr. á kíló (sjá töflu um tollgjöld á landbúnaðarvörur).

Samkvæmt WTO skuldbindingum er lágmarks aðgengisskilyrðið eggjakvótinn í tollskrártexta 76 tonn. Framkvæmdin er sett fram í Reglugerðum nr. 1119-1120/2008 um veitingu tollkvóta fyrir egg og eggjavörur. Magn kvótanna er ótakmarkað. Kvótarnir eru miðaðir við almanaksárið.

ii. Tollgjöld og tollkvótar á kjúklingum

Tollgjöld eru lögð á kjúklinga samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og viðeigandi tollgjöldum. Engin gjöld eru lögð á lifandi kjúklinga. Í öllum öðrum tilvikum eru bestu kjara gjöld samsett, þ.e. verðtollar og krónutollar, þeir fyrrnefndu eru föst 30% og krónutollar spanna frá 256 kr. til 1,000 kr. á kíló (sjá töflu um tollgjöld á landbúnaðarvörur). Samkvæmt fyrirkomulagi milli Íslands og Evrópusambandsins varðandi auka verslunarívilnanir landbúnaðarvara eru lægri samsett gjöld lögð á, 18% verðtollur og 263-600 krónur á kíló (fleiri upplýsingar er að finna í texta samkomulagsins).

Markaðsaðgengi fyrir alifuglakjöt er stjórnað með kvótum í samræmi við fjölþjóða og tvíhliða samninga og fyrirkomulag. Samkvæmt WTO skuldbindingum leggur Ísland á lágmarks aðgengis tollkvóta á svínakjöt. Kvótar eru sem hér segir:

Tafla 8.16: Lágmarks markaðsaðgengiskvótar á alifuglakjöt

Fyrirsagnar nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvótans kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan toll kvóta kr./kg
				Verð tollur	Magn tollur	Magn tollur
0207		Kjöt og ætur innmatur af alifuglum undir fyrirsögn nr.0105, ferskt, kælt eða frosið:	59,000			
	0207.1xxx	Á fugla af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> : Á fugla, frosna		30%	439-900	181
	0207.2xxx	Á kalkún: Á kalkúna, frosna		30%	499-1,000	249
	0207.3xxx	Á endur gæsir og perluhænsn: Á endur, gæsir og perluhænsn, frosnum		30%	256-1,000	249

Auk þess falla sumar unnar vörur sem innihalda kjúklingakjöt innan 86,000 kg kvóta undir fyrirsögn nr. 1602 (annað unnið eða niðursoðið kjöt, innmatur eða blóð).

Um stjórnun á kvótaávilnunum er bent á a) Mjólk og mjólkurvörur, vi. Tollgjöld og tollkvótar.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2010 voru viðeigandi kvótar og tollgjöld sem hér segir:

Tafl 8.17: *Aughjstir lágmarks markaðsaðgengiskvótar á fuglum fyrir tímabilið 2009-2010.*

Fyrirsagna nr.	Tollskrár svið	Vörulýsing	Magn kvóta kg	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta %
				Verð tollur	Magn tollur	Verðtollur
0207		Kjöt og ætur innmatur af fuglakjöti undir heading nr. 0105, ferskt, kælt eða frosið:	59,000			
		Á fugla af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>:				
	0207.1xxx	Á fugla, frosna		30%	439-900	149.4
		Á kalkún:				
	0207.2xxx	Á kalkúna, frosna		30%	499-1,000	159.0
		Á endur gæsir og perluhænsn:				
	0207.3xxx	Á endur, gæsir og perluhænsn, frosnum		30%	256-1,000	159.0

Að auki er vísað til samkomulags milli Íslands og Evrópusambandsins um aukna verslunarávilnanir á landbúnaðarvörum sem grundvallað er á 19. grein EES-samningsins. Samkomulagið gerir ráð fyrir gjaldfrjálsum kvóta á kjúklingum, í heild allt að 200 tonnum, og þrjá sameiginlega kvóta varðandi aðrar kjötvörur undir fyrirsagnanúmeri ex 0210 (þurrkað, saltað eða reykt kjöt), ex 1601 (pýlsur) og 1602. Magn hvers fyrir sig eru 50 tonn. Kvótum til ESB er stjórnað á sama hátt og lágmarks markaðsaðgengi á kvótaárinu 2008-2009 eins og áður hefur verið lýst, þótt kvótar til ESB séu miðaðir við almanaksárið.

- Hunang

Örlítil hunangsframleiðsla er á Íslandi. Engar markaðsáætlanir í landbúnaði eru notaðar.

- Hross

Á Íslandi er langvarandi hefð fyrir hrossarækt. Íslenski hesturinn er eina tegundin sem alin er á Íslandi. Hún er einstök og hefur fimm mismunandi gangtegundir. Engin ný hestakyn hafa verið flutt til landsins um aldir. Hross eru fyrst og fremst ræktuð og alin til afþreyingar en hafa einnig hlutverk á býlum við að safna sauðfé úr fjallabeit. Innanlands- og millilandamarkaður er ákaflega

virkur. Íslenskir hrossaræktendur flytja út töluverðan fjölda hrossa á hverju ári, heildarupphæð verslunarinnar var 1,064 milljón krónur árið 2008.

Árið 2008 var framleiðsla hrossa- og folaldakjöts um 1,000 tonn.

i. Tollgjöld og tollkvótar

Engin gjöld eru lögð á lifandi hross. Á hrossakjöt eru lögð tollgjöld samkvæmt Tollalögum nr. 88/2005 og tengdum tollgjöldum. Lögð eru á samsett bestu kjara gjöld, þ.e. verðtollur og magntollur, sá fyrrnefndi 30% af verðgildi og 256 kr. á kíló magntollur (sjá töflur um tollgjöld á landbúnaðarvöru). Samkvæmt fyrirkomulagi milli Íslands og Evrópusambandsins varðandi frekari markaðsívinnanir á landbúnaðarvörum er lagt á lækkað samsett gjald, 18% verðtollur og 154 kr. magntollur á kíló (meiri upplýsingar er að sjá í samkomulaginu).

Lágmarks markaðsaðgengiskvótar fyrir hross eru 15 tonn.

ii. Markaðssetning og verðskerðingargjald

Samkvæmt 20. grein Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru nr. 99/1993 er innheimt sérstakt 2% gjald við afhendingu frá býli til að nota við markaðssetningu. Heildarupphæðin er greidd Bændasamtökunum og ráðstafað af Félagi hrossabænda á Íslandi. Gjaldið sem var innheimt árið 2008 var 2.575.000 krónur.

Tafla 8.18: Verðskerðingargjald á hrossakjöti

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
3,152	5,453	2,182	1,830	1,636	1,871	2,113	2,434	2,575

iii. Þróunarverkefni varðandi hrossarækt, eldi og markaðssetningu

Fyrir liggja 25 milljónir króna árið 2009 til þróunarverkefna, eldis og markaðssetningar. Stuðningur er veittur eftir umsóknum sem eru auglýstar árlega. Sérstök nefnd sem í eru fulltrúar hestaeigenda, bænda og Ríkisstjórnarinnar metur umsóknirnar og veitir fénu. Ekki er gert ráð fyrir að neitt fé verði veitt til þessa í fjárlögum fyrir 2010.

- Loðdýrafeldir

Árið 2008 var magn útfluttra loðfelda 31.5 tonn, eða 1,070 milljónir íslenskra króna

i. Custom tariffs

Bestu kjara tollgjöld upp á 5% af verðgildi eru lögð á loðfeldi. Í fríverslunarsamningum eru loðfeldir hins vegar ákveðnir tollfrjálsir.

- Æðardúnn

Gömul hefð er fyrir söfnun æðardúns og ræktun stofnsins. Íslenskur æðardúnn hefur einstaka eiginleika og hefur verið notaður innanlands en einnig fluttur út. Heildarverðgildi útflutts æðardúns árið 2008 var um það bil 280 milljónir króna.

Engar markaðsáætlanir tengjast æðardún.

Sérstök uppskera og framleiðsla:

- Alkóhól

i. Tollgjöld

Að frádregnum tollgjöldum á ákveðnum vörum eru engar frekari markaðsáætlanir notaðar. Bestu kjara gjald upp á 10-20% af verðgildi er lagt á alkóhólmagn á bilinu 0.5-2.25%. Á hinn bóginn hafa sömu vörur verið bundnar við ekkert gjald í fríverslunarsamningum.

ii. Alkóhólskattur

Samkvæmt Lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995 með síðari breytingum og tengdri Reglugerð nr. 505/1998 með síðari breytingum er lagður alkóhólskattur á alla áfenga drykki til neyslu með alkóhólmagn yfir 2.25% (við 20°). Skatturinn er lagður á innflytjendur og innlenda framleiðendur til jafns á vöru til sölu og til frekari vinnslu. Skatturinn er lagður á vínföng sem ferðamenn flytja og einnig það sem flutt er inn í landið til eigin neyslu þótt flytja megi ákveðið magn tollfrjálst in í landið (sjá Reglugerð nr. 63/2008). Skattstjóraembættið sér um eftirlit með innlendum framleiðendum og leggur á skattinn.

- Ávextir og grænmeti

Markaðsáætlanir varðandi grænmetisframleiðslu eru byggðar á samningi Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna um ramma að stuðningi við garðyrkju. Núverandi samningur tók gildi 2002 og hefur verið framlengdur til 2013. Áætlanirnar eru framkvæmdar í gegnum Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993. Gengið var frá samningnum sem hluta af aðlögunarferli fyrir garðyrkjubændur þegar tollgjöld á grænmeti voru afnumin að frádreginni árstíðabundinni framleiðslu á vissum grænmetistegundum utan dyra. Tollgjöldum á sveppi var einnig viðhaldið.

Markmið áætlana sem lagðar eru fram í núverandi samningi eru upptalin í 57. grein Laga nr. 99/1993 og eiga þau við um alla stefnumótun í greininni:

- að lækka verð til neytenda á innfluttum og innlendum garðyrkjuafurðum
- að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu til hagsbóta bæði fyrir framleiðendur og neytendur
- að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda
- að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu, þegar hún er nægjanleg bæði að magni og gæðum.

Engar markaðstakmarkanir eru lagðar á grænmetisframleiðslu og vinnslu nema tollgjöld, tollkvóta og ákveðin takmörkuð stuðningsáform.

Á Íslandi eru framleiddur takmarkaður fjöldi grænmetistegunda en eftirfarandi er hluti af því sem ræktað er:

Tafla 8.19: Grænmetisframleiðsla 2000-2008 í tonnum*

	2000	2005	2006	2007	2008
Kartöflur	9,013	7,250	13,800	13,000	12,500
Rófur	793	750	800	860	872
Gulrætur	395	418	398.2	526	653
Blómkál	89	44	82.9	112	107
Hvítkál	538	346	306.6	340	434
Spergilkál	53		56.3	83	88
Kínakál	255	162	219.3	222	229
Rauðkál			31.8		
Salat			65.7	89.8	98
Blaðlaukur	22		6	0	
Tómatar	931	1,508	1,724	1,603	1,621
Agúrkur	914	1,147	1,124	1,343	1,516
Paprika	203	126	130	147	170
Sveppir	447	438	487.6	515	526

*Heimild: Samtök grænmetisframleiðenda, opinberar birgðaskýrslur um kartöflur. Bein sala úr gróðurhúsum er áætluð 2%. Breytileiki grænmetisræktunar utan dyra er 5%. Sumar tölur eru áætlanir.

Enga framleiðslu til sölu á ávöxtum er að finna á Íslandi að frádregnu smávægilegu magni af jarðaberjum; á hinn bóginn eru engar markaðstakmarkanir, svo sem verðstýring, lagðar á ávaxtaframleiðslu eða vinnslu.

i. Tollgjöld og tollkvótar

Tollgjöld eru lögð á í samræmi við Tollalög nr. 88/2005 og tengd tollgjöld. Bestu kjara gjöld eru ýmist eftir verðgildi eða samsett gjöld, þ.e. verðtollur og magntollur, og eru lögð á alla ávexti. Verðtollar spanna 25-30% og krónutollar 79 til 400 krónur á hvert kíló (sjá töflu um tollgjöld á landbúnaðarvörur). Engin tollgjöld eru lögð á ávextir.

Samkvæmt WTO skuldbindingum útvegar Ísland markaðsaðgang með almennum aðgengiskvóta á hverju ári. Árstíðabundnir kvótar á kartöflur, hvítkál og blóm eru auglýstir í samræmi við reglugerðir og endurspegla árstíðabundnar breytingar á innlendum birgðum. Undanfarin ár hefur verið tilhneiging til að lækka gjöld með kvótum sem oft á tíðum eru háðir takmörkuðu magni. Þetta á sérstaklega við um innflutning frá Evrópusambandinu á meðan hærri gjöld eru lögð á innflutning frá öðrum löndum. Þetta er byggt á samkomulagi milli Íslands og Evrópusambandsins varðandi auka verslunarívilnanir á landbúnaðarframleiðslu samkvæmt 19. grein EES-samningsins.

Kvótar eru miðaðir við almanaksárið. Varðandi kvóta sem eru háðir takmörkuðu magni voru kvótarnir 2009 auglýstir og þeim úthlutað af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eftir meðmælum sérstakrar nefndar sem í sitja fulltrúar ráðuneyta Landbúnaðar, Viðskipta og Fjármála. Ef umsóknir voru meiri en útboðnir kvótar voru kvótarnir boðnir upp og veittir

hæstbjóðanda. Tilboð voru aðeins tekið til greina ef sá sem bauð í framvísaði bankatryggingu sem var jafn há og tilboðið og til greiðslu 7 dögum frá því að tilboðinu var tekið. Þetta á sérstaklega við um blómaræktun.

Í nýjustu fríverslunarsamningum sem Ísland hefur gert hefur verið samið um gjaldfrjálst aðgengi varðandi ákveðið ferskt grænmeti. Varðandi frekari upplýsingar um þessar tilhliðranir, gjörð svo vel að líta til tvíhliða samkomulaga um fríverslunarsamninga Íslands.

ii. Stuðningur við ylræktarframleiðendur vegna dreifingar á rafmagni

Vegna fyrirkomulags í tengslum við samning milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna varðandi rammann um stuðning við garðyrkju og þann hluta sem greiddur er af fjárlögum leggur íslenska ríkisstjórnin til stuðning við dreifingu á rafmagni til gróðurhúsaframleiðenda. Til þess eru lagðar fram 161 milljón króna á árinu 2009. Stuðningsgreiðslunum er stjórnað af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og þeim úthlutað í samvinnu við dreifingaraðila sem þjónusta einstöku bændum.

iii. Stuðningur við eflingu, rannsóknir, þróun og menntunarverkefni

Samkvæmt samningi milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtakanna varðandi rammann um stuðning við garðyrkju er veittur stuðningur við eflingu, rannsóknir, þróun og menntunarverkefni. Árið 2009 er veitt til þessa um það bil 29 milljónum króna. Upphæðin er greidd Framleiðnisjóði landbúnaðarins og styrkir eru veittir bændum samkvæmt fyrirkomulagsreglum sem settar eru af Sambandi garðyrkjubænda.

Tafla 8.20: Áætlanir til að efla markaðssetningu, rannsóknir og þróun, svo og menntun til garðyrkjuframleiðenda (í þúsundum króna).

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
-	-	25,000	25,000	25,000	25,000	471	51,929	27,900

- Bananar

Engin stefnumörkun er fyrir hendi. Bananar eru ekki framleiddir á Íslandi sem verslunarvara.

- Blómarækt

Engar markaðsaðgerðir eru fyrir hendi að frádregnum tollgjöldum og tollkvóta.

i. Tollgjöld og tollkvótar

Tollgjöld er lögð á í samræmi við Tollalög nr. 88/2005 og tengd tollgjöld. Bestu kjara gjöld í 6. kafla um tollgjöld eru annað hvort eftir verðgildi, sérstök eða samsett, þ.e. verðtollar og krónutollar. Verðtollar eru á milli 0-30% og krónutollar eru frá 0 til 650 krónur á stykki (sjá töflu um tollgjöld á landbúnaðarvörur).

Samkvæmt WTO skuldbindingum sér Ísland um möguleika á markaðsaðgengi með viðeigandi aðgengiskvótum á hverju ári. Nokkur fjöldi blóma og annara jurta sem tengjast núverandi skuldbindingum á aðgengi eru háðar innflutningskvóta. Notast er bæði við kvóta með lægri gjöldum og ótakmörkuðu magni og hins vegar reglulegir tollkvótar. Kvótar á blómum eru auglýstir fyrir almanaksárið. Undanfarið hefur verið tilhneiging til að minnka gjöld í gegnum kvótana, oft án magntakmarkana. Þetta á sérstaklega við um innflutning frá Evrópubandalaginu á grundvelli samnings milli Íslands og Evrópusambandsins viðvíkjandi auknum verslunarívilnunum á landbúnaðarvörur sem gerðar eru samkvæmt 19. grein EES-samningsins.

Tafla 8.21: WTO markaðsaðgengiskvótar

Fyrirsagna nr..	Tollskrár svið nr.	Vörulýsing	Kvóta magn stk.	Bestu kjara tollskrártaxti % - kr./kg		Innan tollkvóta
				Verð tollur	Magn tollur	Verð tollur
0602		Aðrar lifandi plöntur (þ.á.m. rætur þeirra), græðlingar og afleggjarar; sveppagró:				
	0602.2000	- Tré, runnar og kjarr, ágrædd eða ekki, sem bera æta ávexti eða hnetur	Opið	30	200	30
	0602.3000	- Alparós og glóðarrós, ágrædd eða ekki	Opið	30	200	30
		- Rósir, ágræddar eða ekki				
	0602.4010	-- Í smásöluumbúðum	Opið	30	200	30
	0602.4090	-- Annað	Opið	30	200	30
		- Annað:				
	0602.9030	-- Grænmetisplöntur og jarðaberjaplöntur	Opið	30	200	30
		-- Annað:				
		--- Útiplöntur:				
		---- Tré, runnar og kjarr:				
	0602.9041	----- Skógartré	Opið	30	200	30
		----- Annað:				
	0602.9045	----- Stiklingar, með rótum og ungplöntur	Opið	30	200	30
	0602.9049	----- Annað	Opið	30	200	30

		---- Aðrar útiplöntur:				
0602.9051		----- Fjölærar plöntulegar jurtir	Opið	30	200	30
		--- Innanhúss plöntur:				
		---- Stiklingar, með rótum og unglöntur , að frádregnum kaktus og þykkblöðungum	Opið	30	200	30
0602.9071		----- Til áframhaldandi ræktunar í gróðrarstöðvum í meira en tvo mánuði	Opið	30	200	30
0602.9079		----- Annað	Opið	30	200	30
		---- Blómplöntur með brumi eða blómum að frádregnum kaktusum:				
0602.9091		----- Pottaplöntur innan við 1 m á hæð, að frádregnum þykkblöðungum og plöntum af Bromilea-ætt og Erica Gracilis og Calluna	3.500	30	200	30
0602.9092		----- Annað	Opið	30	200	30
		---- Annað:				
0602.9093		----- Pottaplöntur innan við 1 m á hæð, að frádregnum þykkblöðungum og plöntum af Bromilea-ætt og Erica Gracilis og Calluna	4,300	30	200	30
0602.9099		----- Annað	Opið	30	200	30
0603		Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða skreytingar, lifandi, þurrkað, litað, bleikt gegndreypt eða unnið á annan hátt:				
		- Fersk:				
		-- Nellikur:				
0603.1202		--- Innflutt á öðrum tíma	Opið	15	48	30
0603.1300		-- Brönugrös	Opið	30	95	30
0603.1400		-- Tryggðablóm	15,500	30	95	30
0603.1901		-- Af ættkvíslunum Protea, Banksia, Leucadendron and Brunia	Opið	30	95	30
0603.1902		-- Afskornar greinar með berjum eða aldinum, af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossupium, Hypericum, Ilex og		30	95	30

		Symphoricarpos				
		--- Lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísarfuglablóm				
	0603.1905	---- Innflutt á öðrum tíma	Opið	30	95	30
	0603.1909	--- Annað (afskorin blóm)	285,000	30	95	30
0604		Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosar og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:				
		- Annað:				
		-- Fersk:				
	0604.9101	--- Jólatré, án róta	Opið	30	650	30
	0604.9102	--- Jólatrésgreinar	Opið	30	50	30
	0604.9109	--- Annað	Opið	30	50	30
	0604.9900	-- Annað	Opið	30	50	30

Kvótarnir eru bundnir við almanaksárið. Árið 2009 voru þeir kvótar sem miðast við takmarkað magn auglýstir og veittir innflytjendum af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eftir ummælum sérstakrar nefndar sem í sátu fulltrúar ráðuneyta Sjávarútvegs- og landbúnaðar, Viðskipta og Fjármála. Ef umsóknir voru meiri en tiltækur kvóti voru kvótarnir boðnir upp og veittir hæstbjóðanda. Tilboð í kvóta voru aðeins gild ef bjóðandi framvísaði bankatryggingu sem var jafn há tilboðinu og greiðanleg innan sjö daga frá því að boðinu var tekið.

ii. Stuðningur við ylræktarframleiðendur vegna dreifingar á rafmagni

Sjá ávexti og grænmeti, ii. Stuðningur við ylræktarframleiðendur vegna dreifingar á rafmagni.

iii. Stuðningur við eflingu, rannsóknir, þróun og menntunarverkefni

Sjá ávexti og grænmeti, iii. Stuðningur við eflingu, rannsóknir, þróun og menntunarverkefni.

- Tóbak

Engin tóbaksræktun fer fram á Íslandi og engin landbúnaðarstefnumörk eru í gildi. Tóbak er hins vegar háð fyrirbyggjandi skattlagningu.

i. Tóbaksgjald

Samkvæmt Lögum um gjald af tóbaki og áfengi nr. 96/1995 með síðari breytingum og viðeigandi Reglugerð nr. 1082/2004 með breytingum, skal leggja gjald á innflutt tóbak svo og það sem framleitt er innanlands samkvæmt 24.kafla íslenskrar Tollskrár. Gjaldið er innheimt af smásölu og lagt á og safnað af Áfengis og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) sem aftur leggur safnaðri upphæð í ríkissjóð. Gjaldið er einnig lagt á og innheimt af tóbaki sem er flutt eða sent til landsins til einkaneyslu. Sérstök hærri gjöld eru lögð á einkainnflutning þótt ákveðið magn sem flutt er inn af einstaklingum sé gjaldfrjálst.

- Fræ

Engar markaðsráðstafanir eru í notkun.

- Humall

Engar markaðsráðstafanir eru í notkun.

11. Í báðum eftirtöldum greinum á að gefa nákvæma lýsingu á

a. Þeim reglugerðarskilyrðum og því skipulagi sem er í gildi varðandi stjórnun þeirra og hvernig þeim er framfylgt, þar á meðal lagagrundvöll (nafn og tilvísun laga sem eiga við); tilgang og almenna lýsingu á löggjöfinni; nálgun eða ekki að löggjöf Evrópusambandsins (eða hve mikil nálgunin er); þátttöku í öðrum alþjóðlegum stöðlunaráformum; lýsingu á stjórnunarfyrirkomulagi og hvernig því er framfylgt (þar á meðal auðlindir, mannlegar, fjárhagslegar og grunngerð, og ef hægt er, skipurit stjórnunar).

b. Markaðsskilyrðum í landbúnaði (gæðaflokkun, staðlar samkvæmt tilskipun eða sjálfviljugir), merkingarskilyrðum í hverri eftirfarandi greina:

- Mjólkurvörur;
- Nauta- og kálfakjöt, kindakjöt og geitakjöt;
- Svínakjöt, alifuglakjöt, egg og hunang;
- Ávextir og grænmeti.

Reglugerðarrámmi

Um þessa hlið spurningarinnar hefur verið fjallað í svari við I. hluta og spurningu 11:8-10 í hluta II.

Staðlar og merkingar á landbúnaðarmarkaði

i. Almennur lagagrundvöllur

Lagagrundvöll varðandi markaðsmál og merkingar í landbúnaði er að finna í nokkrum lögum. Helstu ákvæði sem veita heimildir er að finna í Lögum um matvæli nr. 93/1995; Lögum um

hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998; Lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum nr. 96/1997; og að takmörkuðu leyti Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993 með síðari breytingum.

Varðandi reglur um almenna markaðssetningu og merkingu þá eru tvær aðskildar reglugerðir sem eiga almennt um alla matvöru, það er Reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvöru með síðari breytingum (og eldri Reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingar og kynningu á matvöru með breytingum, aðeins hvað varðar staðhæfingar). Í sumum tilvikum er í reglugerðum tekin fram sérstök skilyrði fyrir einstakar greinar, t.d. undantekningar frá almennum reglum um innihaldsupplýsingar á merkjum. Sérstaklega má taka fram að reglugerðirnar leggja á nokkur leiðbeinandi atriði sem eru skráð í EES- samningnum, í Viðauka II. Reglugerðirnar eru taldar fyllilega sambærilegar við þær gerðir sem felast í samningnum.

Í sumum tilvikum eru nákvæmari reglur skráðar í skjölum fyrir einstaka greinar. Reglugerð nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur leggur kjötgeiranum nákvæmar reglur um flokkun og samsetningu framleiðslu í þeim geira. Þar eru einnig sett fram nöfn á framleiðslugerðum og aðrar merkingar í sambandi við dreifingu kjöts og kjötvara. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að neytendur fái nákvæmar og réttar upplýsingar um kjöt og kjötvörur sem eru settar í sölu, auglýstar eða kynntar á annan hátt.

Markaðssetning, auglýsingar og kynning á kjöti og kjötvörum verða að fylgja þeirri flokkun sem lögð er fyrir í reglugerðinni. Flokkun vörunnar (lágmarks kjötinnihald) er sett fram í Viðauka I við reglugerðina; notkun á vöruheitum sem ætluð eru sérstökum vörutegundum er sett fram í Viðauka II; skilgreining á hreinni kjötvöru er sett fram í Viðauka III; og einnig sérstakar reglur um innihaldslýsingar, staðhæfingar (eins og „léttsaltað“ eða „fituskert“) og ábendingar um vatnsinnihald.

Eftirlit er á höndum umhverfis- og heilbrigðisstofnana sveitarfélaga. Að framfylgja ekki reglunum getur leitt til ákæru og eftir dómsúrskurð til hegningar í formi sekta eða fangelsisvistar.

ii) Mjólkurvörur

Markaðsskilyrði og að nokkru marki merkingastaðlar fyrir mjólk og mjólkurvörur eru sett fram í Reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur með síðari breytingum. Reglugerðin var gefin út samkvæmt heimild í Lögum um matvæli nr. 93/1995 og Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Framleiðsla og dreifing mjólkur verður einnig að fara eftir Reglugerð nr. 522/1994 um eftirlit með matvælum og hreinlæti við framleiðslu og dreifingu mjólkur.

Að fara ekki eftir ákvæðum reglugerðanna getur leitt til ákæru og eftir dómsúrskurð til hegningar í formi sekta eða fangelsisvistar.

Í Reglugerð nr. 919/2002 er „mjólk“ skilgreind sem kúamjólk fengin með reglulegum mjóltum og ætluð til neyslu manna. Ekki má bæta neinu í mjólkina eða vinna úr henni áður en hún kemur til mjólkurstöðva (sama regla gildir um geitamjólk, sauðamjólk og kaplamjólk). Þessi vara ásamt ábrestum og geldmjólk eru skilgreind frekar í Viðauka I við reglugerðina. Í reglugerðinni eru settir staðlar fyrir kúamjólk sem hefur verið hituð, þ.e. hámarks frostmark hennar, lágmarks massi í lítra, lágmarks magn af eggjahvítuefni og lágmarks fitulaust fast efni.

„Mjólkurvörur“ eru skilgreindar þær vörur sem eru framleiddar eingöngu úr mjólk í þeim skilningi að öðrum efnum sem nauðsynleg eru við framleiðsluna megi bæta í hana svo framarlega sem þau efni eru ekki notuð í staðinn fyrir, í heild eða að hluta, innihald mjólkurinnar. „Samsettar mjólkurvörur“ þýðir að um sé að ræða vöru þar sem mjólk og mjólkurvörur eru nauðsynlegur hluti, annað hvort vegna gæða eða til að auðkenna vöruna. Í reglugerðinni eru einnig skilgreiningar um fituskerta mjólk og fitusprengda mjólk.

Ennþá nákvæmari reglur um ákveðnar mjólkurvörur og nöfn á framleiðslu eru skilgreind í Viðauka I við reglugerðina (svo sem mjólk, rjómi, mjólkurdrykkir, þar á meðal súrmjólk og jógurt, mjólkurþykkni, þurrmjólk, skyr og kvarg, mysa og vörur úr mysu, smjör og vörur úr smjöri, og ostar). Framleiðsla og dreifing á öðrum mjólkurvörum sem innihalda önnur efni eða örverur, en eru nefndar í Viðauka I, eru bönnuð nema sérstakt leyfi hafi fengist frá Matvælastofnun Íslands.

Sérhver framleiðandi (bóndi) verður að hafa framleiðsluleyfi. Mjólkurstöðvar hafa ekki leyfi til að safna mjólk frá framleiðendum án gilds leyfis. Sérhver framleiðandi skal gera ráðstafanir til að tryggja að mjólk frá búi hans nái lágmarkskvöðum um gæði mjólkur samkvæmt Viðauka III. Sérhver mjólkurstöð skal ráða mjólkureftirlitsmann til að rannsaka meðferð mjólkurinnar hjá framleiðendunum. Mjólkureftirlitsmenn og héraðsdýralæknir skulu rannsaka meðferð mjólkurinnar á framleiðslustigi. Ef framleiðandi nær ekki þeim stöðlum sem settir eru fram í Viðauka III í þrjá mánuði, geta mjólkurstöðvarnar ekki tekið við mjólk frá viðkomandi framleiðanda þótt takmarkaðar undantekningar séu mögulegar. Héraðsdýralæknir hefur vald til að afnema framleiðsluleyfið.

Aðeins má afhenda endanlegum neytanda gerilsneydda mjólk nema til komi sérstakt keyfi frá Matvælastofnun. Leyfilegt er að endurgerilsneyða rjóma og léttmjólk. Vinnsla og dreifing endurgerilsneyddar mjólkur er bönnuð nema fyrir liggi sýnilegur skortur á mjólk og eingöngu með leyfi frá Matvælastofnun. Ógerilsneydda ábresti má setja á markað með sérstökum skilmálum og aðeins frosna. Skilyrði til að markaðsetja mjólkurþykkni eru sett fram í Viðauka IV.

Fyrir mjólk er greitt á grundvelli samsetningar og heilbrigðisástands sem metið er samkvæmt fitumagni, eggjahvítu, heildarfjölda sýkla og frumutölu í mjólk. Verðlagsnefnd landbúnaðar hefur sett fram bindandi flokkunarkerfi fyrir mjólk í Reglugerð nr. 503/2006 um flokkun mjólkur og skerðingu á verði á grundvelli veirutalningar, frumutals og leifum lyfja. Samkvæmt reglunum getur verðskerðingin numið allt að 4-5% af verði fyrir fyrsta flokks mjólk. Ef mjólk frá bónda inniheldur lyfjaleifar verður hún ekki skráð eða greidd. Jafnframt verður verð á mjólk sem sótt er til sama bónda í sama mánuði skorið niður um 15% og 15% að auki í hvert sinn sem slíkt kemur fyrir í sama mánuði.

Í Reglugerð nr. 392/1995 um ákveðin eggjahvítuefni í mjólk til nota í matvæli eru teknar fram ákveðnar reglur um framleiðslu og markaðssetningu eggjahvítuefna, svo sem kasein og kaseinöt. Kasein og kaseinöt skal merkja eftir Reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla sem endurspeglar meðal annars Tilskipun nr. 83/417/EEC um nálgun laga ríkja innan bandalagsins varðandi ákveðin eggjahvítuefni (kasein og kaseinöt) sem ætluð eru til manneldis.

iii) Nauta- og kálfakjöt, kindakjöt og geitakjöt

Í viðbót við Reglugerð nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur (sjá i. *Almennur lagagrundvöllur*) eru skilyrði fyrir markaðssetningu og merkingu ákveðinna sláturafurða (af sauðfé, nautgripum svínum og hrossum) sett fram í Reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða með síðari breytingum. Reglugerðin er gefin út á grundvelli Laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis skoðun og gæðamat á sláturafurðum nr. 96/1997.

Allar sláturafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings eða á markað innanlands skal flokka og merkja í samræmi við sérstakar framleiðslureglur eins og þær eru staðfestar í viðaukum við viðkomandi reglugerðir. Í lögnum eru settir almennir staðlar um meðhöndlun og vigtun sláturafurða og merkingu þeirra. Kröfur um merkinguna eiga jafnt við um allar sláturafurðir aðrar en kjöt eftir því sem við á. Á merkjum skulu koma fram upplýsingar um sláturhúsið, kjöttegund, flokkun og dagsetningu og ár slátrunarinnar. Auk þess er leyfilegt að setja fram aukaupplýsingar svo sem strikamarkeringu, fallþunga, nafn bónda, númer býlis, eða nafn kaupanda. Staðfestingu og fituflokkun skal auðkenna með mismunandi litum eins og gert er ráð fyrir í reglugerðinni. Þegar kjöt er selt frá sláturhúsfyrirtæki eða heildsala í heilum og hálfum skrokkum eða fjórðungi af skrokki eða öðrum hlutum, skal sérhver partur eða umbúðir vera merkt með framleiðslunafni og flokkun.

Flokkun er framkvæmd af kjöteftirlitsmanni. Sérhvert sláturhús þarf að ráða til sín eftirlitsmann sem gæðaflokkar sláturafurðir. Eftirlitsmennirnir skulu vera samþykktir af yfirkjöteftirlitsmanni sem er opinber starfsmaður og hefur ábyrgð á fjölbreyttum verkefnum sem varða stjórnun gæðaflokkunar, þ.á.m. að setja upp flokkunarkerfi og leiðbeiningar um flokkun, um þjálfun og leiðbeiningar til kjötmatsmanna, að samhæfa og skoða verk þeirra og safna gögnum um kjöteftirlit og endurskoða flokkun kjöts ef fram koma rökstuddar beiðnir frá framleiðenda og kaupanda.

Í lögum nr. 96/1997 eru ákvæði um að við brotum á ákvæðum reglugerðarinnar megi höfða mál og að sakfelling geti kostað sektir eða fangelsisvist.

Nákvæmar reglur um flokkun á nauta- og kálfakjöti eru settar fram í Viðauka II við reglugerðina. Flokkunarkerfið er ekki sambærilegt við samsvarandi kerfi innan Evrópusambandsins. Skrokkum er skipt í flokka eftir aldri og kyni. Kjöt sem flokkað hefur verið samkvæmt fyrsta heilbrigðisstaðli, öðrum heilbrigðisstaðli eða sem gölluð vara er flokkað ótengt öðrum flokkum. Staðlarnir sem beitt er eru grundvallaðir á aldri og kyni skrokksins þótt við almenna flokkun sé tekið tillit til staðfestingar á mati, hlutfalli fitu og litar kjöts, og fitu.

Tekið skal fram að við markaðssetningu á „nautakjöti“ má ekki, samkvæmt Reglugerð nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur, nota orðið sem safnheiti fyrir allt nautgripakjöt en aðeins um kjöt af nautum, uxum og ungum kúm, 12-30 mánaða gömlum.

Nákvæmar reglur um flokkun kindakjöts eru settar fram í Viðauka I við Reglugerð nr. 331/2005. Flokkunarkerfið byggir á því kerfi sem notað er í Evrópusambandinu (og sett er fram í reglugerð ráðsins (EC) no 1234/2007). Skrokkum er skipt í flokka eftir aldri og kyni. Við heilbrigðiseftirlit er skrokkum skipt í fyrsta flokk, annan flokk og gallaða vöru og gæðaflokkun fer síðan eftir þeirri

flokkun. Dilkakjöt (af kindum undir tólf mánaða aldri) og ærkjöt er flokkað sitt í hvoru lagi. Flokkunin tekur tillit til staðfestingar á mati og hlutfalli ytri fitu. Í viðaukanum er sérstaklega tekið fram að kindakjöt sem ætlað er til útflutnings á ákveðinn erlendan markað megi merkja í samræmi við kvaðir viðkomandi lands.

iv) Svínakjöt

Auk Reglugerðar nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur (sjá i. *Almennur lagagrundvöllur*) og almennra ákvæða í Reglugerð nr. 484/1998 (sjá iii) nauta- og kálfakjöt, kindakjöt og geitakjöt) eru nákvæmar reglur um flokkun svínakjöts útlistaðar í Viðauka III við síðari reglugerðina. Flokkunarkerfið er ekki sambærilegt við það flokkunarkerfi sem notað er í Evrópusambandinu. Skrokkum er skipt í deildir eftir aldri og kyni – nánar til tekið grísi, galti og gyltur eins og nánar er útskýrt í viðaukanum. Skrokkar sem náð hafa fyrsta heilbrigðisstaðli, öðrum heilbrigðisstaðli eða taldir gallaðir eru flokkaðir sinn í hvoru lagi. Flokkunin er byggð á þunga, staðfestingu mats og hlutfalli ytri fitu.

v) Alifuglakjöt

Auk Reglugerðar nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur (sjá i. *Almennur lagagrundvöllur*) eru markaðskröfur og stöðlun merkingar fyrir alifuglakjöt settar fram í Reglugerð nr. 260/1980 um alifuglasláturhús og tækjabúnað þeirra, slátrunina, meðhöndlun kjötsins og kjöteftirlit með síðari breytingum. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í Lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat sláturafurða, nr. 96/1997.

Alifuglakjöt skal merkt í samræmi við Reglugerð nr. 503/2002 um merkingar matvæla og Reglugerð nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur, og skal í þeim vera nafn framleiðanda eða vörumerki hans, nafn sláturhússins, tekið skal fram í hvaða mánuði og ári dýrinu var slátrað og innihald vörunnar. Þökkun alifugla og alifuglakjöts skal einnig innihalda leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu í samræmi við Viðauka I við Reglugerð nr. 260/1980. Ef vörunni er pakkað í marghólfa kassa skal merkja kassann í samræmi við innihaldið. Alifuglavörur má ekki bjóða til kaups ópakkaðar eða án merkinga.

Þegar alifuglakjöt er ætlað á almennan neyslumarkað skal gera greinarmun á alifuglakjöti sem hæft er til manneldis eftir aldri, staðfestingu og þunga. Flokkunin skal koma fram á merkingu og vera eftirfarandi:

- *Kjúklingar*: Fuglar allt að 14 vikna aldri við slátrun, lágmarkspungi 500 gr. eftir slátrun
- *Ungfuglar*: Fuglar frá 15 til 30 vikna við slátrun, hámarkspungi 1000 gr. eftir slátrun
- *Ungbænsn*: Fuglar frá 8 til 20 mánaða við slátrun, hámarkspungi 1000 gr. eftir slátrun
- *Hænsni*: Fuglar eldri en 20 mánaða við slátrun

Framleiðendur hafa leyfi til frekari flokkunar sláturafurða innan þessara flokka, t.d. eftir þunga, kyni og staðfestingu.

vi) Hrossa- og folaldakjöt

Auk Reglugerðar nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur (sjá i. *Almennur lagagrundvöllur*) og almennra ákvæða í Reglugerð nr. 484/1998 (sjá iii) nauta- og kálfakjöt, kindakjöt og geitakjöt) eru nákvæmar reglur um flokkun svínakjöts útlistaðar í Viðauka IV við síðari reglugerðina. Skrokkum er skipt í deildir eftir aldri og kyni. Skrokkar sem náð hafa fyrsta heilbrigðisstaðli, öðrum heilbrigðisstaðli eða taldir gallaðir eru flokkaðir sitt í hvoru lagi. Flokkunin er byggð á staðfestingu mats, hlutfalli ytri fitu og stundum þunga.

vii) Ávextir og grænmeti

Reglur um markaðssetningu og merkingar ávaxta og grænmetis er að finna í viðeigandi almennum ákvæðum Reglugerðar nr. 503/2005 um merkingar matvöru. Hins vegar eiga ákveðin ákvæði sérstaklega við um þessa grein, venjulega sem undantekningar frá almennum reglum. Þetta á meðal annars við um innihaldslýsingar og vísbendingar um geymsluþol sem eru ekki nauðsynlegar um ferska ávexti, grænmeti og þ.á.m. kartöflur, sem ekki hafa verið flysjuð, sneidd eða meðhöndlað á svipaðan máta.

Í ákveðnum öðrum tilvikum eru settar fram nákvæmari reglur varðandi þennan geira. Samkvæmt Reglugerð nr. 681/2009 sem er viðauki við Reglugerð nr. 503/2005 skal merkja ákveðið grænmeti, ákveðna ferska ávexti og kartöflur með upplýsingum um upprunaland, eins og tekið er fram í 7. viðauka við aðalreglugerðina. Það sama á við um ferskar blöndur af þessum vörum. Ef í blöndunni eru vörur frá fleirum en einu upprunalandi, á upprunaland alls innihalds að koma fram á merkingu. Undanskildar þessu eru vörur sem seldar eru beint frá framleiðanda til neytanda. Ef þessar vörur eru seldar án umbúða eða settar í umbúðir á sölustað skal smásöluaðili gefa upp upprunaland vörunnar nálægt staðsetningu vörunnar.

Þar eð kartöflur eru að nokkru leyti höndlaðar sem grænmeti skal þess að lokum getið að markaðssetning og merking útsæðiskartaflna er tekin fram í Reglugerð nr. 455/2006 um kartöfluútsæði. Markmið reglugerðarinnar er meðal annars að tryggja enn meiri gæði kartaflna sem ræktaðar eru innanlands. Smásöluaðilar og dreifendur útsæðis verða að fá leyfi frá Matvælastofnun.

III. BEINGREIÐSLUR TIL BÆNDA

12. Vinsamlegast lýsið beingreiðslukerfi í notkun og sérstaklega:

- þeim skilyrðum sem þarf að fullnægja til að fá rétt til greiðslna,
- stjórn og stjórnunarfyrirkomulagi sem notuð eru í sérhverju tilviki (sérstaklega skráningu jarðeigna í heildarskrá landsins um býli, hvernig umsóknir eru lagðar fram, hvaða gögn skal leggja fram, stjórnun og staðbundið eftirlit sem skal framkvæma, hvaða refsiaðgerðir má nota),

- fjölda þeirra sem njóta greiðslanna,
- hvaða upphæð er lögð til hverrar greinar á fjárlögum,
- öllum öðrum upplýsingum sem kunna að nýtast við samanburð við þau kerfi sem notuð eru í Evrópusambandinu.

Beingreiðslur til mjólkur-, nautgripa-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu eru grundvallaðar á Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993. Brot á ákvæðum laganna og reglugerðum sem byggðar eru á þeim geta kostað ákæru og við sakfellingu sektir nema enn strangari refsíákvæði annara laga eigi við.

Mjólkurframleiðsla

Beingreiðslur til mjólkurframleiðenda eru greiddar með tilvísun í 10. kafla Laga nr. 99/1993 og núgildandi Reglugerð nr. 648/2009. Reglugerðin gildir um tímabilið frá 1. september 2009 til 31. desember 2010. Þessi óvenju langi gildistími helgast af breytingum vegna ákvörðunar um að aðlagð framleiðsluárið (sögulega frá 1. september til 31. ágúst) að almanaksárinu (þ.e. 1. janúar til 31. desember). (Sambærilegt við framleiðsluárið í ESB frá 1. apríl til 31. mars.)

Skilyrði fyrir greiðslum

Framleiðsla sem kemur til greina að hafi rétt til beingreiðslna verður að fara fram á opinberlega skráðu lögbýli. Ennfremur verður framleiðslan að fara fram á býli með skráðan rétt til stuðnings.

Greitt er til lögaðila (einstaklings eða fyrirtækis) og aðeins er mögulegt að skrá einn lögaðila á framleiðslueiningu. Ef fleiri en ein framleiðslueining er á býli er hægt að skrá tvo eða fleiri aðila sem rétt eiga til beingreiðslna á býlið. Framleiðslueining er viðurkennd á grundvelli aðskilinna virðisaukaskattsnúmera.³³

Framleiðendur sem framleiða mjólk á búi þar sem ekki er skráður réttur til stuðnings³⁴ falla ekki innan þessa kerfis.

Bóndi sem kýs að hefja mjólkurframleiðslu og fá beingreiðslur verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Framleiðslan verður að fara fram á skráðu lögbýli
2. Réttur til stuðnings verður annað hvort að koma til með kaupum á býli sem hefur þennan rétt eða með því að kaupa þennan rétt frá öðru skráðu lögbýli og skrá hann á viðkomandi býli. Flutningur á stuðningsrétti frá einu lögbýli til annars er háður eftirfarandi skilyrðum:

³³ Skráður framleiðandi hefur sérstakt skráningarnúmer til staðfestingar þegar lögð eru fram gögn varðandi VSK.

³⁴ Réttur einstakra aðila til stuðnings og framleiðslukvóti aðila eru órjúfanlega tengdir. Heildarstuðningur eru skilgreindur í lítrum af mjólk á ári sem er jafn heildarframleiðslukvóta hvert framleiðsluár. Þegar kvóti hefur verið ákveðinn er þeirri upphæð sem lögð er til beingreiðslna á fjárlögum ríkisins deilt jafnt eftir heildarrétti til stuðnings. Stuðningur er síðan veittur einstaka framleiðendum eftir hlutfallslegum stuðningi þeirra sem grundvallast á framleiðslukvóta þeirra. Stuðningur og framleiðslukvóti eru þannig ákveðnir samtímis.

- Frágenginn samningur milli kaupanda þar sem koma fram nöfn þeirra, kennitölur, lögheimili, dagsetning kaupsamnings, gildistími, verð á hvern líter stuðningseininga, heildarmagn samningsins og undirskriftir beggja aðila ásamt tveim vottum að undirskrift
- Staðfesting á eign býlisins sem selt er frá. Allir eigendur verða að staðfesta að þeir samþykki söluna
- Leggja verður fram skráningu og veðbókarvottorð býlisins sem selur og samþykki veðhafa á að sala stuðningsréttarins megi fari fram
- Skráning kaupanda réttarins. Aðeins er hægt að skrá einn einstakling fyrir hverja framleiðslueiningu. Hægt er að skrá tvo eða fleiri lögaðila sem viðtakendur beingreiðslna á hverju býli svo framarlega sem fleiri en ein framleiðslueining sé á býlinu

Fyrirkomulag greiðslna

Greiðslur eru reiddar fram mánaðarlega og er skipt í þrjá flokka. Greitt er án tillits til fitu- eða eggjahvítuinnihalds mjókur sem framleidd er:

- 47.6% heildarbeingreiðslna eru greidd á líter framleiðslukvóta býlisins án tillits til magnsins sem viðkomandi framleiðandi framleiðir, svo framarlega sem framleiðslan nái í það minnsta 90% af framleiðslukvóta býlisins. Greiddur er fyrirfram 1/12 af ætluðum stuðningi fyrsta dag hvers mánaðar (í ár 1/16 þar eð framleiðsluárið er 16 mánuðir)
- 35.45% af öllum beingreiðslum er greitt samkvæmt hverjum framleiddum lítra allt að hámarki kvóta viðkomandi framleiðanda. Greitt er fyrsta dag mánaðar fyrir framleiðslu næstsíðasta mánaðar
- 16.88% er greitt fyrir framleiðslu (svo framarlega sem hún fari ekki fram yfir heildarkvóta hvers býlis) í völdum mánuðum til að tryggja að forði sé nægur allt árið

Ónotuðum greiðslum samkvæmt tveim efri atriðunum að ofan er deilt á framleiðendur eftir reglum sem taldar eru upp í 5. grein Reglugerðar nr. 648/2009, og þar á meðal er tekið tillit til stuðningsréttar þeirra og framleiðslu á næsta framleiðsluári á undan.

Greiðslur eru byggðar á upplýsingum úr mánaðarlegum skýrslum mjólkurstöðva. Í þessum skýrslum er tekin fram framleiðsla hvers framleiðanda og býlis. Greiðslur eru framkvæmdar sjálfkrafa svo framarlega sem framleiðslan fer fram á býli með skráðum stuðningsrétti og framleiðandinn sé skráður sem viðtakandi greiðslna. Skráningu framleiðanda (kennitala, bankareikningur, VSK-númer) á skrá yfir viðtakendur greiðslna má líta á sem umsókn.

Fjöldi þeirra sem þáðu greiðslur í september 2009 fyrir mjólkurframleiðslu var 705.

Tafla 12.1: Framlög fjárlaga vegna beingreiðslna vegna mjólkurframleiðslu (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
3,241.5	3,471.1	3,839.3	3,925.6	4,013.9	4,163.3	4,239.9	4,137.5	4,102.0

2. Gripagreiðslur fyrir mjólkurkýr og eldiskýr

Greitt er samkvæmt Reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum eins og henni hefur verið breytt með Reglugerðum nr. 828/2006 og nr. 208/2008.

Skilyrði fyrir greiðslum

Allir framleiðendur á opinberlega skráðum lögbýlum sem eiga mjólkandi kýr eiga rétt á greiðslum. Framleiðendur sem fá beingreiðslur fyrir mjólkurframleiðslu þurfa ekki að sækja um gripagreiðslur. Lögaðili sem fær gripagreiðslur verður að vera sá sami og sá sem fær beingreiðslurnar. Aðrir framleiðendur verða að sækja um gripagreiðslur. Greitt er til lögaðila (einstaklings eða fyrirtækis) og aðeins er hægt að skrá einn lögaðila á framleiðslueiningu. Ef fleiri en ein framleiðslueining er á býli er hægt að skrá tvo eða fleiri aðila sem rétt eiga til beingreiðslna á býlið. Kýr sem réttur er til að greiða fyrir verða að bera merkingu í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í Reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár.

Framkvæmd greiðslna

Greiðslur eru ákvarðaðar eftir eftirfarandi viðmiðunum:

- Heildarupphæð sem ætluð eru til áætlunarinnar á fjárlögum
- Fjöldi „árskúa“. Árskýr eru skilgreindar sem meðalfjöldi merktra kúa á skráðu lögbýli á 12 mánaða tímabili (2. grein Reglugerðar nr. 567/2006). Áætlun á fjölda árskúa er byggð á upplýsingum frá MARK³⁵
- Vegna eldiskúa af innfluttum holdakynjum eiga framleiðendur rétt á tvöfaldri greiðslu mjólkurkúa
- Fjöldi árskúa hjá hverjum framleiðanda er endurútreiknaður á fjögurra mánaða fresti
- Framleiðendur fá fulla greiðslu fyrir fyrstu 40 árskýr. Fyrir fleiri en 40 árskýr minnka greiðslur fyrir hverju kú í viðkomandi hjörð sem hér segir:

Fjöldi árskúa	Hlutfall af óskertri greiðslu
1 - 40	100%
41 - 60	75%
61 - 80	50%
81 - 100	25%

³⁵ MARK er sameiginlegur gagnagrunnur sem er undir stjórn Matvælastofnunar og Bændasamtakanna og inniheldur upplýsingar um merkingar á einstökum gripum samkvæmt Reglugerð nr. 289/2005 með síðari breytingum.

101 og fleiri	0%
---------------	----

Ef fjöldi árskúa hjá framleiðanda (framleiðslueiningu) nær 170 skal skerða gripagreiðslur til framleiðandans um 25% fyrir hverjar 10 árskýr yfir 170 þannig að framleiðandi sem heldur fleiri en 200 árskýr fær engar gripagreiðslur:

Árskýr	Skerðing á heildar gripagreiðslum
>170 - 180	25%
>180 - 190	50%
>190 - 200	75%
Fleiri en 200	100%

Gripagreiðslur fyrir eldiskýr af innfluttum holdakynjum eru undanþegnar þessum skerðingum (Reglugerð nr. 208/2008).

Eftirlit

Komi í ljós að misræmi sé á milli skráningar á kúm í MARK gagnagrunninum og öðrum opinberum skráum um fjölda dýra skal endurskoða fjölda árskúa. Framleiðanda skal gefinn 14 daga frestur til að útskýra eða leiðrétta misræmið áður en tekin er ákvörðun um leiðréttingu.

Fjöldi þeirra sem fengu gripagreiðslur í september 2009 var 801.

Tafla 12.2: Framlög til gripagreiðslna á fjárlögum (í milljónum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
0	0	0	0	0	0	38.3	492.6	504.0

3. Sauðfjárframleiðsla

Beingreiðslur til sauðfjárbænda eru greiddar samkvæmt stuðningsrétti (í ærgildum) samkvæmt Reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008-2013. Réttur til greiðslna er upphaflega byggður á sögulegri framleiðslu og hann má flytja milli býla.

Skilyrði fyrir greiðslum

Bóndi sem vill fá beingreiðslur vegna sauðfjárbúskapar þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Framleiðsla verður að fara fram á skráðu lögbýli.
2. Réttur til stuðnings fæst annað hvort með eign á býli með stuðningsrétt eða með því að kaupa réttindi frá öðru skráðu lögbýli og fá þau skráð á býlið. Flutningur á rétti til stuðnings frá einu lögbýli til annars er háður eftirfarandi skilyrðum:
 - Frágenginn samningur milli kaupanda þar sem koma fram nöfn þeirra, kennitölur, lögheimili, dagsetning kaupsamnings, gildistími, verð á hverja stuðningseiningu, heildarmagn samningsins og undirskriftir beggja aðila ásamt tveim vottum að undirskrift

- Staðfesting á eign býlisins sem selt er frá. Allir eigendur verða að staðfesta að þeir samþykki söluna
- Leggja verður fram skráningu og veðbókarvottorð býlisins sem selur og samþykki allra veðhafa á að sala stuðningsréttarins megi fari fram
- Skráning kaupanda réttarins. Aðeins er hægt að skrá einn einstakling fyrir hverja framleiðslueiningu. Hægt er að skrá tvo eða fleiri lögaðila sem viðtakendur beingreiðslna á hverju býli svo framarlega sem fleiri en ein framleiðslueining sé á býlinu

Heildarréttur til stuðnings er 368,457 einingar og beingreiðslum er skipt milli býla með tilliti til hlutfalls þeirra til réttarins.

Framkvæmd greiðslna

Greiðslur fara fram í níu hlutum mánaðarlega frá 1. janúar til 1. september. Fyrstu tvo mánuðina fer fram ein greiðsla þann 1. febrúar. Greitt er í íslenskum krónum fyrir hverja einingu stuðningsgreiðslna.

Skilyrði – eftirlit

Til þess að fá hámark beingreiðslu verður bóndinn sem er skráður viðtakandi að eiga (samkvæmt opinberum skýrslum sem fengnar eru samkvæmt Lögum nr. 103/2002) í það minnsta 0.6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hverja einingu stuðningsréttar. Ef framleiðandinn á færri vetrarfóðraðar kindur eru greiðslur skertar sem því nemur. Á þessu eru þó tvær undantekningar:

- Bændur sem þurfa að gangast undir skylduslátrun á fé sínu til að þurrka út sjúkdóma og Ríkisstjórnin greiðir fyrir, fá fullar beingreiðslur fyrsta árið eftir að þeir hefja aftur búskap ef fjáreign þeirra nær 0.2 vetrarfóðruðum kindum fyrir hverja einingu stuðningsréttar og 0.4 annað árið
- Á skráðum lögbýlum þar sem beit kemur í veg fyrir venjulegar aðferðir til landgræðslu eða að um er að ræða of mikið álag á beitolandið getur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitt leyfi til lægra hlutfalls

Viðeigandi yfirvald (Matvælastofnun) getur ákveðið að minnka eða stöðva beingreiðslur til bænda sem annað hvort gefa upp rangan fjölda af vetrarfóðruðum kindum eða stunda ólöglega verslun eða dreifingu kjötafurða. Fjöldi fjár er athugaður árlega í samræmi við Lög nr. 103/2002.

Fjöldi þeirra sem höfðu rétt til stuðnings við sauðfjárbúskap var 1,720 í september 2009.

Tafla 12.3: Fjárframlög ríkisins til beingreiðslna vegna sauðfjárbúskaðar (í þúsundum króna)

Beingreiðslur til sauðfjárbænda	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
04-805-101; Bein-greiðslur til framleiðenda kindakjöts	1,671,606	1,723,381	1,771,695	1,893,617	1,605,787	1,582,630	1,746,338	1,731,210	1,901,450

04-805-103; Bein- greiðslur til framleiðenda kindakjöts, jöfnunargreiðslur	0	0	68,792	70,334	72,982	116,481	73,522	94,296	0
04-805-104/111; Beingreiðslur til framleiðenda kindakjöts – auka greiðslur til þátttakenda í gæðastýringarkerfi	0	0	0	0	385,501	483,587	576,666	689,130	1,038,718
Heildargreiðslur	1,671,606	1,723,381	1,840,487	1,963,951	2,064,270	2,182,698	2,396,526	2,514,636	2,940,168

4. Garðyrkja

Greislur eru nú framkvæmdar samkvæmt Reglugerð nr. 5/2009 um beingreiðslur í garðyrkju árið 2009.

Réttbætur

Framleiðendur (einstaklingar eða fyrirtæki) tómata, agúrkna og papriku eiga rétt á beingreiðslum.

Skilyrði

Framleiðendur sem hlutu beingreiðslur liðið ár þurfa ekki að sækja um beingreiðslur fyrir árið 2009.

Nýir framleiðendur verða að sækja um fyrir 15. janúar á hverju ári.

Allir framleiðendur sem æskja þess að fá beingreiðslur verða að skila inn framleiðsluáætlun til Bændasamtakanna fyrir 15. janúar og taka þar fram flatarmál gróðurhúsa sem ætluð eru til framleiðslu hverrar tegundar og áætlun fyrir hverja tegund.

Greitt er til lögaðila (einstaklings eða fyrirtækis) og aðeins er hægt að skrá einn lögaðila á hverja framleiðslueiningu. Ef fleiri en ein framleiðslueining er á hverju býli er hægt að skrá tvo eða fleiri einstaklinga sem viðtakendur beingreiðslna á búið.

Fyrirkomulag greiðslna

Greitt er fyrir hvert kg framleiðslu og þá annað hvort byggt á framleiðsluskýrslum frá heildsöluaðilum eða upplýsingum frá framleiðanda. Framleiðandi verður að skila inn mánaðarlegri skýrslu um framleiðsluna og sjá viðeigandi yfirvaldi fyrir upplýsingum um framleiðandann, kaupanda framleiðslunnar og þar á meðal afrit af reikningi seldrar vöru þar sem koma á fram varan, gæði, magn og verð á kg auk heildarverðs.

Fjöldi þeirra sem höfðu rétt til stuðnings við garðyrkju árið 2009 var um það bil 40.

Tafla 12.4: Uppbæðir á fjárlögum til beingreiðslna í garðyrkju (í milljónum króna):

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
------	------	------	------	------	------	------	------	------

0	0	182.5	169.0	205.5	199.8	194.8	204.0	217.0
---	---	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------

IV. DREIFBÝLISSTEFNA

Inngangur

Ekki er í framkvæmd nein stefna á Íslandi um alhliða þróun dreifbýlis. Vegna náttúrulegra aðstæðna hefur dreifbýlisstefna verið afrakstur fjölda mismunandi stefnumiða sem hafa bein eða óbein áhrif á lífsskilyrði á dreifbýlissvæðum. Dreifbýlisþróun og þróun einstakra svæða er yfirleitt eitt og hið sama. Þessar sérstöku aðstæður í landinu sem lýst er stuttlega hér að neðan ættu að varpa einhverju ljósi á svör um dreifbýlisstefnu á Íslandi.

Auðkenni búsetumynsturs á Íslandi er samsöfnun á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrennis og hins vegar dreifbýlli svæði með litlum bæjum og bændabýlum. Um það bið 37% mannfjöldans býr í þessu dreifbýli. Ísland er strjálbýlasta land Evrópu með 2.9 íbúa á ferkílómetra. Næstum 80% landsins er óbyggt og að mestu leyti óbyggilegt. Hálendið í miðju landinu er að mestu leyti gróðursnautt, hraunbreiður, jöklar, fjöll og eldfjöll. Byggt er að mestu leyti samþjöppuð á láglandi, mjóum strandsvæðum og dölum sem teygja sig inn frá ströndinni.

Samkvæmt skilgreiningu dreifbýlisáætlunar OECD og skiptingu Hagstofu Íslands á landinu í svæði eru sex af átta landsvæðum flokkuð sem fyrst og fremst dreifbýlissvæði. Hin svæðin tvö eru skilgreind sem aðallega þéttbýlissvæði. Tekið skal fram að almennt er notuð tveggja þrepa landfræðileg skipting Íslands sem að hluta er byggð á þéttleika byggðar, þ.e.a.s. a) höfuðborgarsvæðið og b) aðrir hlutar landsins.

Skilgreiningin er þó ekki fullnægjandi fyrir landfræðilega greiningu þótt hún sé víða notuð. Að auki er þessi skipting landsins ekki grundvöllur fyrir svæðisskiptri eða dreifbýlisþróunaráætlun, þar eð öll svæði utan höfuðborgarsvæðisins eru dreifbýli. Frekari skipting dreifbýlis er ekki viðeigandi á Íslandi. Svæðin eru sambærileg hvað varðar náttúrulegt ástand og möguleika, og öll þurfa þau að takast á við sömu viðfangsefni þegar kemur að efnahagslegri fjölbreytni, félagskerfum og við að uppfylla lagalega skyldu sína gagnvart íbúunum.

Þessi einkenni landsins vísa beinlínis til þess að varla hefur nokkur stefna verið sett kerfisbundið fram eða framkvæmd án þess að hafa bein áhrif á dreifbýlissamfélög. Þetta, og þ.á.m. tiltölulega nýleg þéttbýlismyndun, hefur átt sinn þátt í að engin sameiginleg dreifbýlisstefna er fyrir hendi á Íslandi. Hingað til hefur dreifbýlisstefna í fyrsta lagi verið sett fram í þingsályktunum þar sem Alþingi lýsir yfir afstöðu sinni og þrýstir á Ríkisstjórnina varðandi sérstök verkefni, undirbýr löggjafir á sérstöku sviði eða með öðrum athöfnum. Í annan stað er stefna sett fram samkvæmt einhverju kerfi í lang- eða skammtíma löggjöf varðandi sérstök, sundurliðuð verkefni sem fjármögnuð eru með opinberu fé og hafa áhrif á dreifbýlisþróun.

Á Íslandi er stjórnkerfið tvískipt, ríkisstjórn og sveitarstjórnir. Því er engin svæðisbundin stjórnsýsla á Íslandi. Þótt ríkisstjórnin beri almennt séð ábyrgð á mótun og framkvæmd

dreifbýlisstefnu eru sveitarstjórnir mikilvægur hlekkur í þessu ferli eins og ljóst er hvað varðar lagalega og pólitíska ábyrgð þeirra.

Nálgun að dreifbýlisþróun hefur breyst undanfarin ár frá sérstökum stuðningi til dreifbýlissvæða og einstakra greina sem hafa átt í vanda og þess í stað nálgast almenna stefnu sem ætlað er að styrkja ákveðin dreifbýlissvæði. Reynt hefur verið að auka fjölbreyttari iðnað. Þá liggja fyrir möguleikar á opinberum stuðningi til breiðari flokka framleiðslu og verkefna í landbúnaði. Einnig hefur verið stefnt að því að ýta undir nýtingu auðlinda, svo sem fiskveiða í vötnum og ám, söfnun æðardúns, söfnun og vinnslu rekaviðar og fleiri svipaðra verka. Fiskeldi og ferðaþjónusta er einnig iðnaður sem bændur hafa tekið sífellt meiri þátt í til að auka við tekjur sínar. Auk þess var ábyrgð á dreifbýlisþróun flutt frá forsætisráðherra til iðnaðarráðherra og aukin áhersla hefur verið lögð á hagþróun og nýsköpun.

13. Lýsið stofnanaramma varðandi dreifbýlisþróun; fyrirkomulagi ákvarðanatöku og ábyrgð (allt ferlið/aðferð um afnám miðstýringar).

Inngangur

Öll ráðuneyti hafa mismunandi hlutverki að gegna varðandi dreifbýlisþróun. Þótt þau séu ekki ábyrg fyrir útfærslu dreifbýlisstefnu hefur vinna þeirra áhrif á dreifbýlissvæðin á mismunandi hátt. Formlegur vettvangur fyrir samvinnu milli ráðuneyta er ekki fyrir hendi. Hins vegar gerir stjórnkerfið sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir tvíverknað og reynir að skapa samvirkni milli mismunandi stefnumála og við framkvæmd markmiða.

Verið er að endurskipuleggja framgang mála til að undirbúa yfirgripsmikla áætlun um svæðisbundna þróun. Ríkisstjórnin hefur sett af stað vinnu við langtíma víðtæka áætlun til 2020. Í henni verður haft víðtækt samráð undir stjórn Forsætisráðuneytisins og einnig unnið að sóknaráætlun til að ýta undir langvarandi störf og lífsgæði á öllu Íslandi. Markmiðið er draga fram sameiginlega framtíðarsýn og samræma áætlanir í samgöngumálum, ferðaþjónustu og svæðisþróun ásamt fyrirætlunum um að fjölga því sem svæðisstjórnir bera ábyrgð á og ýmsum vaxtarverkefnum. Þar á meðal eru verkefni um opinberar framkvæmdir sem eru líklegar til að snúa við þróun eftir fjárhagslega hrunið. Markmiðin eru meðal annars að ýta undir þróun í grænum iðnaði, svo sem verkefni þar sem notuð verði hrein, endurnýjanlega orka til að skapa auð og atvinnu. Áhersla verður lögð á að kortleggja möguleika Íslands í umhverfisvænni, hreinni iðnaðarframleiðslu og að ýta undir fjárfestingar með tímabundinni hvatningu og hagstæðu orkuverði. Einnig verður lögð áhersla á að ná víðu samráði um sameiginlega sýn og lykilákvæðanir í endurbyggingunni. Markmiðið er að fá fram mikla samvinnu milli ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarstjórna, iðnaðarsamtaka og þeim samtökum sem hafa áhuga á að þróa markvissa áætlun fyrir landið. Ráðgjafarhópar verða settir upp í öllum landssvæðum og þar gerðar samræmdar áætlanir þar sem lögð verði áhersla á mikilvægi gagnvirkni til að styrkja atvinnu, menntun og almenningþjónustu innan svæðisins.

Hér að neðan er farið yfir þau ráðuneyti sem mestu máli skipta, stofnanir þeirra og aðra lykilþætti og lögð áhersla á tengsl þeirra við dreifbýlisþróun:

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ber ábyrgð á mikilvægum hluta rammans um stefnu í þróun dreifbýlis, hluta sem hefur áhrif á þau svæði á landinu þar sem byggð er strjálust og einnig allt dreifbýli þótt dreifbýlisstefna heyri formlega undir Iðnaðarráðuneytið. Þau stefnumál sem mestu skipta eru skilgreind í löggjöf sem skilgreinir stefnu í landbúnaði; um er að ræða Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993; Búnaðarlög nr. 70/1998 og tengda samninga við Bændasamtök Íslands, og einnig lög um fiskveiðar, meðal annars Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.

Landbúnaður og fiskveiðar hafa verið grundvöllur lífskilyrða og búsetu í hinum dreifðu byggðum Íslands. Regluverk varðandi fjárhagsstuðning ríkisins til bænda og landbúnaðarframleiðslu í Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru nr. 99/1993 hefur verið hluti af stuðningi við lífsafkomu og þróun dreifbýlisins. Aukin tækniþróun í landbúnaði hefur leitt til fækkunar bænda en við því hefur verið brugðist með nýjum atvinnutækifærum fyrir bændur, þar á meðal með Lögum nr. 70/1998. Ferðaþjónusta á býlum og myndun nýrra starfa fyrir bændur eru dæmi um verkefni á ábyrgð Bændasamtakanna í samræmi við þessi lög. Opinberar landbúnaðarstofnanir og stofnanir í matvælageiranum sem heyra undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafa einnig verið fluttar út í dreifbýlið til að auka störf þar (t.d. Matvælastofnunin (MAST), sjá Lög um Matvælastofnun nr. 80/2005). Lýsingu á núverandi stuðningi við bændur er að finna í I. og II. hluta.

Ráðuneyti iðnaðar, orku- og ferðamála ber ábyrgð á þróun stefnu jafnt fyrir dreifbýli og einstök svæði, rannsóknir á þessum sviðum og þróun atvinnu og efnahags. Öll helstu starfssvið ráðuneytisins snúa bæði beint og óbeint að dreifbýlisstefnu, þar eð þróun dreifbýlis og einstakra svæða er nátengd. Ábyrgð ráðuneytisins snýr aðallega að eftirfarandi málum:

- Málum iðnaðar almennt svo og orkufreks iðnaðar. Nýsköpun og tækniþróun
- Löggjöf varðandi starfsstéttir í tæknifræði og hönnun
- Orkumál, nýting orku, hitun og rafmagn
- Auðlindir neðanjarðar á landi, á sjávarbotni og jarðvegsgrunni
- Svæðismál og þróun atvinnumála
- Stöðlun
- Ferðaþjónusta

Heildarstefna í þróun dreifbýlis og einstakra svæða er sett formlega fram af Iðnaðarráðuneytinu sem leggur fyrir Alþingi tillögu að þingsályktun varðandi áætlun um dreifbýlisþróun til fjögurra ára. Í áætluninni er lýst markmiðum og stefnu Ríkisstjórnarinnar um þróun einstakra landshluta, framkvæmdaáætlun og hvaða stöðu stefnan um þróun landshlutans hefur almennt varðandi efnahag og einnig áætlanir um almannaðjónustu á Íslandi. Stefnunni er framfylgt í samræmi við Lög um Bygðastofnun nr. 106/1999.

Bygðastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir Iðnaðarráðuneytið. Bygðastofnun er meginstofnun með ábyrgð á framkvæmd og samhfæingu á landshluta- og dreifbýlisstefnu um land allt og einnig að fylgjast með verkefnum sem falla undir Bygðaaætlun. Samkvæmt Lögum nr. 106/1999 eru meginmarkmið Bygðastofnunnar að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs utan höfuðborgarsvæðisins. Til að ná þessu markmiði skal stofnunin vinna að undirbúningi, skipulagi

og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun. Eitt af störfum stofnunarinnar er að undirbúa stefnu um byggðapróun. Áætlunina á að byggja á fjárhagslegum, menntunarlegum, félagslegum og menningarlegum sjónarmiðum. Stofnumótunin skal unnin í nánú samstarfi við öll viðeigandi ráðuneyti, sveitarstjórnir og aðra aðila. Í öðru lagi á stofnunin að fylgjast með þróun byggðar í landinu með söfnun gagna og rannsóknarvinnu. Stofnunin styður þróunarfélög í hinum sjö landsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins og starfar með þeim. Stofnunin getur unnið að áætlunum til að styrkja byggð og efnahag á einstökum svæðum. Byggðastofnun stendur fyrir reglulegum fundum til að miðla upplýsingum og hafa samráð milli viðeigandi ráðuneyta, sveitarstjórna og annara aðila til að auka almenn samskipti og gagnsæi.

Ferðamálastofa sér um framkvæmd ferðamála. Stjórnun ferðamála sem almennrar greinar er unnin í nánú samstarfi mismunandi ríkisstofnanir, svo sem ráðuneyta fjármála, utanríkismála, samgöngumála, umhverfismála og menningarmála. Helstu verkefni Ferðamálastofu eru:

- Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir leyfum sé fullnægt
- Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðapjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf
- Markaðs- og kynningarmál ferðapjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er lykilstofnun ríkisvaldsins í að bjóða stuðningsþjónustu og koma í framkvæmd þróun frumkvöðlastarfs í viðskiptum sem eru sérhönnuð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, nýjar hugmyndir, einstaklingsfyrirtæki og uppfinningamenn með það að aðalmarkmiði að auka samkeppnishæfni landsins.³⁶

Impra starfar innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og vinnur samkvæmt markmiðum sem sett eru fram í áður nefndum lögum og eru enn frekar skilgreind í framkvæmdasamningi milli Iðnaðarráðuneytisins og Nýsköpunarmiðstöðvar. Slíkum stuðningsframkvæmdum er einkum ætlað að auka samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, auka aðgengi þeirra að upplýsingum, menntun, þjálfun og sérfræðiaðstoð til að bæta viðskiptastjórnun, fjármagnsleit, þróun nýrrar framleiðslu og þjónustu og þar fram eftir götum.³⁷

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í Byggyðaaætlun 2006-2009 er mikil áhersla lögð á menntun og menningu. Sum af mikilvægustu stefnumálunum fyrir hinar dreifðu byggðir sem tengjast ráðuneytinu er að finna í byggyðaaætluninni sjálfri. Vísindi, tækni og nýsköpun eru hátt skrifaðar í rammanum. Stefnuáætlun í vísindum og tækni 2006-2009 sem undirbúin var í Vísinda- og tækniráði inniheldur mikilvæga þætti fyrir dreifbýlisþróun svo og þróun almennt.

Almenn grunnmenntun án gjaldtöku er miðpunktur dreifbýlisþróunar á Íslandi. Reynt er að tryggja velferð og vellíðan barna og unglunga í leikskólum og í skyldunámi með virku samstarfi ríkis og sveitarfélaga og undirstrika þannig skuldbindingu um alhliða menntun.

³⁶ www.nmi.is/english/entrepreneurs-and-sme-services/

³⁷ Frekari upplýsingar um Nýsköpunarmiðstöð er að finna í 20. kafla, bls. 18.

Tveir háskólar (Hólaskóli og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri) bjóða upp á verknám og vísindalegt nám í landbúnaði og einnig námsleiðir sem tengjast viðtækari sviðum byggðapróunar. Báðir skólarnir starfa samkvæmt Lögum nr. 57/1999 með síðari breytingum. Meðal námsefnis er sjálfbær landnýting og skepnuhald, kynbætur og búskapur, bústjórn og tækni, umhverfisáætlanir, sjálfbær þróun dreifbýlis, endurheimt vistkerfa, garðyrkja og skógrækt, ferðaþjónusta í sveitum, hestavísindi og einnig fiskeldi og líffræði fiska.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands var sett á stofn árið 2003. Stofnunin er vettvangur fyrir samstarf Háskólans við sveitarstjórnir, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í dreifbýli. Markmiðið er að koma til móts við óskir um rannsóknir og menntun um allt Ísland, að skapa umhverfi til rannsóknarverkefna um svæðisbundið ástand hvað varðar félagsmál og umhverfi, að skapa tækifæri fyrir vettvangsrannsóknir nemenda, að auka tækifæri til menntunar á grundvelli rannsókna í dreifbýlinu, og að styrkja fyrirtæki og daglegt líf í dreifbýlinu. Sem stendur rekur stofnunin sjö svæðisbundnar rannsóknarmiðstöðvar. Miðstöðvarnar hafa haft jákvæð áhrif á viðkomandi svæði með því að hvetja og gera mögulegt fyrir unga rannsækendur sem eru fjölskyldufólk að vinna við rannsóknir utan höfuðborgarsvæðisins, með því að stýra rannsóknarvinnu og fjármögnun rannsókna úti á landi og með því að auka samvinnu Háskólans við rannsóknarhugmyndir sem koma upp í dreifbýlinu. Árið 2008 voru 43 starfsmenn hjá stofnunni, þar á meðal fastir starfsmenn, fólk í hlutastörfum og nemendur. Meirihluti fjár sem stofnunin hefur til umráða er fenginn með styrkjum.

Umhverfisráðuneytinu var falin umsjá með umhverfisáhrifum skógræktar, landgræðslu og endurheimt lands í byrjun árs 2008. Áður heyrði þetta undir Landbúnaðarráðuneytið. Stjórn skógræktar bænda (landshlutaverkefni í skógrækt) er enn undir framkvæmdahluta Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið ber ábyrgð á samgöngukerfinu, fjarskiptum og frá 1. október 2009 verða sveitarstjórnarmál flutt til ráðuneytisins. Grunngerð samgangna hefur verið skammt á veg komin á sumum dreifbýlissvæðum, sérstaklega vegakerfið, einkum vegna þess hve Ísland er strjálbýlt. Öll svið sem heyra undir ráðuneytið hafa bein áhrif á þróun dreifbýlis og stöðugt er tekið tillit til þess í stefnumótun. Lykilatriði í stefnumótun eru Fjarskiptaáætlun og Samgönguáætlun.

Vegagerðin leggur sitt til stefnumótunar og ber ábyrgð á opinberum framkvæmdum varðandi vegakerfið. Vegagerðin rekur fjórar svæðisstöðvar, meðal annars til að móta verkefni og lausnir sem eru heppilegar fyrir landsbyggðina.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur yfirumsjón með fjarskiptum innan lögsögu Íslands, framkvæmd Laga um fjarskipti, og fleiri skyldur. Stofnunin hefur vald til að fyrirskipa skuldbindingar um algilda þjónustu fyrir allt Ísland eða takmarkaðan hluta þjónustu á tilteknum svæðum og hefur því mikið hlutverk varðandi hinar dreifðu byggðir.

Sveitarstjórnir. Íslandi er skipt upp í 77 sveitarfélög sem stjórna eigin málum og hafa sjálfstæðar skatttekjur. Sveitarstjórnir sem kosnar eru til fjögurra ára stjórna sveitarfélögunum og sjálfstæði þessara stjórnunareininga er skilgreint í Stjórnarskránni og í lögum. Sveitarstjórnir hafa virkt hlutverk varðandi dreifbýlisþróun, bæði hver fyrir sig og sameiginlega þótt ekki sé um að ræða forgangsatriði samkvæmt Sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Hlutverkið er þó greinilegt þegar litið

er til áhuga þeirra á að styrkja byggð og fjárhagslega stöðu viðkomandi sveitarfélags eða svæða. Samkvæmt fyrirnefndum lögum skal ekki ljúka máli sem kemur beint við sérstakt sveitarfélag nema að loknum viðræðum við viðkomandi sveitarstjórn. Ennfremur geta sveitarstjórnir tekið að sér allar skyldur sem koma beint við íbúana svo framarlega sem slíkt sé ekki lagalegt hlutverk annarar stofnunar. Sveitarstjórnir hafa með höndum nokkurn fjölda lykilverkefna, þ.á.m. grunnskóla, barnagæslu (fyrir skólaskyldu), íþróttir og afþreyingu, snjómokstur, sorphreinsun og slökkvistarf.

Skipulagsákvæðanir eru á ábyrgð sveitarfélaganna og eru augljóslega verkfæri til að hafa áhrif á þróun einstakra sveitarfélaga og/eða svæða. Sveitarstjórnir gegna virku hlutverki í umræðu um samskipti dreifbýlis og þéttbýlis og eru álitsgjafar um lög og ákvæðanir Alþingis sem tengjast svæðunum eða áhugasviði þeirra. Samband íslenskra sveitarstjórnar hefur tekið virkan þátt í umræðum um þróun dreifbýlis og skipað nefndir um málefnið.

Möguleikar sveitarstjórna eru afar mismunandi til að ráða við þau mál sem samkvæmt lögum eru á þeirra ábyrgð, svo og geta þeirra til að skipuleggja og standa við þróunaráætlanir. Meginástæðan er breytilegur íbúafjöldi og landfræðileg stærð þeirra. Íbúafjöldi sveitarfélaganna 77 er mismunandi, í 32 eru íbúar fleiri en 1000 eða samtals 93% þjóðarinnar og langflestir þeirra búa á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eru færri en 500 í 30 sveitarfélögum og í þeim búa aðeins 2% af íbúum landsins.

Samvinna milli sveitarfélaga á sér langa hefð, að hluta til vegna þess sem talið er að ofan. Í grundvallaratriðum er þessi samvinna byggð á frjálsum vilja. Eins og fram kemur í Sveitarstjórnarlögum mega sveitarstjórnir vinna saman að því að inna af hendi ákveðin verkefni. Samvinna af því tagi getur átt sér stað innan til dæmis héraðsnefnda (fáein sveitarfélög), byggðasamlaga (fjöldi sveitarfélaga), landshlutasamtaka (8 sveitarstjórnir) eða innan Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fyrirkomulag og markmið þessarar samvinnu eru breytilegt, bæði eftir héraðum og verkefnum.

Atvinnuþróunarfélög starfa á átta stöðum í dreifbýlinu og eru yfirleitt samstarfsverkefni. Starf þeirra er fjármagnað af Ríkisstjórninni og sveitarfélögunum, bæði beint með fjárveitingum og óbeint með samningum.

Gerð hafa verið eða eru í bígerð átta verkefni með þátttöku hins opinbera og einkaaðila sem nefnd eru Vaxtarsamningar. Þeir eru settir á stofn með opinberum aðferðum, með áherslu á klasa, og undir stjórn atvinnuþróunarverkefna. Með vaxtarsamningum og byggðaðróunaráætlunum setur Iðnaðarráðuneytið fram tilgang aðalstefnumótunar bæði á landsbundinn og Evrópskan máta, t.d. nýsköpun, samkeppnisaðstöðu svæða, og sjálfbærni og umhverfisábyrgð við þróun svæðanna. Á þennan hátt vinna atvinnuþróunarfélögin við forgangsverkefni landshlutans og stilla saman stefnumál, og einnig leggja þau sitt af mörkum til myndunar samninga og almennrar stefnu um dreifbýli og landshluta.³⁸

Samband íslenskra sveitarfélaga er mikilvægur grundvöllur fyrir samvinnu sveitarfélaga. Sambandið er sameiginlegur fulltrúavettvangur sveitarfélaga landsins. Það stendur vörð um hagsmuni þeirra gagnvart ríkisstjórninni og annara félaga bæði utanlands og innan. Sambandið

³⁸ Sjá ennfremur um Vaxtarsamninga í Spurningu 20:2.

myndar sameiginlega stefnu um einstök mál og vinnur náð með Ríkisstjórninni og Alþingi. Sérstakur samvinnusamningur er fyrir hendi milli sambandsins og ríkisstjórnarinnar þar sem lögð eru niður formleg ákvæði um tengsl þeirra.

14. Lýsið í smáatriðum tengslum á milli dreifbýlisþróunar og stefnu einstakra greina og landshluta.

Inngangur³⁹

Ýmis stefnumál á vegum mismunandi ráðuneyta hafa víðáttumikil áhrif á alla dreifbýlisþróun á landinu. Í svari við þessari spurningu verður gefið yfirlit um stefnumál sem tengjast þróun dreifbýlis, þar á meðal Búnaðarlögin (með síðari breytingum). Engin formleg tengsl eru á milli þessara ólíku stefnumála og í þeim felast engin ákvæði um slík tengsl. Í einstaka tilvikum eru tengsl að einhverju leyti fyrir hendi. Til dæmis eru bein tengsl á milli landshluta- eða dreifbýlisáætlana og áætlunar um samgöngur og fjarskipti. Einhver slík tengsl má finna á milli allra þeirra stefnumála sem nefnd eru hér að neðan. Smæð stjórnunarinnar, nán samvinna á lægri þrepum stjórnsýslunnar og takmarkaður fjöldi sem vinnur að því að koma þessum stefnumálum í framkvæmd, allt býður þetta upp á betri samhæfingu og tengsl en liggur í augum uppi í formlegri ákvarðanatöku og formlegri skiptingu á verkefnum. Þótt stefnumörkunin sé ekki háð samhæfðri stjórnun stefnumála um dreifbýlisþróun hefur hún engu að síður skapað ramma þar sem tekið er á þörfum dreifbýlisins.

Skipulagðar áætlanir fyrir dreifbýli og einstaka landshluta

Markmið núverandi byggðáætlunar fyrir tímabilið 2006-2009 er að bæta búsetuskilyrði utan höfuðborgarsvæðisins og að bæta samkeppnishæfni landsins með því að byggja á eftirfarandi meginmarkmiðum:

- Að efla landshlutakjarna en jafnframt skal hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum
- Að styðja atvinnulíf, menntun, menningu og að félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bætta samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

³⁹ Sjá spurningu 46 í 22. kafla um áætlanir og verkefni varðandi dreifbýlisþróun.

- Undirstöðuatriði

Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

- Að stórefla menntun á landsbyggðinni
- Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni
- Að efla Bygðastofnun og með framlögum í fjárlögum gera henni kleift að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála

Með þessari stefnumörkun fylgja 23 tillögur að aðgerðum þar sem megináherslan er lögð á vaxtarsamninga fyrir einstaka landshluta og klasaverkefni.

Tillaga að Bygðaaætlun fyrir tímabilið 2010-2013

Tillaga að Bygðaaætlun fyrir tímabilið 2010-2013 verður lögð fyrir Alþingi haustið 2009. Aðalmarkmiðið er að bæta búsetuskilyrði, nýsköpun og sjálfbæra þróun í dreifbýli, styrkja menningu, félagasamtök og samkeppnishæfni samfélaga og bæja á Íslandi.

- Undirstöðuatriði

Til að ná þessum markmiðum hafa 26 atriði verið skilgreind með aðgerðum sem eru í grófum dráttum byggðar á eftirfarandi:

- Samþætting almennra stuðningsaðgerða í öllum greinum og þar á meðal að nota landshlutabundna samninga svo sem vaxtarsamninga og samstillingu allrar stuðningsþjónustu sem tengist nýsköpun og þróun atvinnutækifæra
- Að styrkja skilgreind svæði eftir sérmenntun og viðskiptagreinum þar sem sjá má fram á sérstakan árangur, t.d. innan ferðaþjónustu, fiskeldis og líftækni
- Rannsóknir og þróun sem geta leitt af sér orkusparnað og framþróun innlends, vistvæns eldsneytis
- Að styrkja ýmsa félagslega geira svo sem mennta- og menningarverkefni og tryggja örugga dreifingu rafmagns

Til að ná hinum áætluðu markmiðum er lagt til að nýta sérstöðu landshluta, náttúru, mannauð og menningu til að fá fram sjálfbæra þróun. Tvö mikilvæg atriði við framsetningu markmiðanna hafa verið endurskoðun vaxtarsamninga og sérfræðimiðstöðva, en einnig kynjahlutfall til að atvinnutækifæri í dreifbýli séu hentug báðum kynjum.

Búnaðarlög

Samkvæmt Lögum nr. 70/1998 skal Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra semja við Bændasamtök Íslands til fimm ára í senn um opinberan stuðning við eftirfarandi þjónustu:

- Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem veitir styrki til grundvallarbreytinga á lögbýlum og til fjölbreyttra verkefna sem ætlað er að auka framleiðni og samkeppnishæfni landbúnaðarins
- Tæknilega þróun og bætt landnýting á býlum. Í viðbót við megintilganginn skal þessi stuðningur ná til sjálfbærrar landnotkunar, verndunar vistkerfa og líffræðilegs fjölbreyttleika og að einnig skal ýta undir umhverfisvæna og lífræna ástundun í landbúnaði
- Kynbætur búfjár. Það er yfirlýst markmið að tryggja framþróun í kynbótum til að auka samkeppnishæfni íslensks kvikfénaðar og afurða af honum, en jafnframt að taka tillit til skuldbindinga okkar um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni
- Útfærsla (ráðgjafar) þjónustu. Markmiðið er að leita eftir og dreifa upplýsingum, bestu fánlegri þekkingu og reynslu til bænda um allar hliðar búskapar

Núverandi samningur gildir tímabilið 2005-2010. Bændasamtökin bera ábyrgð á framkvæmd samningsins en á hinn bóginn sér Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um að fjármagna samninginn með mánaðarlegum greiðslum til Bændasamtakanna.

Samgönguáætlun

Samkvæmt Lögum nr. 71/2002 ber ráðherra Samgöngu- og sveitarstjórnarmála ábyrgð á þróun Samgönguáætlunar og skal hann leggja hana fyrir Alþingi í formi þingsályktunar. Samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014 hefur verið staðfest af Alþingi. Endurskoðuð áætlun fyrir 2007-2018 hefur enn ekki verið staðfest.

- *Undirstöðuatriði*

Í óstaðfestri samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018 eru meginmarkmiðin:

- Betri almennar vegasamgöngur
- Orkunýting við byggingu og rekstur
- Öryggi í samgöngum
- Hagstæð svæðaþróun

Fjarskiptaáætlun 2005-20010

Ríkisstjórnin viðurkennir mikilvægi fjarskipta í nútímasamfélagi. Þetta á sérstaklega við um hinar dreifðu byggðir þar sem aðgangur að virkum fjarskiptum er talinn nauðsynlegur til að tryggja jafna möguleika, samkeppnishæfni og til að viðhalda almennum lífsgæðum. Þetta er greinilegt í

núgildandi Fjarskiptastefnu fyrir árin 2005-2010. Samgönguráðuneytið ber ábyrgð á Fjarskiptaáætluninni sem staðfest hefur verið af Alþingi. Meginmarkmið hennar eru:

- Áhersla skal lögð á að nýta þau tækifæri sem fást með góðum rafrænum samskiptum, jákvæðum framgangi menntunar og tækni til að skapa atvinnutækifæri og velmegun um allt Ísland.
- Allir Íslendingar sem svo kjósa eiga að geta tengst háhraðaneti og njóta hagkvæmrar og öruggrar rafrænnar fjarskiptaþjónustu
- Menntastofnanir skulu vera tengdar sterkum háhraðanetum
- Öryggi ferðalanga skal vera tryggt með auknu aðgengi að farsímasambandi á aðalvegum Íslands og helstu viðkomustöðum ferðamanna
- Háhraða farsímaþjónustu á að þróa á öllum hlutum landsins
- Langdrægt, stafrænt farsímakerfi á að þróa til að þjóna öllu landinu og miðunum
- Allir Íslendingar eiga að hafa aðgang að gagnvirkum stafrænu sjónvarpi
- Gervihnattasendingar útvarps eiga að ná til alls landsins og miðanna umhverfis það
- Öryggi almennra rafrænna samskiptakerfa innan Íslands og við útlönd á að tryggja með viðunandi valkostum
- Öryggi veraldarvefsins skal auka svo almenningur geti treyst því í viðskiptum og daglegu lífi
- Leggja skal áherslu á að reyna að bæta eftirlitsregluverkið og styrkja markað með rafræn samskipti til að auka samkeppni, gagnsæi og trúnaðartraust
- Reynt skal að lækka einingakostnað við alþjóðleg, rafræn samskipti
- Reynt skal að jafna kostnað rafrænnar fjarskiptaþjónusta á öllu landinu
- Reynt skal að bæta aðgang að hagkvæmri og öruggrari rafrænni fjarskiptaþjónustu um allt Ísland

Skipulag ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónusta er sívaxandi og mikilvægur hluti af fjárhag hinna dreifðu byggða. Meirihluti þeirra staða sem laða að ferðamenn eru staðsettir í dreifbýlinu en því fylgja bæði möguleikar og áskoranir. Það er krefjandi verkefni að laða til sín ferðamenn og byggja upp nauðsynlegt innra kerfi og þjónustu. Til þess þarf áætlanagerð og nána samvinnu ríkis, sveitarfélaga, og viðkomandi fjárfesta, bæði einstaklinga og félaga. Skipulag á landsvísu felst í ákvörðun Alþingis samkvæmt tillögu frá ráðherra iðnaðar, orkumála og ferðamála og Ferðamálastofa ber ábyrgð á framkvæmd

hennar. Landshlutabundin þróunarverkefni hafa einnig bætt ferðaþjónustu inn sem mikilvægum hluta af þróunarverkefnum (fleira um það síðar).

Nýjasta ferðamálaáætlun er frá 2005 og gildir fyrir árin 2006-2015. Markmið og takmörk hennar eru:

- Við þróun ferðamála á Íslandi skal náttúra landsins, menningararfur þjóðarinnar, svæðisbundinn vöxtur og fagmannlega vinna ráða ríkjum
- Samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar skal tryggja með það að markmiði að ýta undir hámarks frammistöðu í greininni
- Því álagi sem ferðamennska skapar skal dreift jafnt um allt landið og íbúa þess og skal vera innan þolanlegra marka eftir vísindalegri skilgreiningu
- Ímynd Íslands sem ákvörðunarstaðar ferðamanna skal styrkja og verja

Þótt það sé ekki tekið fram í þessum fjórum punktum, gerir áætlunin ráð fyrir að öll vinna á landsvísu komi öllum héruðum til góða. Það er viðurkennt að í ferðaþjónustu séu dreifbýlisstaðir og samfélög mikilvægur hluti og nauðsynlegt sé að styrkja hlutverk ferðaþjónustunnar varðandi fjárhag dreifbýlisins.

Hluti af þeim fjármunum sem veitt hefur verið til þróunar dreifbýlisins hefur verið beint til ferðaþjónustunnar. Ráðuneyti iðnaðar, orkumála og ferðamála hefur auglýst opinberlega eftir umsækjendum, fyrirtækjum og einstaklingum, á svæðum sem gætu þegið svæðisbundnar fjárfestingar (kort yfir þau svæði sem eiga rétt á stuðningi samkvæmt valdi Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir tímabilið frá 2007 til 2013) með eftirfarandi að markmiði:

- Að styðja ferðamálageirann (klasa) með því að leggja áherslu á þjálfun og framþróun með menningu, fæðu, gæði og markaðssetningu í brennipunkti
- Að ýta undir mismunandi verkefni til að styrkja bæði sveitir og strandsvæði sem ákvörðunarstaði ferðamanna

Stofnanir sem heyra undir Iðnaðarráðuneytið, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð og Bygðastofnun, vinna ýmist saman eða sitt í hvoru lagi að mismunandi hliðum verkefnanna.

15. Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um verkefni sem vinna að dreifbýlismálum eftir því sem segir hér að neðan.

- Leggja skal fram upplýsingar um það sem unnið er varðandi dreifbýlisþróun og fjármagnað er með opinberu fé, hvort sem um er að ræða hluta af samhæfðum verkefnum eða sjálfstæð verkefni, og þá bæði það sem stutt er á landsvísu eða miðast við einstök svæði. Í upplýsingunum skal koma fram lögfræðilegur grundvöllur, hönnun, markmið, innihald, fjármögnun, framkvæmd, eftirlit, stjórnun og mat á verkefnunum eða áætlunum. Einnig skal lýsa þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar við

skilgreiningar á svæðum sem sérstökum verkefnum er beint að, og taldar upp þær stofnanir sem bera ábyrgð á viðkomandi verkefnum.

Meðal dreifbýlisverkefna má telja eftirfarandi, en fleira má fylgja með:

- Verkefni til að auka samkeppnishæfni í landbúnaðar- og skógræktargeiranum með stuðningi við endurskipulagningu, þar á meðal fjárfestingar á býlum og í skógum, stuðningur við vinnslu og markaðssetningu, aukningu landgæða, uppskiptingu lands, framræslu og stjórnun á vatni, snemmbúinni lausn frá störfum, starfsnám, að mynda leiðbeiningar- eða ráðgjafapjónustu, stofnun framleiðsluhópa og að koma upp og nýta gæðastýringarverkefni fyrir landbúnað;
- Að auka mikilvægi umhverfis og sveita með stuðningi við sjálfbæra landnýtingu, þar á meðal stuðningi við búskap í fjallahéruðum eða öðrum stöðum með sérstaka annmarka, áætlanir til að vernda líffræðilegan fjölbreyttleika, kjörlendi og landslag, stuðningi við vistvænan búskap og skógræktaraðferðir, ræktun nýrra skóga, verkefni sem er ætlað að milda og aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga, stjórnun vatnsbúskapar (vernd vatnsgæða og magnsparnaðar), jarðvegsvernd, varðveislu erfðafræðilegra auðlinda í landbúnaði;
- Að styðja við lífsgæði í dreifðum byggðum og ýta undir fjölbreytni í efnahagslegum málum, þar á meðal ráðstafanir í grunnþjónustu fyrir dreifbýlisbyggðir (t.d. vegir, rafmagn, vatn, fráfrennsli, byggingar sveitar- eða bæjarstjórna, o.s.frv.), endurnýjun og framþróun þorpa, ferðaþjónustu í sveitum, þróun nýrrar efnahagslegrar starfsemi til að auka fjölbreytni í efnahag dreifbýlis, og stuðningur við staðbundin þróunarverkefni og lítil þróunarverkefni sem eru upprunnin á viðkomandi svæðum af eigin frumkvæði;
- Í þessu samhengi, vinsamlega lýsið þeim samhæfðu verkefnum og/eða nálgun að framkvæmd dreifbýlisstefnumiða og þar á meðal til dæmis ólík atriði innan þess sem nefnt er að ofan eða mörgum atriðum í einni efnisgrein og einnig það sem tengt er staðbundnum þróunarverkefnum/áætlunum.

Í lýsingu hvers markmiðs/verkefnis ættu að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn stefnumarkmiðsins og undirverkefna;
- Lögfræðilegur grunnur (nafn og tilvísun viðkomandi laga);
- Tilgangur, rökhusun að baki og almenn lýsing;
- Þeir sem njóta viðkomandi verkefnis, réttur til að njóta þess og forsendur;
- Nákvæm lýsing af veittum stuðningi (upphæðir styrkja og samsetning greiðslna – skipting fjármagns milli hins opinbera og einkageirans);
- Heildarupphæð sem eytt er á ári síðastliðin 5 ár og fjárútlát sem sjá má fram á til næstu ára varðandi hvert stefnumál;

- **Fjöldi þeirra sem njóta góðs af og meðalupphæð á hvern þeirra;**
- **Stjórnun áætlunarinnar (ábyrg stofnun, vinnsla og mat á umsóknum).**

Eins og tekið hefur verið fram áður hefur fjöldi mismunandi stefnumála áhrif á dreifðar byggðir. Stærri málunum sem ná yfir málefni eins og samgöngur, samskipti og landshlutabundin þróunarverkefni er hrint í framkvæmd með aragrúa minni verkefna. Allsherjarlisti er ekki auðveldlega settur fram og myndi ekki, ef svo væri, bæta mikilvægum upplýsingum við almenna lýsingu á stefnunni, tilgangi og gildi hennar. Þar sem slík samantekt er fyrir hendi og talin hafa gildi og vera mikilvæg eru upplýsingar hins vegar veittar í samræmi við spurninguna, í það minnsta svo nákvæmlega sem hægt er. Þar á meðal eru verkefni á sviði landbúnaðar og umhverfismála.

Eftirfarandi upplýsingar ættu að gefa tiltölulega alhliða mynd af dreifbýlisþróunarverkefnum sem eru nú í framkvæmd á Íslandi. Listinn er ekki endilega tæmandi.

A. Samgöngur

Almennt talið ber ríkisstjórnin ábyrgð á byggingu og viðhaldi vega á Íslandi.⁴⁰ Sveitarstjórnir eru aðeins ábyrgar fyrir vegum og slóðum innan bæja og þorpa, en ekki þjóðvegum sem taldir eru hluti af þjóðvegakerfis landsins. Reykjavík (höfuðborgin) og nærliggjandi sveitarfélög eru ábyrg fyrir langstærstum hluta útgjalda sveitarfélaga til vega og samgöngumannvirkja (þar eð 2/3 hlutar Íslendinga búa á höfuðborgarsvæðinu). Vegna þessarar skiptingar milli ríkis og sveitarfélaga má líta á fjármögnun í þessari grein sem stuðning við hinar dreifðu byggðir.

Ríkisstjórnin rekur einnig nokkurn fjölda flugvalla um allt Ísland. Flugsamgöngur eru mjög mikilvægar fyrir fámennar byggðir þar eð raunhæfir valkostir í almannasamgöngum (lestir) eru ekki til. Vitar, hafnir og Hafnabótasjóður eru einnig fjármögnuð af ríkinu.

Árið 2009 er áætlað að ríkið eyði um 40 milljörðum króna í vegi, flugvelli, hafnir og skylda þjónustu.

B. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ráðuneyti samgangna og sveitarstjórnarmála hefur einnig ábyrgð á stjórnun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sjóðurinn vinnur á grundvelli Laga nr. 4/1995 (ekki til á ensku) með síðari breytingum og einnig Reglugerðum nr. 113/2003, 351/2002, 122/2003 og 80/2001 með síðari breytingum þar sem koma fram nákvæmar lýsingar á því hvernig sjóðurinn starfar. Fjárhagur sveitarfélaga er talsvert mismunandi, aðallega vegna mismunandi íbúafjölda, landfræðilegri stærð, þjónustu og fyrirkomulagi viðkomandi efnahags. Megintilgangur sjóðsins er að bæta upp þennan mismun með greiðslum til þeirra sveitarfélaga sem skortir á nægan fjárhagsgrundvöll, og þar með styðja við grunnþjónustu við íbúana.

⁴⁰ Sjá Spurningu 11:13 varðandi almenna lýsingu á Vega- og fjarskiptaáætlun og Spurningu 22:46.

Samkvæmt Lögum nr. 4/1995 er föst upphæð af skatttekjum ríkisins greidd mánaðarlega í Sjóðinn. Heildarupphæðin er áætluð 11 milljarðar króna árið 2009. Sjá einnig Spurningu 22:12.

C. Menntun

Framhaldsskólamenntun, þar á meðal starfsnám, er fjármagnað af fjárlögum ríkisins. Grunnfjárfestingar, húsnæði og tækjakostur, koma bæði frá ríki og sveitarfélögum þannig að ríkið greiðir 60% af kostnaði en sveitarfélög 40%. Til að sjá hinum dreifðu byggðum fyrir jöfnum tækifærum til náms eru framhaldsskólar reknir um allt landið. Þeim nemendum sem ekki geta sótt skóla reglulega frá heimilum sínum sjá skólafyrvöld fyrir húsnæði. Ríkið skuldbindur sig til að sjá um rekstur heimavista sem reknar eru í tengslum við framhaldsskóla. Skólarnir sjá um reglulegt eftirlit með húsnæðinu og í öllum tilvikum hafa nemendur aðgang að heilbrigðu fæði innan veggja skólanna. Nemendur sem sækja starfsnám í Reykjavík hafa aðgang að húsnæði sem rekið er af samtökum stúdenta. Nemendur sem þurfa að yfirgefa lögheimili sín til að nema við framhaldsskóla eiga rétt á styrkjum til greiðslu hluta af kostnaði sem því fylgir.

Mikil áhersla er á Íslandi lögð á jafna möguleika til æðri menntunar. Sem stendur eru sjö æðri skólar starfandi í landinu á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og samkvæmt Lögum um háskóla nr. 63/2006. Sem stendur starfa fjórir háskólar utan höfuðborgarsvæðisins, þrír ríkisreknir og einn einkaskóli. Allar stofnanir sem veita æðri menntun þurfa viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þær þurfa að vinna í samræmi við útgefnar leiðbeiningar og undir eftirliti ráðuneytisins. Einkaskólar fá fjárveitingu frá ríkinu eftir fjölda nemenda og samningum við ráðuneytið um hæfni.

Fjarnám er mikilvægt fyrir dreifbýl svæði og veita íbúum þar tækifæri til að nálgast margs konar tegund af menntun á öllum skólastigum. Aukin áhersla hefur verið lögð á fjarnám. Þetta tengist framkvæmd Fjarskiptaáætlunar (sjá Spurningu 11:14).

Tækifæri til að hafa aðgang að æðri menntun í dreifðum byggðum er álitid afar mikilvægt og þessar stofnanir hafa sýnt að af þeim er ávinningur sem gefur af sér verðmæt störf og þær ýta undir nýsköpun og framþróun á ýmsum sviðum.

D. Landbúnaðarsamningar

Ráðherra Sjávarútvegs- og landbúnaðarmála fyrir hönd Ríkissjóðs (Ríkisstjórn Íslands) annars vegar og Bændasamtök Íslands hins vegar gerðu með sér sérstakan samning um áætlanir, verkefni og stuðning á grundvelli Búnaðarlaga nr. 70/1998. Samningurinn gildir í fimm ár í senn (núgildandi samningur gildir frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2010), hann er endurskoðaður á tveggja ára fresti og síðan framlengdur um tvö ár í senn. Regluleg endurskoðun hófst árið 2008 og er enn í gangi.

Bændasamtök Íslands eru ábyrg bæði gagnvart Ríkisstjórninni og bændum um framkvæmd þessa samnings. Allar niðurgreiðslur ríkisins sem falla undir samninginn eru greiddar og þeim stjórnað af Bændasamtökunum.

Tilgangur Búnaðarsamningsins

Tilgangur stuðnings ríkisins við framþróun í landbúnaði er almennt skilgreindur í inngangi samningsins og á almennan hátt í fyrstu grein Kafla I í samningnum svohljóðandi:

Alþjóðasamningar gera í vaxandi mæli kröfur um að styrkir til landbúnaðar teljist ekki markaðstruflandi og munu samningar um stuðning við íslenskan landbúnað taka mið af þeirri þróun. Framlög ríkisins á grundvelli eftirfarandi samnings miðast fyrst og fremst við að um sé að ræða stuðning við þróunarverkefni og önnur verkefni sem stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og aukinni hagkvæmni í búrekstri með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni landbúnaðar og efla hag bænda. Meðal annars skal leggja áherslu á aukna afurðasemi, innlenda fóðuröflun og fóðurnýtingu, betra starfsumhverfi bænda, sjálfbæra þróun og bættu nýtingu landgæða, aukin gæði framleiðslunnar og velferð búfjár.

Ríkissjóður veitir fé til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningarstarfsemi, hér eftir í samningi þessum nefnd ráðgjafarþjónusta, sem og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði.

Öll framlög sem ríkissjóður greiðir til ráðgjafarþjónustu, búfjárræktar og jarðabóta skal greiða til Bændasamtaka Íslands sem annast ráðstöfun þessara fjármuna samkvæmt samningi þessum.

Heildarframlag á tímabilinu sem samið er um að Ríkissjóður veitir til verkefna samkvæmt Grein 1 2006-2010 er gefið upp í töflu 15.1.

Tafla 15.1: Opinbert fé til verkefna samkvæmt Búnaðarlagasamningi 2006-2010 (í milljónum króna)

	2006	2007	2008	2009	2010
Ráðgjafarþjónusta	259.7	258.5	249	243	237
Búfjárrækt	78	76,8	74	71	68
Þróunarverkefni	90	90	90	90	90
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	160	157	160	160	160
Markaðsverkefni	25	25	25	25	25
Samtals	612.7	607.3	598	589	580

Í viðbót við þá fjármuni sem samið var um í samningi þessum hefur einnig verið sæst á fjármuni til svipaðara verkefna í eftirfarandi samningum milli Ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um stuðning við einstaka landbúnaðargeira. Þeir eru eftirfarandi:

- Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 sem gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2007
- Aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002 sem gildir frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2011
- Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10 maí 2004 sem gildir frá 1. september 2005 til 31. ágúst 2012

Verkefni G-1 til G-4 eru framkvæmd samkvæmt þessum samningum.

D-1 Ráðgjafabjónusta

Ríkissjóður veitir árlega fé í ráðgjafabjónustuna í samræmi við markmið 17. greinar og fyrirkomulags í samræmi við 18. grein Búnaðarlaga nr. 70/1998. Bjónustunni er skipt í tvo hluta; bjónusta á landsvísu á vegum Bændasamtakanna og svæðisbundin bjónusta á vegum búnaðarsambanda og ráðgjafamiðstöðva.

Aðaláhersla í hinum ýmsu greinum er sem hér segir:

- *Jarðabætur*: Að styrkja ræktunarmenningu, hagnýtar uppskeruaðferðir með lágmarks áhrifum á umhverfið. Að viðhalda framræslu og endurræktun – gras, vothey og korn. Áhersla á að við notkun áburðar sé tekið tillit til hagrænna og umhverfislegra sjónarmiða, þar á meðal um notkun búfjáráburðar. Bygging landupplýsingagagnagrunns um ræktað land
- *Garðyrkja – ylrækt*: Að gæðastýring skuli taka tillit til hagræðingar og lágmarksnotkunar á efnasamböndum. Þróun tilbúinnar lýsingar, tilraunir til aukinnar framleiðslu, lenging vaxtartíma, aukin fjölbreytni í ræktun
- *Búfjárrækt*: Aukin framleiðni, fjölbreyttari og betri framleiðsla og hagkvæmari framleiðsla. Sífelld þróun og notkun þróaðra ræktunaraðferða, endurmat á markmiðum búfjárræktar í ljósi óska neytenda og aukinnar þátttöku bænda. Gæðastýring, nákvæmni í fódrun og stjórnun við búfjárhald sem tryggir velferð þeirra
- *Hagfræði og rekstrarráðgjöf*: Átak við stjórnun og hagfræðiráðgjöf af hendi Bændasamtaka Íslands og ráðgjafamiðstöðva. Þróun á rekstrar- og hagfræðigagnagrunni fyrir bændur og ráðgjafa til að greina stjórnun og samanburð og áætlanagerð fyrir einstök býli. Áhersla lögð á samvinnu fagaðila og tengingar milli stjórnunaráætlana í búskap svo sem við fódrunar- og áburðaráætlanir
- *Líffrænn/vistvænn búskapur og landnýting*: Kynning og ráðgjöf varðandi lífræna og vistvæna gæðastýringu, með mati á möguleikum einstakra bænda og ráðgjöf um mismunandi tækifæri. Sjálfbær landnýting og beitarstjórnun eftir aðstæðum. Viðhalda lífræðilegum fjölbreyttleika og sjálfbæra framþróun.
- *Byggingar og bútækni*: Þróun og ráðgjöf um að byggja hagkvæmustu byggingar á býlum með því að taka tillit til kostnaðar, vinnuaðstæðna og velferðar dýra. Aukin menntun um hagfræðileg atriði með tilliti til mismunandi möguleika til fjárfestinga varðandi vélar og tæki.
- *Atvinnutækifæri, almennar upplýsingar um störf og notkun hlunninda*: Ráðgjöf um meðferð og notkun hlunninda sem tilheyra býlum. Nýting möguleika sem taka tillit til breyttra vinnuaðferða og mats á hugtökum. Hvatning og ráðgjöf um sköpun og frumkvöðlavinnu og ný atvinnutækifæri á skráðum lögbýlum.

Tafla 15.2: Fjármagn sem veitt er til ráðgjafabjónustu (í milljónum króna)

	2006	2007	2008	2009	2010
Fé til ráðgjafabjónustu BÍ	123.2	122.6	119	115	111
Lífeyrishækkarnir v. fyrrv. starfsm. BÍ	27	27	27	27	27
Ráðunautabjónusta búnaðarsambanda	71.9	71.4	69	67	65
Lífeyrishækkarnir v. fyrrv. búnaðarsambanda	14	14	14	14	14
Búrekstraráætlanir	23.5	23.5	20	20	20
Samtals	259.7	258.5	249	243	237

Ráðgjafabjónustan á að halda áfram að styrkja gæðastýringu í stjórnun bóa

Inni í fjármunum sem ætlaðir eru ráðgjafabjónustunni er fé vegna eftirlitsverkefna samkvæmt Lögum um búfjárhald nr. 103/2002 og Búnaðarlögum nr. 70/1998.

Bjónusta á landsvísu

Landsbjónusta Bændasamtakanna með stuðningi ráðgjafanefnda einstakra greina hefur lykilhlutverki að gegna í að ákveða á hvaða svæði á að leggja áherslu og á skipulag ráðgjafabjónustu í landinu. Bændasamtökin sjá svæðisráðunautum fyrir upplýsingum og stuðningi og þjónar einnig einstökum bændum sem ráðgjafi í þeim greinum þar sem ekki er grundvöllur fyrir sérhæfðri bjónustu á ráðgjafamiðstöðvum.

Landsbjónustan sinnir eftirfarandi greinum:

- Jarðrækt
- Garðyrkja, ylrækt
- Búfjárrækt: nautgripa-, sauðfjár-, hrossa-, svína-, kjúklinga-, loðdýrarækt, kynbótafræði og þróun
- Ferðabjónusta, afþreying
- Búrekstur og hagfræði
- Byggingar og búnaðartækni
- Sjálfbær, lífrænn/vistvænn landbúnaður og landnýting
- Atvinnuþróun, nýsköpun og frumkvöðlastörf
- Hlunnindanýting

Búnaðarráðunautar fylgjast með og breiða út innlendar og erlendar rannsóknarniðurstöður, svara fyrirspurnum og veita leiðbeiningar með ritun greina, með fundum og námskeiðahaldi og heimsækja ráðgjafamiðstöðvar og einstaka bændur eftir því sem þörf krefur. Þeir veita almenningi upplýsingar og eru ráðgefandi við ríkisstjórnina.

Svæðisþjónusta

Ráðunautar á einstökum svæðum veita ráðgjöf og menntun beint til bænda í samræmi við þau markmið sem áður hafa verið nefnd. Þeir sinna skrifstofustörfum og veita upplýsingar á fundum og námskeiðum, annað hvort hver fyrir sig eða í samvinnu við Bændasamtökin og aðra fagaðila. Á gildistíma samningsins verður lögð stöðug áhersla á heimsóknir til bænda og á sérstakar einstaklingsháðar leiðbeiningar sem svæðisbundin búnaðarsamtök eða leiðbeiningamiðstöðvar veita á eftirtöldum sviðum:

- Ræktun lands
- Nautgriparækt
- Sauðfjárrækt
- Hrossarækt
- Landnýting
- Hagfræði, greining og áætlanagerð við stjórnun
- Landsþjónusta Bændasamtakanna sér einstaka býlum fyrir ráðgjöf á öðrum sviðum
- Fé frá Ríkissjóði er greitt til svæðisbundinna Búnaðarsambanda eða einstakra ráðgjafamiðstöðva eftir ákvörðunum Búnaðarsambanda
- Fjármunum er einungis veitt til svæðisþjónustumiðstöðva ef þar starfa í það minnsta þrír ráðunautar

Búrekstraráætlanir

Markmiðstengdar búrekstraráætlanir skulu vera áhersluverkefni í ráðgjöf á vegum búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva á samningstímanum.

Búrekstraráætlun skal gera til 3 - 5 ára. Markmið búrekstraráætlana skulu vera skýr, tímasett og mælanleg og byggja á skriflegum samningi milli bónda og leiðbeiningamiðstöðvar sem feli í sér þverfaglega hópvinnu ráðunauta og reglubundna eftirfylgni. Áætlunin byggji á greiningu á rekstri viðkomandi bús og taki til allra fjárfestinga og rekstrarþátta í búrekstrinum. Einnig er heimilt að skilgreina áætlanir á afmörkuðum sviðum, sem þá fást lægri framlög til. Fagráð í hagfræði skilgreini lágmarkskröfur til búrekstraráætlana sem búnaðarsambönd geta fengið framlög til.

Eftir að tími áætlunar er liðinn, er heimilt að veita lægri framlög til eftirfylgni samkvæmt sérstökum reglum sem fagráð í hagfræði setur.

Greiðslur

Árleg grunnframlög til héraðsþjónustunnar samkvæmt 3. gr. greinast í eftirfarandi þætti:

1. Uppbætur á lífeyri fyrirverandi starfsmanna búnaðarsambandanna. Lífeyrishækkunar skiptast þannig að 65% eru sérgreind og taka breytingum í samræmi við skuldbindingar búnaðarsambandanna við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en 35% greiðast af óskiptu grunnframlagi til rekstrar.
2. Framlag til jöfnunar á aðstöðumun. Allt að 6 milljónum króna skal skipt milli þeirra leiðbeiningamiðstöðva þar sem erfiðast er að veita bændum þjónustu sökum vegalengda og annarra náttúrulegra skilyrða. Bændasamtök Íslands ákvarða skiptinguna.
3. Að lokinni ráðstöfun samkvæmt 1. og 2. tölulið skal því sem óráðstafað er skipt á milli leiðbeiningamiðstöðva, að jöfnu (50/50) í réttu hlutfalli við fjölda bændanna annars vegar og álagt búnaðargjald hins vegar.

Árleg framlög vegna búrekstraráætlana greiðast til leiðbeiningamiðstöðva eftir fjölda þátttakenda í verkefninu og umfangi verkefna.

D-2 Búfjárrækt

Framlög ríkisins til búfjárræktar greinast eftir viðfangsefnum í töflu 15.3

Tafla 15.3: Framlög ríkisins til búfjárræktar eftir viðfangsefnum í milljónum króna

	2006	2007	2008	2009	2010
Kynbótaskýrsluald	34.1	33.4	30.6	28.8	27.8
Kúasæðingar	23.3	23	23	22	21
Ræktunar- og einangrunarstöðvar	17.1	16.9	16.9	16.7	15.7
Verndum búfjárstofna	3.5	3.5	3.5	3.5	3.5
Samtals	78	76.8	74	71	68

Varðveisla grípastofna

Frekari sundurliðun framlaganna kemur fram í viðauka með samningnum sem skoðast sem hluti hans.

Bændasamtök Íslands ákveða nánar, í samráði við viðkomandi fagráð, skiptingu þeirra fjármuna sem renna til framkvæmdar á kynbótaskýrsluhaldi. Enn fremur skipta Bændasamtök Íslands fjármunum til kúasæðinga milli búnaðarsambanda.

Auk ofangreindra framlaga hefur verið samið um framlög samkvæmt eftirfarandi samningum (fjárhæðir í milljónum króna)

Greiðslur vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi skv. 6(2) í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004.

Tafla 15.4: Fagmennska í sauðfjárrækt (í milljónum króna) (a)

Ár	
2006	35
2007	35

Tafla 15.5: Kynbóta og þróunarfé (b)

Markaðsár	
2005/2006	100
2006/2007	99

2007/2008	98
2008/2009	97
2009/2010	96
2010/2011	95
2011/2012	94

a) Greiðslur verða nýttar til að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni og til stuðnings við átaksverkefni á sauðfjárræktarsvæðum.

b) Greiðslur samkvæmt grein 6(2) í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Frá og með verðlagsárinu 2005/2006 verða greidd framlög til Bændasamtaka Íslands til kynbóta og þróunarverkefna í nautgriparækt. Fjárhæðinni skulu samtökin ráðstafa í samráði við framkvæmdanefnd búvörusamninga.

D-3 Þróunarverkefni

Stuðning má veita til ýmissa búnaðarverkefna. Einstaka bændur geta lagt inn umsókn til Bændasamtakanna ásamt yfirlýsingu um áætlað verkefni. Í kafla IV. grein 9-11 eru frekari skilgreiningar á fjármunum til þróunarverkefna (sérstakra hópa verkefna) og landbóta.

Verkefni og fjármunir

Ríkissjóður veitir fé til þróunarverkefna og jarðabóta eins og sjá má í töflu 15.6.

Tafla 15.6: Fé til þróunarverkefna (í milljónum króna)

Verkefnahópar	2006	2007	2008	2009	2010
Endurræktun vegna aðlögunar að lífrænum búskap	5	5	5	5	5
Umhverfis- og þróunarverkefni í garðyrkju/ylrækt	8	8	8	8	8
Kornrækt	13	13	13	13	13
Beitarstjórnun og landnýting	4	4	4	4	4
Umhverfisáttak í sveitum	10	10	10	10	10
Verkefni tengd búfjárhaldi og vinnuaðstöðu	20	20	20	20	20
Viðhald framræslu vegna ræktunar	20	20	20	20	20
Kölkun túna	10	10	10	10	10
Samtals	90	90	90	90	90

Bændasamtök Íslands setja nánari reglur um verkefni sem framlög greiðast til innan hvers verkefnaflokks, upphæðir framlaga og/eða hlutfall kostnaðar sem greiddur er.

Landbúnaðarráðherra staðfestir reglur þessar, sem heimilt er að endurskoða árlega.

Ef heildarfjárhæð í umsóknum hvers árs um framlög til tiltekins verkefnaflokks er hærri en samningurinn kveður á um þá skulu framlög til verkefna skert hlutfallslega innan flokksins.

Ef heildarfjárhæð í umsóknum hvers árs um framlög til einhvers þeirra verkefnaflokka, sem upp eru taldir, er lægri en samningurinn kveður á um og skal þá útdeila umframfé á því ári til annarra verkefnaflokka sem fé vantar til. Útdeiling skal miðast við að hlutfallsleg skerðing sé sem jöfnust í þeim flokkum.

Auk ofangreindra framlaga hefur verið samið um framlög samkvæmt eftirfarandi samningum (fjárhæðir í milljónum króna):

- Framlag til fjárfestingar í lýsingarbúnaði í ylækt og til úreldingar á gróðurhúsum skv. 3. og 4. grein aðlögunarsamnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002.
- Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur samkvæmt grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004.

Tafla 15.7: Lýsingarbúnaður og úrelding gróðurhúsa (í milljónum króna)

Ár	Lýsingar- búnaður	Úrelding gróðurhúsa
2006	5	30
2007	5	
2008	5	
2009	5	
2010	5	
2011	5	

Tafla 15.8: Óframleiðslutengdur stuðningur (í milljónum króna)

Markaðsár	
2007/2008	49
2008/2009	97
2009/2010	144
2010/2011	190
2011/2012	282

a) Styrkur til kaupa og uppsetningar á lýsingarbúnaði er nemi allt að 30% af kostnaði samkvæmt 3. grein og úrelding gróðurhúsa samkvæmt 4. grein, en þeir fjármunir voru veittir til 5 ára, og féllu því út eftir árið 2006. Þessar fjárhæðir eru á verðlagi í febrúar 2002 og fara verðbætur eftir sérstökum reglum, sjá 7. grein í samningnum.

b) Greiðslur samkvæmt grein 6(4) í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Um þær skal liggja fyrir samkomulag milli aðila um ráðstöfun greiðslna til óframleiðslutengdra og/eða minna markaðstruflandi stuðnings, m.a. stuðningsgreiðslur til eflingar jarðræktar.

Umsóknir

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags eru að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningamiðstöð.

Bændasamtök Íslands auglýsa með fullnægjandi hætti og með nægilegum fyrirvara hvaða verkefni og viðfangsefni á sviði jarðabóta geta notið framlags, hver séu skilyrði þess að framlag verði veitt og annað það sem telja verður æskilegt að upplýsa væntanlega umsækjendur um, þar með talið um rétt umsækjenda og meðferð kvartana hjá samtökunum.

Umsóknum skal skilað til Bændasamtaka Íslands eða búnaðarsambands/leiðbeiningamiðstöðvar fyrir 1. mars vegna verkefna sem fyrirhuguð eru á því ári.

Umsóknum skal svarað eigi síðar en 30. apríl, og skal koma fram í svarinu hvort fullt framlag verði veitt, eða hver verði lágmarksupphæð framlags, ef um skerðingu er að ræða samkvæmt 2. málsgrein.

Bændasamtök Íslands geta ákveðið fyrir einstaka verkefnaflokka að ekki sé þörf á umsóknum, heldur nægi að tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd berist innan frests sem auglýstur er og síðan gildi úttekt samkvæmt almennum reglum hverju sinni.

Umsóknum sem berast eftir að auglýstur umsóknarfrestur er liðinn skal vísað frá.

Úttektir

Úttektir á framkvæmdum, staðfestar af viðkomandi búnaðarsambandi/ leiðbeiningamiðstöð, skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember og skulu framlög greidd fyrir árslok. Heimilt er Bændasamtökum Íslands að ákveða, að nægilegt sé að úttektir fari einungis fram á tilviljunarkenndu úrtaki framkvæmda, ef framlög til þeirra nema lægri upphæð en 100 þúsund krónur.

Nú ganga ekki öll framlög út á grundvelli samþykktra umsókna, til dæmis vegna þess að ekki varð af framkvæmd, og skal þá ónýttu fé deilt hlutfallslega jafnt á framkvæmdir innan hvers verkefnis, þó þannig að framlag til hvers umsækjanda sé í samræmi við reglur samningsins um hámarksframlag. Ef fé er enn ónýtt skal færa það til næsta árs og því ráðstafað til verkefna samkvæmt tillögum Bændasamtaka Íslands, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

D-4 Sérstök þróunarverkefni

Framleiðnisjóður starfar á grundvelli Laga nr. 89/1966 með síðari breytingum. Sjóðurinn hefur einnig ákveðnar skyldur sem settar eru fram í Lögum nr. 46/1985 og Lögum nr. 70/1998. Sjóðurinn er sjálfstæður og veitir fjárhagsaðstoð og lán til mismunandi verkefna innan landbúnaðargeirans, t.d. verkefna á bújörðum til að auka framleiðni; breytinga á búnaðarframleiðslu; nýsköpun; minni háttar rannsókna í landbúnaði; og ráðgjafastarfa. Í stjórn Framleiðnisjóðs sitja fimm menn. Bændasamtökin skipa tvo þeirra og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þrjá. Í dag hefur sjóðurinn eftirfarandi viðfangsefni á grundvelli áðurnefndra laga:

Lán

Sjóðurinn er aðeins að litlu leyti lánasjóður. Lán eru veitt fyrirtækjum, stofnunum og félögum sem starfa í landbúnaði.

Styrkir

(a) *Til bújarða.* Sjóðurinn veitir styrki til bænda sem annað hvort ætla að auka framleiðslu sína eða breyta yfir í annars konar framleiðslu. Hámarksstyrkir geta verið allt að 2 milljónum króna en geta aðeins verið 30% af kostnaði við framkvæmdir. Þessir styrkir eru háðir því að fjárfestingin sé atvinnuskapandi. Til dæmis: Fiskeldi, ferðaþjónusta, hlunnindanýting, þjónusta eða smáiðnaður.

Ef hægt er að sýna fram á að hin nýja fjárfesting skapi í það minnsta 2 ársstörf má auka styrkinn í 3 milljónir króna en þó ekki meira en 30% af framkvæmdakostnaði.

(b) *Til félaga.* Sjóðurinn veitir stuðning við atvinnuuppbyggingu í dreifbýli sem stofnað er til á breiðari grunni með þátttöku heimaaðila. Til dæmis: Styrkir til undirdeilda Bændasamtakanna eða annara hópa heimamanna til að kaupa búfé, til að kaupa hlutafé í nýjum verkefnum sem bæta atvinnuástand. Styrkir af þessu tagi eru að jafnaði metnir í hvert sinn, eru háðir stærð verkefnisins og venjulega ákveðnir í samræmi við fjárframlög heimamanna.

(c) *Til stofnana/fyrirtækja.* Undir þennan flokk falla ýmis önnur mál sem snerta beina atvinnuuppbyggingu í dreifbýli en þó fyrst og fremst leiðbeininga-, rannsóknar- og þróunarverkefni af ýmsum toga. Til dæmis: Verkefni sem tengjast kjöt- og mjólkurframleiðslu og rannsóknum á þróun nýrra búgreina svo sem ferðaþjónustu og bleikjueldi, styrkja markaðsstöðu búvara einkum með tilliti til útflutnings og bæta framleiðni landbúnaðar. Styrkir af þessu tagi eru að jafnaði metnir í hvert sinn, eru háðir stærð verkefnisins og venjulega ákveðnir í samræmi við fjárframlög heimamanna.

(d) *Fræðslumál.* Sjóðurinn veitir fjárstuðning til einstaklinga sem starfa í landbúnaði sem hyggja á menntun og einnig til bænda sem taka þátt í endurmenntun hjá Landbúnaðarháskólanum og Hólaskóla. Sjóðurinn veitir nemendum með B.Sc. próf sem hyggja á frekara nám í búvísindum einnig styrki og einnig einstaklingum sem starfa á búum og sækja starfsnám svo og þeim sem vinna við vinnslu búafurða.

(e) *Vatnsaflsvirkjanir á bújörðum.* Sjóðurinn styður ný verkefni á bújörðum um 0.5 milljónir króna þar sem ætlunin er að framleiða rafmagn með byggingu lítilla vatnsaflsvirkjana. Styrkurinn má þó ekki nema hærri upphæð en sem svarar 30% af heildar kostnaði. Ennfremur ef framleiðsla á rafmagni verður seld út fyrir búið, veitir Sjóðurinn 0.4 milljóna króna viðbótarstyrk fyrir hver 10kW sem framleidd eru upp að 50kW. Heildarstyrkur Sjóðsins má þó ekki fara yfir 30% af kostnaði.

Fjármögnun

Framleiðnisjóður landbúnaðarins fær fjármuni úr Ríkissjóði. Um er að ræða tvískiptingu greiðslna, megnið af fénu kemur úr Ríkissjóði og hluti rennur frá þeim gjöldum sem lögð eru á fóðurvörur. Heildarupphæð sem Sjóðurinn fékk 2004 var til dæmis 235 milljónir króna og af þeim komu 50 milljónir af fóðurgjöldum. Heildarupphæð árið 2005 var sú sama í íslenskum krónum.

Tafla 15.9: Skipting fjárúthlutunar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 2004 og 2005

	2004	2005
Markaðssetning búvara(mest til útlanda)	25,000,000	25,000,000
Fræðslumál, endurmenntun, leiðbeiningarstarf	15,908,000	24,170,000
Fjárveitingar til landbúnaðarrannsókna í samstarfi við Rannís	17,400,000	12,400,000
Þróunarverkefni til ýmissa verkefna á bújörðum	27,875,000	44,472,000
Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni	43,080,000	47,560,000
Stuðningur við markaðssetningu og þróun búvara	11,840,000	19,530,000
Vinnslustöðvar, önnur fyrirtæki og félög í sveitum	14,350,000	6,450,000

Ný störf á bújörðum og verkefni bænda	0	84,928,000
Afskriftir	-10,435,500	-30,907,760
	205,174,500	233,602,240

Tafla 15.10: Framleiðnisjóður landbúnaðarins; vaxtatekjur og gjöld 2004 og 2005

	2004	2005
Vaxtatekjur	10,987,757	18,855,343
Vaxtagjöld	-1,630	-904
	10,986,127	18,854,439

Tafla 15.11: Framleiðnisjóður landbúnaðarins; rekstrarkostnaður 2004 og 2005

	2004	2005
Laun	14,006,842	14,975,390
Annar kostnaður	4,836,292	4,487,225
Kostnaður greiddur að hluta af öðrum	-1,000,000	-750,000
	17,843,134	18,712,615

Ríkissjóður veitir fé til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt Lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum eins og sjá má í töflu 15.12.

Tafla 15.12: Framleiðnisjóður landbúnaðarins; almennur kostnaður 2004 og 2005 (í milljónum króna)

2006	2007	2008	2009	2010
160	157	160	160	160

E. Landgræðsla

Landgræðsla ríkisins var stofnsett samkvæmt lögum um landgræðslu frá 1907, þá nefnd Sandgræðsla Íslands. Landgræðsla ríkisins er ríkisstofnun undir Umhverfisstofnun.


1. Lagagrundvöllur

Viðeigandi löggjöf eru Lög um landgræðslu nr. 17/1965, Þingsályktun um uppgræðslu lands 2003-2014 og Lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

2. Almenn lýsing, markmið og forsendur

Landgræðslunni er ætlað að vinna gegn eyðimerkurmyndun, útbreiðslu sanda og öðru landbroti og stuðla að sjálfbærri landnýtingu og endurheimt og endurnýjun spillts lands. Unnið er á mismunandi stigum, allt frá stefnumótun og rannsóknum til leiðbeiningastarfsemi og stjórnunar stærri og minni verkefna við uppgræðslu og endurheimt lands.

Mynd 15.1: Skipurit Landgræðslu ríkisins



3. Forsendur við val á svæðum

Landgræðslan stjórnar uppgræðslu um allt Ísland. Uppgræðsla eins og hún er stunduð á Íslandi breytir roflandi og gróðurlausu landi í svæði með meiri gróðri og heilbrigðara og sjálfbærara vistkerfi. Þessu markmiði er náð með því að koma af stað gróðri á rofnu og gróðurvana landi eða með því að styrkja þann gróður sem fyrir er með áburði, beinni sáningu eða plöntun. Mest af því landi sem hingað til hefur verið endurheimt hefur áður búið við 0-10% gróðurþekju háplantna. Þau svæði sem gróður hefur verið endurheimtur á eru mjög mismunandi hvað varðar jarðveg, loftslag og aðferðir. Árangurinn hefur einnig verið mismunandi.

4. Þátttakendur, skilyrði og forsendur

Þeir sem njóta starfs Landgræðslunnar eru 1) almenningur, 2) bændur og landeigendur sem eru beinlínis þátttakendur í landbótum og jarðvegsbætandi verkefnum.

5. Um veittan stuðning

Landgræðslan veitir einstaklingum og fyrirtækjum styrki úr mismunandi sjóðum:

- *Bændur græða landið* (BGL): Samstarfsverkefni við bændur, þar sem vinna við náttúrvernd er kostuð bæði af ríkinu og bændum
- *Landbótasjóður*: Veittur er fjárstuðningur til að auðvelda jarðvegsbætur þar sem ábyrgð, framtak og framkvæmdir eru upprunnin frá heimamönnum

- *Varnir gegn landbroti:* Veittur er fjárhagslegur stuðningur, ráðgjöf og eftirlit til að forðaða skemmdum á landi og eignum vegna árrofs

6. *Upphæðir sem notaðar hafa verið undanfarin fimm ár. Sjá töflu 15.12.*

Tafla 15.12: Fjárveitingar til Landgræðslu ríkisins (í milljónum króna)

	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Heildartekjur Landgræðslunnar (úr ríkissjóði+eigin tekjur)	553.0	595.1	617.4	712.8	841.2	3,319.5
Framlag ríkisins (hluti af heildartekjum)	469.4	501.3	502.5	550.9	648.3	2,672.4
Tekjur af seldri þjónustu (hluti af heildartekjum)	83.6	93.8	114.9	161.9	192.9	647.1
Rannsóknartekjur (hluti af heildartekjum)	62.7	68.0	71.3	71.0	77.8	350.8

7. *Fjármunir í framtíðinni*

Fjárframlög til Landgræðslunnar voru skorin niður um 10% árið 2009 og reikna má með frekari niðurskurði sem muni hafa áhrif á framkvæmdir og rannsóknir. Búist er við að niðurskurður á fjárlögum muni einnig hafa áhrif á sölu þjónustu svo reikna má með að lækkun á fjárhag Landgræðslunnar verði meiri en 10%.

8. *Fjöldi þeirra sem njóta þjónustunnar og meðalstuðningur á hvern*

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir.

9. *Stjórnun verkefnisins*

Verkefnunum þremur að ofan er öllum stjórnað af landverndar- og umhverfissviði sem hefur stjórn á ýmsum landbótaverkefnum, sér um yfirferð á umsóknum, metur þátttökuna og afrakstur.

10. *Veiting ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu*

Um ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustunnar liggja ekki fyrir upplýsingar.

F. Uppgræðsla

Lagagrundvöllur

Lög um landgræðslu nr. 17/1965 og Þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Almenn lýsing, markmið og forsendur

Bændur græða landið er endurbótaverkefni sem hófst 1990. Árið 1994 voru skráðir þátttakendur 370 bændur, 4-500 árið 1997 og 643 árið 2008 en af þeim voru 586 virkir, það er um 25% íslenskra bændur.

Tilgangur verkefnisins er að aðstoða bændur við að endurbæta illa farið land, að stöðva rof og skapa ástand svo landið verði aftur nýtilegt til sjálfbærrar notkunar eða annarar landnýtingar. Til að bændur geti tekið þátt í verkefninu verður landið að vera bert eða næstum gróðursnautt og beitarálag hóflegt. Landgræðsla ríkisins greiðir um 85% af áburðarkostnaði og sér viðkomandi bónda fyrir fræi og starfsmenn heimsækja bændur reglulega til að skoða landið og ræða framfarirnar. Framkvæmdir við endurheimt lands og skynsamlega takmörkun á beit eykur beitarmöguleika svæðisins og framleiðsla verður hagkvæmari, sem er hagstætt fyrir alla þjóðina.

Þátttaka er val viðkomandi og bændur sækja um þátttöku til Landgræðslunnar.

Val á svæðum

Bændur græða landið vinnur um allt Ísland. Allir bændur geta sótt um aðild svo framarlega sem þeir uppfylli skilyrði fyrir þátttöku, það er að viðkomandi landsvæði sé gróðursnautt eða því sem næst og að beit sé hófleg.

Þeir sem njóta styrkja, skilyrði fyrir þátttöku og val

Þeir sem njóta góðs af verkefninu eru fyrst og fremst bændur en einnig landeigendur í dreifbýli. Einu skilyrðin fyrir þátttöku er að landið sé gróðursnautt eða því sem næst og að beitarálag í nágrenninu sé hóflegt. Bújörðin þarf ekki að stunda annan landbúnað né að þar sé búseta allt árið þótt svo sé í langflestum tilvikum.

Nánar um veittan stuðning

Bændur græða landið er samvinna við bændur um fjárútlát. Landgræðslan greiðir um 85% af kostnaði við áburð og útvegar fræ sé nauðsyn á því. Þau 15% sem eftir standa greiðir bóndi sem einnig sér um sáningu, áburðargjöf og flutningskostnað.

Útlagður kostnaður síðastliðin fimm ár

Tafla 15.13: Kostnaður Landgræðslunnar við Bændur græða landið (í milljónum króna)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
28,1	32,1	36,4	39,7	78,1	214,4

Fjármunir í framtíðinni

Fjármunir Landgræðslunnar voru skornir niður um 10% á árinu 2009 og búist er við frekari niðurskurði. Bændur græða landið er hins vegar forgangsverkefni, styrkir hafa ekki verið lækkaðir á árinu þótt líklegt sé að þeir lækki á næstu árum.

Fjöldi þeirra sem njóta og meðalstyrkur á hvern þeirra

Árið 2008 höfðu 643 bændur og landeigendur gert samning við BGL og 587 þeirra voru virkir þátttakendur það ár. Um það bil þriðjungur af fjármunum til BGL voru rekstrarkostnaður og 2/3 til styrkja. Meðalupphæð styrkja árið 2008 var tæplega 87.000 krónur (685 evrur) fyrir áburð og um 8.500 krónur (67 evrur) fyrir fræ, samtals 95.500 krónur (750 evrur).

Stjórn verkefnisins

Bændur græða landið er stjórnað að landverndarsviði Landgræðslunnar. Bændur sækja um að taka þátt til Landgræðslunnar. Landið sem um ræður er skoðað af starfsmönnum Landgræðslunnar. Starfsmennirnir heimsækja býlin reglulega til að leiðbeina bændum og fullvissa sig um að áburðargjöfin og sáningin hafi haft tilætluð áhrifa áður en styrkir eru veittir.

Ráðstafanir ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu

Landgræðslan sér bændum og landeigendum fyrir ráðgjöf og leiðbeiningum þeim að kostnaðarlausu. Auk þess hafa þátttakendur í BGL fullan aðgang að ráðgjöf frá sérfræðingum og rannsakendum sem vinna hjá Landgræðslunni, einnig að kostnaðarlausu.

G. Landbætur

Lagaumbhverfi

Lög um landgræðslu nr. 17/1965 og Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014.

Almenn lýsing, markmið og forsendur

Landbótasjóður var stofnaður af Landgræðslu ríkisins árið 2003. Tilgangurinn var að flytja ábyrgð, frumkvæði og framkvæmd landgræðslu til sveitarfélaga, landeigenda, félaga og óopinberra stofnana með því að veita fjármunum í landgræðslu. Landgræðsluþjónustan veitir ráðgjöf, fjárstuðning og eftirlit með verkefnum. Styrkir geta numið allt að 2/3 kostnaðar.

Val á svæðum

Landbótasjóður sinnir öllu Íslandi. Landeigendur, sveitarfélög, óopinberar stofnanir og aðrir sem vinna að endurheimt lands og landbótum geta sótt um.

Þeir sem njóta sjóðsins, skilyrði og mat á umsóknum

Þeir sem njóta stuðnings eru fyrst og fremst bændur en einnig aðrir landeigendur í dreifbýli. Umsóknir sem eru byggðar á landnýtingu og áætlunum um bætingu lands hafa forgang og einnig verkefni sem beina sjónum einkum að langvarandi jarðvegsverndarverkefnum sem voru samþykkt 2002 í Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014.

Landbótasjóður leggur áherslu á:

- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar
- Endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis
- Að landnýting verði sjálfbær
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi

Undanfarin ár hafa um það bil tveir þriðju hlutar fyrirbyggjandi fjármuna verið notaðir til verkefna sem tengjast landnýtingu í gæðastýringu sauðfjárræktar sem hluta af tengingu við umhverfismarkmið í niðurgreiðslusamningi bænda og Ríkisstjórnarinnar.

Greiddur stuðningur – Uppbæð greidd síðustu fimm ár

Tafla 15.14: Framlög Landgræðslunnar í Landbótasjóð (í milljónum króna)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
5.6	16.4	19.5	26.8	30.8	99.1

Fyrirsjáanlegt fjármagn

Fjárframlög til Landgræðslunnar voru skorin niður um 10% árið 2009 og búist er við frekari niðurskurði. Allar líkur eru á að Landbótasjóður verði minnkaður á næstu árum.

Fjöldi þátttakenda og meðalstyrkur

Árið 2008 veitti Landbótasjóður 60 styrki til bænda og landeigenda. Um það bil 10% af heildarfjármunum sjóðsins fara í kostnað og um 90% í styrki. Meðalstyrkur árið 2008 var rúmlega 430.000 krónur (3,410 evrur).

Stjórnun

Í stjórn Landbótasjóðs sitja tveir fulltrúar frá Landgræðslunni og einn frá Bændasamtökunum. Stjórnin leggur skýrslur fyrir landgræðslustjóra sem tekur lokaákvörðun. Land sem sótt er um styrki til er skoðað af starfsmönnum Landgræðslunnar. Starfsmenn heimsækja svæðin reglulega til að leiðbeina styrkþegum og til að tryggja að framkvæmd verkefnanna hafi verið fullnægjandi áður en styrkir eru greiddir.

Framkvæmd ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu

Landgræðslan veitir bændum og landeigendum leiðbeiningar og ráðgjöf þeim að kostnaðarlausu. Auk þess hafa styrkþegar Landbótasjóðs fullan aðgang að ráðgjöf frá sérfræðingum og rannsakendum sem vinna hjá Landgræðslunni, einnig að kostnaðarlausu.

H. Varnir gegn landbroti

Lagagrundvöllur

Lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

Almenn lýsing, markmið og forsendur

Verkefni um Varnir gegn landbroti er innan Landgræðslunnar og er ætlað að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum af völdum fallvatna. Meðal

aðgerða er ýmis konar varnir við árbakka svo sem grjót- eða malarfyllingar, varnargarðar og aðrar varnaraðgerðir sem stjórna rennsli áa eða árfarvegum til að lágmarka landbrot.

Val á verkefnum

Verkefnið Varnir gegn landbroti nær til alls landsins. Allir landeigendur geta sótt til þess en litið er fyrst á umsóknir sem snúast um ræktað land, beitiland, byggingar og mannvirki eða gróið land sem er í hættu.

Þeir sem njóta sjóðsins, skilyrði og mat á umsóknum

Þeir sem njóta sjóðsins eru fyrst og fremst bændur og aðrir landeigendur en einnig almenningur. Landgræðslan stjórnar vörnum gegn landbroti og skemmdum á mannvirkjum, en hins vegar stjórna aðrar stofnanir svo sem Vegagerðin vörnum við rofi við vegi og önnur vegamannvirki og Siglingastofnun við hafnir og önnur siglingamannvirki.

Landeigendur geta sótt um styrki ef þeir telja að hætta sé á hugsanlegu eða raunverulegu landbroti. Landgræðslan stjórnar framkvæmdum á fyrirbyggjandi aðgerðum og hefur endanlega ábyrgð á öllum framkvæmdum. Vinnan er ýmist framkvæmd af starfsmönnum Landgræðslunnar eða með útboði við stærri verkefni. Í smærri verkefnum fá landeigandur beinan styrk og sjá sjálfir um framkvæmd. Styrkir eru veittir jafnt til allra landshluta samkvæmt tillögum Landgræðslunnar.

Nánari útlistanir á veitingu styrkja

Varnir gegn landbroti er fyrst og fremst fjármagnað af ríkinu en í sumum tilvikum getur verið um að ræða samvinnuverkefni með landeigendum. Landgræðslan metur í hverju tilviki kostnað verkefnisins, ákveður hvaða aðgerðir eru heppilegar til varnar og metur árangur. Þegar öllum skilyrðum hefur verið fullnægt er styrkur greiddur eins og áður var ákveðið. Á hverju ári eru aðeins fáeinir umsóknir samþykktar vegna takmarkaðra fjármuna.

Heildarupphæð síðustu fimm ár

Tafla 15.15: Fjárframlög ríkisins til Varna gegn landbroti (í milljónum króna) (Fjármunir verkefnisins eru hluti af heildargreiðslum til Landgræðslunnar)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
63.0	51.7	30.7	72.5	95.3	313.2

Fyrirsjáanlegir fjármunir í framtíðinni

Fjárframlög til Landgræðslunnar voru skorin niður um 10% árið 2009 og búist er við frekari niðurskurði. Allar líkur eru á að fjármunir Varna gegn landbroti verði minnkaðir á næstu árum.

Fjöldi þátttakenda og meðalstyrkur

Árið 2006 voru 68 verkefni í gangi og af þeim er 53 lokið. Um það bil 10% af heildarfjármunum til verkefnisins fara í kostnað við verkefnið og um 90% í framlög. Meðalframlag árið 2008 var um það bil 1,261,000 krónur (9,926 evrur).

Stjórnun

Vörnum gegn landbroti er stjórnað af landverndarsviði Landgræðslunnar. Landeigendur sækja um styrki til Landgræðslunnar.

Framkvæmd ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu

Ráðgjafa- og leiðbeiningaþjónusta er ekki fyrir hendi.

I. Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins var stofnuð samkvæmt Skógræktar og landgræðslulögum frá 1907. Hún er ríkisstofnun og heyrir undir Umhverfisstofnun. Markmiðin eru sett fram í Lögum um skógrækt og er stofnuninni falið að sjá um verndun skóga og skógarleifa, rækta nýja skóga þar sem það á við og vera ráðgefandi um skóga og skógrækt. Skógrækt ríkisins stjórnar skógum í ríkiseign, sinnir skógfræðirannsóknum og veitir leiðbeininga- og ráðgjafaþjónustu.

Lagalegur grundvöllur

Lög um skógrækt nr. 3/1955.

Val á verkefnum

Skógrækt ríkisins stjórnar skógum í ríkiseign um allt landið.

Þeir sem njóta stofnunarinnar, skilyrði og matskröfur

Þeir sem njóta starfa Skógræktar ríkisins eru 1) almenningur, 2) fólk sem starfar að ræktun skóga og 3) fyrirtæki sem tengjast skógrækt (skógplöntuframleiðendur, verktakar, timburvinnsluðnaður). Þjóðskógar eru staðsettir í dreifbýli og til starfa er ráðið fólk og verktakar af svæðinu.

Nánari útlístan á veittum stuðningi

Skógrækt ríkisins veitir ekki lengur fjárhagslegan stuðnings til einstaklinga eða fyrirtækja. Sá stuðningur sem er veittur er í formi þróunar innan skógræktarinnar og ráðgjöf.

Upphæð sem eytt hefur verið undanfarin fimm ár

Tafla 15.16: Fjárframlög til Skógræktar ríkisins (í milljónum króna)

	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Heildarfjármunir Skógræktar ríkisins (ríkisframlög+tekjur)	489.2	474.9	490.5	489.4	571.7	2,515.7

Rannsóknarfé (hluti af heildartekjum)	118.9	111.7	108.9	101.1	109.6	550.2
Fé til þjóðskóga (hluti af heildartekjum)	250.5	235.4	247.1	273.3	299.5	1,305.8
Tekjur Skógræktar ríkisins af sölu varnings úr skógunum	59.5	65.6	68.7	80.1	83.4	357.3

Fyrirsjáanlegir fjármunir í framtíðinni

Fjárframlög til Skógræktar ríkisins voru skorin niður um 10% árið 2009 og búist er við frekari niðurskurði. Niðurskurðurinn mun hafa áhrif á rannsóknir og mun einnig hafa áhrif á svæði, svo sem vegna útivistar og áætlanagerðar. Aukin sala á skógarvörum mun koma sér vel fyrir verktaka og fyrirtæki sem nota timbur í framleiðslu sína, en mun bæta litlu við tekjur Skógræktarinnar þar eð kostnaður við grísjun kostar svipað og tekjur af timbursölu.

Fjöldi þeirra sem njóta og meðalstuðningur á hvern aðila

Upplýsingar um fjölda þeirra sem njóta og meðalstuðning á hvern aðila liggur ekki fyrir.

Stjórnun

Skógrækt ríkisins er undir stjórn skógræktarstjóra sem samkvæmt lögum verður að hafa háskólamenntun í skógfræði. Beinn yfirmaður/kona hans er Umhverfissráðherra. Skógrækt ríkisins skiptist í þrjár deildir: Þjóðskóga, Rannsóknardeild, og Fjárhagsdeild. Yfirmenn þessara deilda heyra beint undir Skógræktarstjóra.

Fyrirkomulag ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu

Ráðgjafa- og leiðbeiningaþjónusta er ekki fyrir hendi

J. Landshlutaverkefni í skógræktar

Frá því að Héraðsskógar voru settir á stofn árið 1991 hafa verið stofnuð fimm landshlutaverkefni í skógræktar sem ná yfir allt Ísland. Verkefnin eru fjármögnuð hvert fyrir sig með beinum fjárframlögum og heyra beint undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Tilgangur þeirra er að stjórna stuðningsáætlun ríkisins við nýskógrækt á bújörðum, hvert verkefni í sínum landshluta. Opinber markmið verkefnanna samkvæmt lögum um landshlutabundna skógrækt er að skapa skógarauðlind með því að rækta fjölnota skóga og skjólbelti til að styðja við dreifðar byggðir og skapa atvinnutækifæri. Stuðningurinn við dreifbýlið og auknir starfsmöguleikar eru bæði hugsuð til skamms tíma (fjárveitingarnar sjálfar styðja við atvinnu í sveitasamfélögum) og til lengri tíma (þegar skógarauðlindin verða uppspretta starfa og leiðir til dreifbýlisþróunar með fjölbreyttari landnýtingu). Önnur áhrif, svo sem kolefnisbinding og aukin líffræðileg fjölbreytni, eru álitin aukageta en ekki meginmarkmið. Takmarkið er að græða með skógi í það minnsta 5% lands undir 400 metra undir sjó í öllum landshlutum. Sem stendur er skógrækt á bújörðum aðalvettvangur skógræktar á Íslandi eða um 80% allrar plöntunnar.

Lagagrundvöllur

Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006.

Val á verkefnum

Landshlutaverkefnin fimm ná yfir allt dreifbýli á Íslandi. Á hverju svæði hafa myndast ákveðnir kjarnar þar sem aðstæður til skógræktar eru góðar og fjöldi býla tekur þátt. Skógrækt á þessum svæðum er studd af sérfræðipækkingu en er ekki bundin í lögum og nýtur ekki meiri stuðnings.

Þeir sem njóta stofnunarinnar, skilyrði og matskröfur

Verkefnin nýtast fyrst og fremst bændum en einnig plöntuframleiðendum og verktökum í dreifbýli. Eina ófrávikjanlega skilyrðið er að landið sem á að rækta skógi sé hluti af skráðu lögbýli. Á býlinu þarf ekki að vera stundaður annar búskapur né heldur þarf þar að vera búseta allt árið þótt svo sé í flestum tilvikum. Náttúruverndarsvæði og sérstakar landgerðir (votlendi og eldbrunnin svæði) eru venjulega utan skógræktar og þarf þá annað hvort forkönnun eða fullkomið umhverfismat (ef landeigandi vill halda áfram). Skógrækt á stærra svæði en 200 hektörum er háð undirbúningsmati og gæti þurft allsherjar umhverfismat.

Aðstæður eru mjög misjafnar og takmarka því möguleika til skógræktar. Á þessu er tekið með áætlanagerð (um hvert býli er gerð áætlun þar sem tekið er fram hvert markmiðið er, val á tegundum og ræktunaraðferðum). Enn hefur engum umsækjanda verið hafnað á þeirri forsendu að bújörðin sé óhæf til skógræktar þar eð jafnvel erfiðustu svæði geta borið skjólbelti og lágvaxinn skógargróður til að hefta jarðvegsrof.

Þátttakendur undirrita 40 ára samning um skógrækt á landi sínu, samningurinn er þinglýstur og heldur gildi sínu þótt jörðin skipti um eigendur. Samkvæmt samningnum verður eigandi skógarins að halda skóginum við og fylgja leiðbeiningum landshlutaverkefnisins. Jarðeigandinn má ekki fjarlægja skóginn í heild eða að hluta nema endurgreiða styrkinn. Að 40 árunum liðnum verður skógurinn alfarið á ábyrgð eigandans og fellur þá undir almenn ákvæði laga um skóga.

Lýsing á stuðningi

Landshlutaverkefnin í skógrækt eru að öllu leyti fjármögnuð af ríkinu. Styrkirnir greiða 97% af kostnaði við að koma upp skóginum á hverri jörð fyrir sig. Þar á meðal er girðingakostnaður og viðhald girðinga, undirbúningur jarðnæðis, skógarplöntur og flutningur þeirra, plöntun, áburður og áburðargjöf, og fyrsta grisjun. Skógareigandinn leggur fram 3% af kostnaði sem vanalega er í formi vinnuframlags (þessi 3% eru til dæmis dregin frá greiðslum fyrir plöntun). Engar frekari greiðslur fara fram svo sem bætur fyrir land eða framleiðslutap.

Í viðbót við styrkinn fær jarðeigandinn áætlun sem landshlutaverkefnið gerir í samráði við eigandann sem hefur fullan aðgang að leiðbeiningum frá skógfræðingum sem starfa fyrir viðkomandi verkefni.

Landshlutaverkefnin skipuleggja ræktun á skógarplöntum og kaupa áburð með útboði á þeirri forsendu að við það fáið lægra verð en býðst einstaka skógareigendum. Fyrir bragðið hefur

eigandinn ekki frelsi til kaupa plöntur eða áburð þar sem hann kys. Upphæðir fyrir girðingar, jarðrækt, plöntun og fleira eru einnig ákveðnar af verkefnunum í samráði við Félög skógarbænda.

Upphæðir greiddar síðastliðin fimm ár

Tafla 15.17: Ríkisframlög til Landshlutaverkefna í skógrækt (í milljónum króna)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
435.9	482.2	489.8	514.9	520.9	2.443.7

Fyrirsjáanlegir fjármunir í framtíðinni

Framlög til Landshlutaverkefna í skógrækt voru skorin niður um 15% árið 2009 og verða sennilega lækkuð enn meira á árinu 2010. Ef ná á því markmiði að klæða 5% láglendis á ásættanlegum tíma verður stuðningurinn á hinn bóginn að aukast.

Deir sem njóta verkefnanna, skilyrði og matskerfjúr

Samningar Landshlutaverkefna í skógrækt ná nú til nærri 800 jarða og af þeim er unnið að um það bil 700 á hverju ári. Um það bil 20% fjármuna hvers verkefnis fara í rekstur og 80% í styrki. Meðalfjármunir til hvers jarðar er tæplega 600,000 krónur eða um 3,300 evrur.

Stjórnun verkefnisins

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar stjórn hvers landshlutaverkefnis og er einn tilnefndur af Félagi skógarbænda, einn af Skógrækt ríkisins og formaður skipaður án tilnefningar. Með fáeinum undantekningum eru allir stjórnarmenn af viðkomandi svæði. Hver stjórn fyrir sig heyrir beint undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Stjórnirnar ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Innan hvers verkefnis starfa 2-5 starfsmenn og eru flestir menntaðir í skógræði. Hver stjórn hefur frelsi til að setja sér markmið og ákveða áhersluatriði innan þess sem Lögin um landshlutaverkefni í skógrækt leyfa. Fyrir bragðið er dálítill áherslumunur á milli verkefnanna, hjá sumum er lögð áhersla á ræktun skjólbelta, önnur leggja áherslu á timburframleiðslu og þar fram eftir götunum, allt eftir þörfum og möguleikum á hverju svæði fyrir sig.

Fyrirkomulag ráðgjafa- og leiðbeiningaþjónustu

Hjá sérhverju landshlutaverkefni starfar að minnsta kosti einn háskólamenntaður skógræðingur sem sér um leiðbeiningar- og ráðgjafaþjónustu skógareigendum að kostnaðarlausu. Auk þess hafa verkefnin og hver og einn skógareigandi fullan aðgang að sérfræðingum Skógræktar ríkisins, einnig án kostnaðar. Öll verkefnin mæla með því að skógarbændur taki þátt í símenntun í námsáætlun sem nefnd er Grænni skógar, sem samanstendur af námskeiðum sem Landbúnaðarháskólinn býður upp á í samstarfi við Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna og Landshlutaverkefni í skógrækt.

K. Landgræðsluskógaverkefni

Landgræðsluskógar voru stofnaðir 1990 þegar Skógrækt ríkisins notaði framlög frá einkafyrirtækjum til að senda eina milljón skógarplantna til skógræktarfélaga og skyldu þeim plantað á spillt eða uppblásið land. Verkefnið var afar árangursríkt og var það endurtekið 1991. Fjárframlög frá fyrirtækjum hættu árið eftir en þá tóku Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins við og studdu verkefnið með því að gefa skógarplöntur og flutning. Þessi stuðningur hefur síðan þróast hægt og rólega fram á þennan dag.

Stuðningur ríkisins er nú í formi fjárframlaga sem greidd eru til Skógræktarfélags Íslands. Félagið kaupir plöntur og dreifir þeim til skógræktarfélaga og annara. Megintilgangurinn er að klæða illa farið eða uppblásið land til að endurheimta jarðveg og gróðurauðlindir. Auk þess er hugsað til þess að þeir skógar sem þannig verða til verði opnir almenningi til útivistar og í einhverjum tilvikum auki líffræðilega fjölbreytni. Timburframleiðsla er ekki yfirlýst markmið Landgræðsluskóga.

Lagalegur grundvöllur

Lagalegur grundvöllur er ekki fyrir hendi. Stuðningur ríkisins við Landgræðsluskóga er byggður á samningi milli Umhverfissráðuneytisins og Skógræktarfélags Íslands. Samningurinn hefur verið túlkaður á tvo vegu: 1) Ríkisstjórnin styður Landgræðsluskóga með því að greiða árlega framlag til Skógræktarfélagsins, eða 2) Ríkisstjórnin kaupir þjónustu Skógræktarfélagsins til að reka Landgræðsluskógaverkefnið. Fyrri skýringin er sennilega réttari.

Forsendur vals á svæðum

Eina skilyrðið er að landið sé illa farið eða jarðvegssnautt. Enginn skortur er á slíku landi á Íslandi. Fyrir hvert svæði sem plöntur eru lagðar til í gegnum Landgræðsluskóga er gerður 50 ára samningur milli Skógræktarfélagsins og landeiganda, aðallega til að tryggja að svæðið verði varið fyrir beit þennan tíma og að svæðið sé opið fyrir almenning.

Þeir sem njóta stofnunarinnar, skilyrði og matskröfur

Til greina kemur allt land sem er illa farið eða jarðvegssnautt án tillits til eignarhalds eða staðsetningar. Þeir sem njóta eru fyrst og fremst skógræktarfélög, aðrir landeigendur og almenningur í þorpum og bæjum um allt Ísland. Fyrst og fremst njóta skógræktarfélög í þorpum og bæjum stuðningsins vegna þess hvernig Landgræðsluskógar urðu til. Félögin hafa víða auðveldað samninga um land milli Skógræktarfélagsins og viðkomandi sveitarfélaga. Fyrir bragðið eru margir Landgræðsluskógar staðsettir á landi sveitarfélaga, nálægt þorpum og bæjum. Önnur svæði eru á landi í einkaeign. Stuðningur er óháður eign á landi, þ.e. landeigandinn tryggir að landið sé varið fyrir beit og opið almenningi.

Útlistun á stuðningi

Engin stuðningur er greiddur í peningum. Skógræktarfélagið sér hverju skógræktarsvæði fyrir skógarplöntum og flutningi á þeim þangað, eða í einhverjum tilvikum á dreifingarstöðvar.

Skógræktarfélög, sveitarfélög eða landeigendur sjá um og útvega vinnuafli til að planta. Á svæðum í næsta nágrenni við bæ eða þorp er plöntunin oft í höndum unglinga í vinnu hjá sveitarfélögum og sjálfboðaliða úr hópi meðlima skógræktarfélaganna. Hluti þeirra sem njóta stuðningsins af heildarkostnaði við skógræktina er talinn um 50%.

Skógræktarfélag Íslands býður út framleiðslu og flutning á skógarplöntum. Það skipuleggur einnig dreifingu (hve margar plöntur hver aðili fær) og fylgist með útkomunni.

Upphæðir greiddar síðastliðin fimm ár

Tafla 15.18: Ríkisframlög til Landgræðsluskóga (í milljónum króna)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
26.0	28.0	28.6	34.6	35.6	152.8

Fyrirsjáanlegir fjármunir í framtíðinni

Nýr fimm ára samningur milli Umhverfissráðuneytisins og Skógræktarfélagsins tók gildi 2009 og er gert ráð fyrir svipuðum stuðningi ríkisins og var 2008 til ársins 2013. En vegna hins óvissa efnahagsástands er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það sé öruggt

Fjöldi þeirra sem njóta og meðalstuðningur á hvern aðila

Um það bil 120 svæði eru samningsbundin Skógræktarfélaginu og af þeim eru um 90 virk á hverju ári. Árið 2008 fóru 2.5 milljónir króna í stjórnunarkostnað en 22.5 milljónir í kaup á plöntum og flutning þeirra. Þetta þýðir að meðalstuðningur var um 250,000 á hvern aðila eða um 1400 evrur. Gert er ráð fyrir að stjórnun komi til með að vera áfram um 10% af fjármuninum og stuðningur í formi plantna og flutningsgjalda 90%.

Stjórnun

Skógræktarfélag Íslands eru óháð heildarsamtök 60 staðbundinna skógræktarféлага um allt Ísland. Starfsmenn Skógræktarfélagsins stjórna Landgræðsluskógum og heyra undir stjórn Skógræktarfélags Íslands (kosin á aðalfundum) sem aftur heyrir undir Umhverfissráðuneytið hvað varðar þeirra hluta af kostnaði við verkefnið. Einnig starfar ráðgjafanefnd að Landgræðsluskógaverkefninu en í henni sitja einn fulltrúi frá Umhverfissráðuneytinu, einn frá Skógrækt ríkisins, einn frá Landgræðslunni og tveir frá Skógræktarfélagi Íslands.

Fyrirkomulag ráðgjafa- og leiðbeiningaþjónustu

Hjá Skógræktarfélagi Íslands starfa skógfræðingar sem sinna ráðgjafaþjónustu við þátttakendur í Landgræðsluskógaverkefninu. Þátttakendur hafa einnig fullan aðgang að sérfræðingum Skógræktar ríkisins.

L. Hekluskógar

Hekluskógaverkefnið er samvinnuverkefni Landgræðslu Íslands og Skógræktar ríkisins með stuðningi Umhverfissráðuneytisins. Lögð er áhersla á verndaráhrif skóga. Verkefnið var sett á stofn 2006 og er tilgangurinn að klæða skógi um það bil 90,000 hektara lands á beltinu norðan, vestan og sunnan Heklu. Mestallt þetta land er auðn eða lítt gróið og á það fellur oft gosaska sem vindur blæs um svæðið. Megintilgangurinn er að binda öskuna í skógum eða trjágróðri og koma í veg fyrir að vindur blási henni fram og til baka um svæðið. Þessi öskurenningur á mestan þátt í þeim skaða sem verður á gróðri í nágrenninu. Einnig er horft til þess að endurheimta þá náttúrulegu birkiskóga sem uxu áður fyrr á stórum hluta svæðisins. Auk þess mun verkefnið ýta undir líffræðilegan fjölbreyttleika og binda kolefni.

Lagagrundvöllur

Lagagrundvöllur er ekki fyrir hendi. Hekluskógaverkefnið er byggt á samningi milli Umhverfissráðuneytisins annars vegar og Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins hins vegar. Í samningnum er gert ráð fyrir árlegu 50 milljón króna framlagi frá ríkinu og sambærilegum framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Forsendur vals á svæðum

Hekluskógaverkefnið er bundið við 90,000 hektara svæði norðan, vestan og sunnan við Heklu. Stærsti hluti svæðisins er í eign og í umsjá annað hvort Landgræðslunnar eða Skógræktar ríkisins. Að öðru leyti er landið í umsjá sveitarfélaga, skógræktarfélaga eða í einkaeign. Innan svæðisins eru nokkrar bújarðir.

Þeir sem njóta stofnunarinnar, skilyrði og matskröfur

Þeir sem beinlínis njóta góðs af verkefninu eru landeigendur og stjórnendur lands innan Hekluskógasvæðisins. Óbeint munu nálæg dreifbýli njóta góðs af og þurfa minna að fást við ösku sem blæs um land þeirra þegar beltum af trjágróðri hefur verið komið upp. Allir landeigendur innan svæðisins geta tekið þátt og flestir gera það nú þegar.

Útlistun á veittum stuðningi

Engir styrkir eru greiddir í peningum. Hekluskógar greiða fyrir breytilegan hluta vinnu sem framkvæmd er af Landgræðslunni eða Skógrækt ríkisins með greiðslum fyrir skógarplöntur, fræ og áburð. Hvatt er til sjálfbodaliðastarfs þar sem sjálfbodaliðum er úthlutað land (til að vinna við – ekki til eignar) og þeim fengnar plöntur og áburður.

Nokkur fjárframlög fengust 2007 til Hekluskóga frá fyrirtækjum en þær tekjur hafa horfið við hrun fjármálakerfisins.

Upphæðir greiddar síðastliðin fimm ár

Tafla 15.19: Ríkisstuðningur við Hekluskóga (í milljónum króna)

2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
0,0	0,0	14,0	14,0	50,0	78,0

Fyrirsjáanlegir fjármunir í framtíðinni

Fjármunir til Hekluskóga voru skornir niður um 50% árið 2009 og búist er við frekari niðurskurði.

Fjöldi þeirra sem njóta og meðalstuðningur á hvern aðila

Á ekki við (ekki er um að ræða styrkjakerfi þótt bæði bændur innan Hekluskógasvæðisins og sjálfbóðaliðar fái plöntur).

Stjórnun

Í stjórn Hekluskóga sitja einn fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins, annar frá Skógrækt ríkisins og formaður sem er skipaður af Umhverfisstjórnun. Stjórnin skipar verkefnisstjóra sem stjórnar verkefninu í samræmi við langtíma áætlun.

Fyrirkomulag ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónustu

Ráðgjafar- og leiðbeiningaþjónusta er ekki fyrir hendi.

M. Hlúð að veiði í ám og vötnum

Veiðimálastofnun vinnur samkvæmt Lögum um Veiðimálastofnun nr. 59/2006 og hefur ennfremur hlutverk varðandi lax- og silungsveiði samkvæmt sömu lögum. Stofnunin var upphaflega stofnuð 1947 og þá með breiðara verkswið, en frá 1997 er hlutverk hennar aðeins tengt rannsóknum og þróun. Hún heyrir undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Hjá Veiðimálastofnun starfa um það bil 20 manns. Aðalskrifstofan er í Reykjavík en fjórar deildir eru starfræktar á dreifbýlissvæðum.

Ein og fram kemur í lögunum er hlutverk Veiðimálastofnunar að:

- Framkvæma rannsóknir á lífríki ferskvatns og miðla upplýsingum um það
- Hvetja til sjálfbærra veiða í ferskvatni
- Treysta vísindalegan grunn um sjálfbærar veiðar
- Kanna hvernig nýta megi lífríki ferskvatns með lágmarks áhrifum á náttúruna og villta fiska
- Vera ráðgefandi varðandi byggingaverkefni
- Framkvæma rannsóknir til að hlúa að ferskvatnsvistkerfum og veiðum
- Stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns

- Veita ríkisstjórninni ráðgjöf og sinna öðrum verkefnum sem Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra felur henni

Réttindi til veiða í ferskvatni eru tengd aðliggjandi landi. Landeigendur eru venjulega bændur. Veiðum er stjórnað af veiðifélögum sem samkvæmt lögum verður að stofna við hverja á og hvert vatn. Fiskistofa hefur eftirlit með stjórnun til að viðhalda hámarks nýtingu. Veiðiréttindi eru venjulega leigð á opnum markaði í eitt eða fleiri ár (samkvæmt lögum aldrei meira en tíu ár). Síðan eru stök veiðileyfi seld leigutaka.

Veiðar á laxi og silungi eru efnahagslega mikilvægar fyrir dreifbýlið og mikilvægt er að þær séu sjálfbærar. Það er gert með nákvæmu skýrsluhaldi og eftirliti rannsóknaráætlana. Ennfremur er mikilvægt að hlúa að veiðum á svæðum þar sem veiði er lítil eða engin; reyndar er aðeins lítill hluti hugsanlegrar bleikju- og urriðaveiði nýttur. Veiðimálastofnun hefur áætlað að tekjur af veiðum innanlands megi tvöfalda án þess að skaða fiskistofna. Veiðimálastofnun hefur hrint af stað sérstakri áætlun til að svo megi verða.

Þessi áætlun, *aukning urriða- og bleikjuveiða*, hófst á þessu ári og er vinnan fjölbreytt. Nefna má aðstoð við bændur til að stofna veiðifélög um ár og vötn, rannsaka stærð og arfgerð til að áætla veiðimöguleika og hvernig megi nýta stofnana, markaðssetningu og tækifæri til veiða, betrubætur á aðstöðu til veiða (byggingar og bætur á vegum og gistirými), að tengja veiðar og gistingu, að tengja veiðar og aðra afþreyingu fyrir ferðamenn, frekari betrubætur á veiðum o.s.frv. Í upphafi verður lögð áhersla á svæði þar sem möguleikar á árangri eru miklir.

Ennfremur er mikilvægt að hlúa að þeirri veiði sem þegar er fyrir hendi, til dæmis með sleppingu á seiðum, en jafnframt verður að taka tillit til verndunar villtra fiskistofna og að viðhalda líffræðilegum fjölbreyttleika og erfðafræðilegum auðlindum. Stærstur hluti ferskvatnsveiða er afþreying og því mikilvægur hluti af ferðaþjónustu viðkomandi svæða. Veiðarnar gera sitt til að ná fram efnahagslegri fjölbreytni í dreifbýlinu með því að draga að því fjármuni úr þéttbýli og frá öðrum löndum.

Heildartekjur/útgjöld stofnunarinnar eru áætluð um 200 milljónir króna á þessu ári sem er dálítill hækkun frá fyrri árum. Um það bil 50% tekna Veiðimálastofnunar kemur frá aðilum utan ríkisins, þ.e. frá orkufyrirtækjum, veiðifélögum, sveitarfélögum, rannsóknarstyrkjum og fleiri atriðum.

Tafla 15.20: Framlög úr ríkissjóði til að styðja við aukna ferskvatnsveiði (í þúsundum króna)

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
61.125	59.241	75.368	73.623	87.907	121.074	107.196	73.725	80.338

N. Verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Búnaðarlögin nr. 70/1998 og Lög um innflutning dýra nr. 54/1990, svo og Reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðauðlinda í landbúnaði mynda lagagrundvöllin fyrir varðveislu innlendra stofna af mjólkurkúm, geitum, hrossum og sauðfé. Þessir innlendu stofnar sem allir eru af norrænu kyni eru ákaflega mikilvægir hvað varðar landbúnaðarframleiðsluna, nema

geitastofninn sem er í útrýmingarhættu. Ísland er sjálfu sér nægt með allar búfjárafurðir (kjöt, mjólk og egg). Mikið af þessari framleiðslu byggir á innlendu stofnunum sem þekktir eru fyrir erfðafræðilega fjölbreytni, en það eru séríslenskar stofnar mjólkurkúa (öll mjólk og mikið af nautgripakjöti), íslensku sauðkindarinnar (allt kindakjöt og ull og skinn), íslenska hestsins (öll reiðmennska og jafnframt hrossakjöt) og íslenski geitastofninn (aðallega kjöt). Einnig er til lítill stofn af íslenskum hænum sem þó er ekki fjárhagslega mikilvægur. Vegna landfræðilegrar einangrunar Íslands og langvarandi opinberrar stefnu um stranga stjórn á innflutningi, ásamt miklum stuðningi við innlenda búféð, bæði frá bændasamfélaginu og almenningi, hafa íslensku stofnarnir, að geitum frátöldum, verið verndaðir og aldir í miklum fjölda með nútíma aðferðum.

Ísland er því í einstakri stöðu hvað varðar verndun erfðafræðilegrar auðlindar og einnig líffræðilegs fjölbreyttleika, til dæmis í samanburði við önnur Norðurlönd þar sem flest skyld búfjárkyn eru útdauð, eru í útrýmingarhættu eða varðveitt í litlu magni. Sem dæmi má nefna að núverandi fjöldi íslensku stuttrófu sauðkindarinnar, næstum 500,000 fjár, er um 50% af öllum 34 kynjum stuttrófu evrópska sauðfjárins sem skráð hafa verið í heiminum. Því er verndun með nýtingu grundvöllur að því að viðhalda miklum líffræðilegum fjölbreyttleika þessara kynja og um leið að styrkja matvælaöflun, mestmegnis með því að nýta íslenskar auðlindir svo sem graslendi og fóðurjurtir.

V. STEFNA Í GÆÐASTÝRINGU

16. Vinsamlega gefið til kynna hvort fyrir hendi er skýr innlend stefna með viðeigandi stjórnækjum varðandi viðurkenningu og verndun merkinga á landbúnaðarvöru og matvæli, þar sem gefnar eru til kynna landfræðilegar tilvísanir og hefðbundnar nafngiftir. Ef svo er, lýsið þeim stjórnækjum sem varða skráningu og vernd.

Ekki er fyrir hendi nein innlend stefna um viðurkenningu eða vernd merkinga um uppruna eða hefðbundin nöfn í landbúnaðarframleiðslu. Ákveðnar ráðstafanir af svipuðu tagi eru þó til.

17. Vinsamlegast lýsið nákvæmlega öðrum gæðastýringarkerfum sem eru fyrir hendi varðandi uppruna eða önnur gæðaeinkenni.

Ákveðnar ráðstafanir varðandi gæði búvöru hafa verið grundvallaðar á Lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993. Bein tenging milli stuðnings við sauðfjárbændur og verndunarsjónarmiða er hins vegar að miklu leyti ekki til. Undanfarin ár hefur verið vaxandi áhugi á að auka gæðin og einnig að merkja uppruna búvara. Þetta hefur ennfremur leitt til aukinnar sölu beint frá býlum á heimaframleiddum matvælum, bæði dýraafurðum og grænmeti, og þá tengt ákveðnum svæðum og vörutegundum. Stöðugt er lögð meiri og meiri áhersla á gæði og sérkenni svo sem vegna vörunnar sjálfrar eða aðferða við vinnslu. Í sumum tilvikum er þetta tengt ákveðnum kynjum búfjár í tengslum við varðveislu þeirra.

Heildsalar og smásalar grænmetis búa við lögskipaðar skyldur um að taka fram í merkingum í hvaða landi varan er upprunnin.

Ein af reglugerðum sem settar eru á grundvelli Laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993, með síðari breytingum, er Reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu með síðari breytingum, nr. 246/1999 og 15/2000. Þessi reglugerð kom í stað annarar frá 1996 um hlutfallslega gæðastýringu landbúnaðarframleiðslu. Meginhluti Reglugerðar nr. 504/1998 fjallar um viðhorf til umhverfismála, dýraverndunar og gæðamála, þar á meðal um fullan rekjanleika afurða, vinnslu og markaðskeðju. Þar með fengu þeir framleiðendur sem fullnægja kröfum reglugerðarinnar og eru skráðir hjá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, rétt til að nota merkingu sem er tiltekin í reglugerðinni. Þær afurðir sem þar er átt við eru: kindakjöt, hrossakjöt, egg og kjöt frá lausagöngu hænum, fiskeldisafurðir og allt grænmeti sem ræktað er úti eða í gróðurhúsum. Raunin er sú að þær vörur sem helst eru merktar samkvæmt þessu eru: Grænmeti, aðallega agúrkur og kartöflur, og egg sem eru nú mest áberandi á markaðnum, þar á meðal svokölluð brún egg. Engin þeirra vara sem merktar eru samkvæmt þessari reglugerð er flutt út.

Lögð skal áhersla á að þessar vörur eru framleiddar, unnar og markaðssettar innan gæðastýringar í hefðbundnum landbúnaði en eru ekki vottaðar lífrænar vörur.

Allt frá því undir lok 19. aldar hefur verið virk löggjöf í landinu um skráningu og eftirlit með fóðurbirgðum (aðallega heyi og votheyi) og dýravernd á hverju búi um allt land. Núgildandi löggjöf er byggð á Lögum um búfjárhald nr. 103/2002 og Reglugerð um búfjárhald nr. 742/2002 með breytingum nr. 231/2003. Í sumum tilvikum er vísað til reglugerða sem tengjast Lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 með síðari breytingum. Þetta landskerfi sem frá 2006 hefur verið undir stjórn Matvælastofnunar er byggt á árlegu skýrsluhaldi og eftirliti með öllum tegundum vetrarfóðraðra gripa og heimsóknum 50 svæðiseftirlitsmanna til allra eigenda búfjár á hverju vori. Bændasamtökin bera ábyrgð á þjálfun þeirra, launum og ferðakostnaði sem greidd eru af yfirvöldum hvers svæðis. Einnig eru nokkrar reglugerðir undir áðurnefndum Lögum nr. 103/2002 sem allir eigendur búfjár verða að fara eftir. Má þar nefna Reglugerðir um aðbúnað nautgripa nr. 438/2002, um sauðfé og geitur nr. 60/2000, um svín nr. 219/1991, um alifugla nr. 251/1995 með síðari breytingum, um refi og minka á loðdýrabúum og kanínurækt nr. 557/1998. Þetta kerfi snýst um mikil gæði og dýravernd og er einn af máttarstólpum sjálfbærrar framleiðslu dýraafurða á Íslandi.

VI. LÍFRÆNN BÚSKAPUR

18. Vinsamlega leggið fram upplýsingar um þær áætlanir sem fyrir hendi eru og aðgerðir til að stjórna og hafa eftirlit með þeim, þar á meðal:

- Lagalegan grundvöll (nafn og númer viðeigandi laga);
- Tilgang og almenna lýsingu á löggjöfinni;
- Hvort hún er nærri ESB löggjöf eða ekki;
- Nákvæm lýsing á stuðningi;

- **Lýsing á stjórnunar- og eftirlitsþáttum (þar með auðlindum, mannlegum og fjárhagslegum þáttum, innri byggingu, og ef hægt er stjórnarfarslegt skipurit).**

